# Ársskýrsla 2022

isavia



# Efnisyfirlit

## Inngangur


Inngangsorð forstjóra 3

Ávarp stjórnarformanns 4

Árið 2022 5

Lykiltölur 6

Helstu fréttir ársins 2022 8


## Stefna og stjórnun


Stjórn og stjórnarhættir 11

Áhættustýring 13

Starfsemi 14

Stefna og framtíðarþróun 17

Virðissköpun 22

Mikilvægir þættir 24


## Sjálfbærir flugvellir og flugvallasamfélag


Loftslagsmál 28

Auðlindanýting 32

Lífsgæði 34

Mannauður 36

Viðskiptavinir 41

Innkaup 43

Öryggi og vernd 44

Uppbygging og þróun 46


## Viðauki


GRI tilvísunartafla 50

Ársreikningur 61

EFNISYFIRLIT

**Inngangur**

3 Inngangsorð forstjóra
4 Ávarp stjórnarformanns
5 Árið 2022
6 Lykiltölur
8 Helstu fréttir ársins 2022

**Stefna og stjórnun**

11 Stjórn og stjórnarhættir
13 Áhættustýring
14 Starfsemi
17 Stefna og framtíðarþróun
22 Virðissköpun
24 Mikilvægir þættir

**Sjálfbærir flugvellir og flugvallasamfélag**

28 Loftslagsmál
32 Auðlindanýting
34 Lífsgæði
36 Mannauður
41 Viðskiptavinir
43 Innkaup
44 Öryggi og vernd
46 Uppbygging og þróun

**Viðaukar**

50 GRI tilvísunartafla
61 Ársreikningur

# Inngangsorð forstjóra



Eftir um tveggja ára óvissutímabil vegna heimsfaraldurs af völdum kórónuveirunnar þá markaði árið 2022 viðsnúninginn sem beðið var eftir. Framan af ári voru enn til staðar ferðatakmarkanir á landamærum Íslands en um leið og þeim var aflétt má svo sannarlega segja að biðinni hafi verið lokið. Ísland er einstakur áfangastaður og tengistöðin á milli Evrópu og Norður-Ameríku er að sama skapi einstaklega vel staðsett. Þetta gerði að verkum að það tók ekki nema um fjóra mánuði að ná sama mánaðarfjölda farþega og fór um Keflavíkurflugvöll árið 2019, sem var seinasta heila árið fyrir heimsfaraldurinn. Þessi hraða endurheimt er svo til einsdæmi í Evrópu. Þetta er til marks um það að heimsfaraldurinn hafði ekki áhrif á ferðavilja fólks til Íslands og það sem er ekki síður mikilvægt þá sýndu ákvarðanir þeirra flugfélaga sem fljúga til og frá Keflavíkurflugvelli að tiltrú þeirra á áfangastaðnum og tengistöðinni fór síður en svo minnkandi. Það er athyglisvert að á vetrinum sem nú er að líða var til staðar 12% meira sætaframboð til og frá Keflavíkurflugvelli en síðasta veturinn fyrir heimsfaraldurinn. Á sama tíma eru flugvellirnir í Kaupmannahöfn, Osló, Stokkhólmi og Helsinki, sem við berum okkur gjarnan saman við, með um 8–25% minna sætaframboð í vetur en síðasta veturinn fyrir heimsfaraldurinn.

Núna árið 2023, á fyrsta heila árinu eftir að ferðatakmörkunum var aflétt, þá gerir farþegaspá móðurfélags Isavia, sem fer með rekstur Keflavíkurflugvallar, ráð fyrir því að fjöldi farþega um völlinn verði meiri en hann var árið 2019. Samtök alþjóðaflugvalla í Evrópu gáfu út spá í lok síðasta árs sem gerir ráð fyrir að fjöldi farþega sem fer um flugvelli í Evrópu á þessu ári verði um 91% af þeim fjölda sem fór um flugvellina árið 2019. Á sama tíma erum við að gera ráð fyrir að fjöldi farþega á þessu ári verði um 7,8 milljónir samanborið við 7,2 milljónir árið 2019. Þá reikna samtökin með því að flugvellir í Evrópu muni ekki ná sama farþegafjölda og árið 2019 fyrr en árið 2025.

Til viðbótar við þann frábæra áfangastað sem Ísland er þá er ljóst að þessi hraði viðsnúningur hefði ekki náðst nema með samstilltu átaki ferðaþjónustunnar í heild sinni. Við búum að því að vera með tvö öflug íslensk flugfélög sem nýta tengistöðina á Keflavíkurflugvelli til viðbótar við fjöldann allan af erlendum flugfélögum. Í langflestum tilfellum brugðust flugfélögin okkar hratt við þegar ferðatakmörkunum var aflétt á síðasta ári. Þá er félagið með hvatakerfi á Keflavíkurflugvelli sem gerði flugfélögum auðveldara fyrir að taka ákvörðun um að hefja flug til Íslands á ný og auka tíðni milli flugvallarins og annarra áfangastaða.

Árangur félagsins við að takast á við endurheimtina eftir tveggja ára óvissu og hrun í fjölda ferðafólks var eftirtektarverð. Starfsfólk samstæðu Isavia sýndi enn og aftur hvað í því býr þegar hjólin fóru aftur að snúast eftir langvarandi ferðatakmarkanir. Langtímaforsendur félagsins gera ráð fyrir því að við séum komin aftur á sama stað og fyrir heimsfaraldurinn þegar kemur að áætluðum farþegafjölda í millilandaflugi komandi ára. Það þýðir að félagið stendur frammi fyrir sömu uppbyggingaþörf á Keflavíkurflugvelli og áður. Í kjölfarið á ákvörðun fjármála- og efnahagsráðherra að auka hlutafé í Isavia árið 2021 var hafist handa við undirbúning þess að hefja uppbyggingu flugvallarins á ný eftir óvissuna sem fylgdi heimsfaraldrinum. Á síðasta ári var farið í umfangsmiklar framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli sem skilaði sér í stærsta framkvæmdaári í sögu félagsins og áætlanir gera ráð fyrir að árið í ár verði enn stærra. Það reynir mikið á innviði félagsins að vera í miklum vexti í rekstrinum á sama tíma og verið er að framkvæma gríðarlega mikið svo til ofan í daglegu flæði farþega og flugvéla.

Þegar kemur að innanlandsflugvöllunum og rekstri þeirra þá er ábyrgðin á fjármögnun og þjónustustigi í höndum ríkisins þar sem um ósjálfbæra almenningsþjónustu er að ræða. Sömu sögu er að segja af innviðum innanlandsflugvallakerfisins, þeir eru í eigu ríkisins sem ber ábyrgð á því að tryggja nægjanlegt fjármagn til viðhalds. Síðastliðin fjölda ára hefur fjármagn til viðhalds verið afar naumt skammtað. Fjármagninu hefur verið forgangsraðað með þeim hætti að flugöryggi sé tryggt en á sama tíma hefur ekki verið hægt að sinna nauðsynlegu viðhaldi á flugstöðvum og öðrum fasteignum. Ástand margra fasteigna er orðið afar bágborið og einhverjar eru að verða eða orðnar ónothæfar. Þá er áhrifa loftslagsbreytinga farið að gæta á flugvöllunum og m.a. farið að bera á flóðum á einstaka flugvöllum sem kallar á fjárfestingar í mótvægisaðgerðum. Ef nýta á innanlandsflug áfram til að jafna stöðu landsmanna óháð búsetu verður að lyfta grettistaki þegar kemur að viðhaldsfjármögnun því að öðrum kosti mun þeim fasteignum sem verða ónothæfar fjölga hratt. Það er mikilvægt að missa heldur ekki af tækifærum í orkuskiptum þar sem Ísland hefur mikil tækifæri til að vera í fararbroddi.

Síðustu árin hefur Isavia tekið stór og mikilvæg skref í átt að sjálfbærni og með sjálfbærnistefnu félagsins fylgir fimm ára aðgerðaáætlun þar sem áherslur okkar, markmið og mælikvarðar í málaflokknum eru sett fram. Við val á þeim var m.a. horft til stefnu félagsins, ábendinga hagaðila, skuldbindingar okkar við UN Global Compact (alþjóðlega yfirlýsingu um ábyrga starfshætti) auk heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna og áherslna stjórnvalda.

Isavia gefur út ársskýrslu í samræmi við GRI Standards og sérákvæðum staðalsins um flugvelli. Í skýrslunni er farið yfir starfsemi félagsins árið 2022 og horft til áhrifanna sem hún hefur á efnahag, umhverfi, samfélag og mannréttindi. Skýrslunni er einnig skilað inn sem framvinduskýrslu um stuðning okkar við UN Global Compact og er yfirlýsing þess að við munum áfram vinna að þeim tíu grundvallarviðmiðum Sameinuðu þjóðanna er varða samfélagslega ábyrgð á sviði mannréttinda, vinnumála, umhverfismála og aðgerða gegn spillingu.

Það eru spennandi tímar í vændum en á sama tíma margar áskoranir sem samstæða Isavia stendur frammi fyrir. Ég hlakka til að takast á við það sem er framundan með þennan frábæra hóp starfsfólks við hliðina á mér og ég vil nota tækifærið og þakka þeim öllum fyrir að standa fast í fæturna í blíðu og stríðu.

**Sveinbjörn Indriðason**
*Forstjóri Isavia*

EFNISYFIRLIT

**Inngangur**

3 Inngangsorð forstjóra
4 Ávarp stjórnarformanns
5 Árið 2022
6 Lykiltölur
8 Helstu fréttir ársins 2022

**Stefna og stjórnun**

11 Stjórn og stjórnarhættir
13 Áhættustýring
14 Starfsemi
17 Stefna og framtíðarþróun
22 Virðissköpun
24 Mikilvægir þættir

**Sjálfbærir flugvellir og flugvallasamfélag**

28 Loftslagsmál
32 Auðlindanýting
34 Lífsgæði
36 Mannauður
41 Viðskiptavinir
43 Innkaup
44 Öryggi og vernd
46 Uppbygging og þróun

**Viðaukar**

50 GRI tilvísunartafla
61 Ársreikningur

# Ávarp stjórnarformanns



Það má með sanni segja að á árinu 2022 hafi endurheimt flugumferðar og farþegaflutninga eftir kórónuveirufaraldurinn gengið vonum framar og með afgerandi hætti á Keflavíkurflugvelli. Þegar horft er til baka þá er óraunverulegt að hugsa til þess að einungis rétt rúmt ár er liðið síðan allar ferðatakmarkanir vegna heimsfaraldursins voru felldar úr gildi á landamærum Íslands. Þessi sterki viðsnúningur í umferð um Keflavíkurflugvöll gefur vísbendingar um að þær forsendur sem voru lagðar til grundvallar uppfærðri stefnu móðurfélags Isavia, sem samþykkt var af stjórn þess í nóvember 2021, hafi síður en svo verið of bjartsýnar.

Kjarninn í stefnu félagsins snýr að tengistöðinni á Keflavíkurflugvelli þar sem hún er grunnurinn að flugtengingum á milli Íslands og annarra áfangastaða. Flugtengingar skjóta styrkum stoðum undir hagvöxt á Íslandi enda landið eyland sem hefur fáa aðra kosti en millilandaflug til að koma fólki og vörum hratt og örugglega milli landa. Framtíðarsýn félagsins um að tengja heiminn í gegnum Ísland byggir einmitt á þessu mikilvægi tengistöðvarinnar. Styrkur hennar kom berlega í ljós á síðasta ári. Þá náðist á ný svipaður fjöldi flugtenginga og fyrir heimsfaraldurinn og lagði Keflavíkurflugvöllur þannig sitt af mörkum til aukinna lífsgæða og meiri velsældar á Íslandi.

Mörg undanfarin ár hefur móðurfélagið staðið frammi fyrir margvíslegum og flóknum verkefnum sem fylgja mikilli, og oft á tíðum óvæntri, fjölgun farþega. Þetta hefur kallað á umfangsmiklar framkvæmdir ár eftir ár sem þó hafa ekki dugað til við að uppfylla þau þjónustumarkmið sem félagið hefur sett sér til lengri tíma. Ákvörðun fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd eiganda félagsins, íslenska ríkisins, um að leggja félaginu til nýtt hlutafé í byrjun árs 2021 var því afar mikilvæg og gerði mögulegt að hefja bráðnauðsynlegar framkvæmdir á ný eftir mikla óvissu sem heimsfaraldurinn hafði í för með sér. Á síðasta ári var fjárfest fyrir tæplega 15 milljarða króna á Keflavíkurflugvelli sem er mesta fjárfesting á einu ári allt frá stofnun félagsins. Þá er gert ráð fyrir að árið 2023 verði enn eitt metárið í fjárfestingum. Sú uppbygging og þær framkvæmdir sem hér um ræðir eru til marks um að félagið ætlar að leggja sitt af mörkum til að tengistöðin um Ísland geti áfram byggt undir hagvöxt hér á landi, öllum til hagsbóta.

Tækifæri framtíðarinnar liggja ekki einungis í flutningi farþega heldur hafa umsvif vegna fraktflutninga með flugi til og frá Íslandi farið vaxandi og eru miklar væntingar um að þau umsvif muni aukast verulega á komandi árum. Sá vöxtur mun einnig skapa frekari þörf fyrir fjárfestingar í innviðum sem mikilvægt verður að ráðast í. Þróunaráætlun Keflavíkurflugvallar var uppfærð á síðasta ári þar sem eitt af markmiðunum var einmitt að gefa fraktflutningum meiri gaum en áður hefur verið gert.

Þó svo að flugumferð um Ísland hafi nú þegar á árinu 2022 náð fyrri styrk þá gætir fjárhagsáhrifa faraldursins enn hjá félaginu og hefur í för með sér að forgangsraða þarf fjárfestingum. Í ljósi mikillar fjölgunar farþega og þeirra viðfangsefna sem félagið stendur frammi fyrir núna er mikilvægt að tengistöðin um Keflavíkurflugvöll fái ákveðinn forgang umfram önnur verkefni. Á sama tíma er ljóst að tækifærin til frekari umsvifa í fraktflutningi eru mikil og því nauðsynlegt að finna leiðir til að tryggja að mögulegur ábati fyrir félagið í þeim efnum fari ekki forgörðum.

Flugrekstur er kvikur rekstur sem hefur gengið í gegnum ýmsar áskoranir á síðustu árum. Félagið hefur síður en svo farið varhluta af því. Aftur á móti hefur sagan sýnt að áhrif áfalla vegna ytri aðstæðna ganga tiltölulega hratt til baka. Í ljósi mikilvægis flugtenginga fyrir íslenskt efnahagslíf er ábyrgð starfsfólks og stjórnar félagsins mikil við það verk að stýra starfseminni í því síbreytilega umhverfi sem þessi rekstur býr við. Það tókst vel í heimsfaraldrinum af völdum kórónuveirunnar. Þar náðist að mæta algeru hruni í fjölda farþega með almennum niðurskurði en viðhalda á sama tíma innviðum félagsins, þ.m.t. mannauði þess. Þegar umsvifin fóru af stað að nýju þá var eftir því tekið hversu vel tókst til við endurheimtina, bæði þegar kemur að rekstri félagsins og fjárfestingaumsvifum. Áfram eru þó teikn á lofti samanber hertar aðgerðir Evrópusambandsins gegn mengun vegna flugsamgangna. Ef þessar aðgerðir ganga eftir óbreyttar myndi það ógna sérstöðu Íslands á þann veg að samkeppnisstaða tengistöðvarinnar myndi versna verulega án þess að fyrirhuguðum umhverfismarkmiðum aðgerðanna yrði náð. Í ljósi mikilvægis flugtenginga fyrir íslenskt efnahagslíf er nauðsynlegt að allar ákvarðanir opinberra aðila byggi á heildarmynd og séu til þess fallnar að styðja við Ísland sem tengimiðstöð frekar en að draga úr þeim tækifærum sem eru til staðar.

Mig langar til að þakka öllu starfsfólki félagsins fyrir vel unnin störf í fjölbreytilegu og krefjandi starfsumhverfi. Við erum ákveðin í því að standa undir okkar ábyrgð þegar kemur að lífsgæðum og velsæld á Íslandi.

**Kristján Þór Júlíusson**
*Stjórnarformaður Isavia*

EFNISYFIRLIT

**Inngangur**

3 Inngangsorð forstjóra
4 Ávarp stjórnarformanns
5 Árið 2022
6 Lykiltölur
8 Helstu fréttir ársins 2022

**Stefna og stjórnun**

11 Stjórn og stjórnarhættir
13 Áhættustýring
14 Starfsemi
17 Stefna og framtíðarþróun
22 Virðissköpun
24 Mikilvægir þættir

**Sjálfbærir flugvellir og flugvallasamfélag**

28 Loftslagsmál
32 Auðlindanýting
34 Lífsgæði
36 Mannauður
41 Viðskiptavinir
43 Innkaup
44 Öryggi og vernd
46 Uppbygging og þróun

**Viðaukar**

50 GRI tilvísunartafla
61 Ársreikningur

# Árið 2022

**164.071**
Fjöldi flugvéla sem fór um flugstjórnarsvæðið

**1.247**
Meðalfjöldi starfa

**26**
Flugfélög á KEF

**Tekjur**
**36.505 m.kr**
(20.843 m.kr. 2021)

**Eiginfjárhlutfall**
**44,5%**
(41,5% 2021)

**Afkoma ársins**
Hagnaður / tap
**-617 m.kr**
(321 m.kr. 2021)

**Eigið fé**
**41.962 m.kr**
(36.578 mkr. 2021)

**Fjárfestingahreyfingar**
**-14.646 m.kr**
(6.519 m.kr 2021)

**Skattaspor**
**5.611 m.kr**
(5.730 m.kr 2021)

**94**
Áfangastaðir til/frá KEF

**3.252 $tCO_2$**
Kolefnisspor reksturs

EFNISYFIRLIT

Inngangur

3 Inngangsorð forstjóra
4 Ávarp stjórnarformanns
5 Árið 2022
6 Lykiltölur
8 Helstu fréttir ársins 2022

Stefna og stjórnun

11 Stjórn og stjórnarhættir
13 Áhættustýring
14 Starfsemi
17 Stefna og framtíðarþróun
22 Virðissköpun
24 Mikilvægir þættir

Sjálfbærir flugvellir og flugvallasamfélag

28 Loftslagsmál
32 Auðlindanýting
34 Lífsgæði
36 Mannauður
41 Viðskiptavinir
43 Innkaup
44 Öryggi og vernd
46 Uppbygging og þróun

Viðaukar

50 GRI tilvísunartafla
61 Ársreikningur

# Lykiltölur

## Farþegar

Fjöldi farþega um alla flugvelli Isavia nam rúmlega 6,8 milljónum árið 2022, sem er 149,2% aukning frá árinu 2021. Fjölgun var á flestum flugvöllum landsins. Hún var um 182,1% á Keflavíkurflugvelli, 40% á Akureyrarflugvelli, 18,6% á Egilsstaðaflugvelli og 17,5% á Reykjavíkurflugvelli.

Heildarfjöldi millilandafarþega um íslenska áætlunarflugvelli fjölgaði úr tæplega 2,2 milljónum í tæplega 6,2 milljónir, eða um 183,2% milli ára. Innanlandsfarþegum fjölgaði á sama tíma úr tæplega 557 þúsund í rúmlega 645 þúsund, eða um 15,9%.

## Flughreyfingar

Flughreyfingar á öllum flugvöllum Isavia voru rétt rúmlega 140 þúsund árið 2022, sem er 1,2% aukning frá árinu á undan. Hreyfingum fjölgaði um 16,2% á Akureyrarflugvelli, 8,5% á Keflavíkurflugvelli og 6,1% á Egilsstaðaflugvelli en fækkaði um 12,7% á Reykjavíkurflugvelli.

Flughreyfingar á milli landa voru rúmlega 55 þúsund, sem er 91,2% aukning frá árinu 2021. Þar af var fjölgunin mest á Akureyrarflugvelli eða tæp 115%. Innanlands fækkaði flughreyfingum úr rúmlega 109 þúsund árið 2021 í tæplega 84 þúsund árið 2022, eða um 22,6%. Það skýrist að mestu vegna minni umsvifa í einka- og kennsluflugi og snertilendingum.

## Vöruflutningar

Árið 2022 fóru tæplega 57 þúsund tonn af vörum um flugvelli félagsins, sem er 6,2% minna magn en árið á undan. Vöruflutningar á milli landa voru rúmlega 55 þúsund tonn, sem er um 6,8% minna en árið 2022. Vöruflutningar innanlands jukust hins vegar um 23,5% eða úr 1.120 tonnum í rúmlega 1.383 tonn.

## Flugumferð

Rúmlega 164 þúsund flugvélar fóru um íslenska flugstjórnarsvæðið árið 2022, sem er fjölgun um 67,3% frá árinu 2021. Alls voru flognir rúmlega 227 milljónir kílómetra í íslenska úthafsflugstjórnarsvæðinu árið 2022, eða rúmlega 73,1% fleiri en árið á undan. Rúmlega þriðjungur allrar flugumferðar á leið yfir Norður-Atlantshafið fer í gegnum íslenska flugstjórnarsvæðið sem er í umsjón Isavia. Svæðið hefur nokkra sérstöðu meðal úthafssvæða vegna sveigjanleika, bæði hvað varðar flugleiðir og flughæðir.

| **Fjöldi farþega á öllum flugvöllum Isavia** | **2020** | **2021** | **2022** |
|---|---|---|---|
| Innanlands | 320.699 | 556.835 | 645.331 |
| Millilanda | 1.381.665 | 2.181.896 | 6.179.367 |
| | *1.702.364* | *2.738.731* | *6.824.698* |

| **Fjöldi flughreyfinga** | **2020** | **2021** | **2022** |
|---|---|---|---|
| Innanlands | 84.722 | 109.581 | 84.780 |
| Millilanda | 19.198 | 28.971 | 55.380 |
| | *103.920* | *138.552* | *140.160* |

| **Vöruflutningar (tonn)** | **2020** | **2021** | **2022** |
|---|---|---|---|
| Innanlands | 897 | 1.120 | 1.383 |
| Millilanda | 49.297 | 59.494 | 55.473 |
| | *50.194* | *60.614* | *56.856* |

| **Fjöldi flugvéla sem fór um flugstjórnarsvæðið** | **2020** | **2021** | **2022** |
|---|---|---|---|
| | *75.386* | *98.051* | *164.071* |

EFNISYFIRLIT

**Inngangur**

3 Inngangsorð forstjóra
4 Ávarp stjórnarformanns
5 Árið 2022
6 Lykiltölur
8 Helstu fréttir ársins 2022

**Stefna og stjórnun**

11 Stjórn og stjórnarhættir
13 Áhættustýring
14 Starfsemi
17 Stefna og framtíðarþróun
22 Virðissköpun
24 Mikilvægir þættir

**Sjálfbærir flugvellir og flugvallasamfélag**

28 Loftslagsmál
32 Auðlindanýting
34 Lífsgæði
36 Mannauður
41 Viðskiptavinir
43 Innkaup
44 Öryggi og vernd
46 Uppbygging og þróun

**Viðaukar**

50 GRI tilvísunartafla
61 Ársreikningur

| **Úr rekstrarreikningi (milljón kr.)** | **2022** | **2021** |
|---|---|---|
| Tekjur | 36.505 | 20.843 |
| EBITDA | 5.165 | (810) |
| EBIT | 1.233 | (4.721) |
| Fjármunatekjur/gjöld | (2.042) | 3.565 |
| Hagnaður fyrir skatta | (809) | (1.156) |
| ***Heildarafkoma ársins*** | ***(617)*** | ***321*** |

| **Úr efnahagsreikningi (milljón kr.)** | **2022** | **2021** |
|---|---|---|
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 71.304 | 59.637 |
| Eignir | 94.278 | 88.107 |
| Eigið fé | 41.962 | 36.579 |
| Vaxtaberandi skuldir | 44.434 | 44.818 |
| ***Veltufjárhlutfall*** | ***1,62*** | ***2,38*** |

| **Úr sjóðstreymi (milljón kr.)** | **2022** | **2021** |
|---|---|---|
| Rekstrarhreyfingar | 5.096 | 3.697 |
| Fjárfestingahreyfingar | (14.646) | (6.519) |
| Fjármögnunarhreyfingar | 4.271 | 8.377 |
| ***Handbært fé í lok árs*** | ***9.495*** | ***14.683*** |

| **Kennitölur** | **2022** | **2021** |
|---|---|---|
| Framlegðarhlutfall rekstrar | 14,15% | (3,89%) |
| Hagnaðarhlutfall | (1,69%) | 1,54% |
| Arðsemi eiginfjár | (1,57%) | 1,01% |
| Hagnaður á hverja krónu nafnverðs hlutafjár | (0,03) | 0,02 |
| Veltuhraði eigna | 0,40 | 0,25 |
| Eiginfjárhlutfall | 44,51% | 41,52% |
| Meðalfjöldi starfa | 1.247 | 1.022 |

**Tekjur samstæðunnar**

2022 2021




**Tekjur af flugvallaþjónustu**

2022 2021




**Kostnaður samstæðu**

2022 2021



EFNISYFIRLIT

**Inngangur**

3 Inngangsorð forstjóra
4 Ávarp stjórnarformanns
5 Árið 2022
6 Lykiltölur
8 Helstu fréttir ársins 2022

**Stefna og stjórnun**

11 Stjórn og stjórnarhættir
13 Áhættustýring
14 Starfsemi
17 Stefna og framtíðarþróun
22 Virðissköpun
24 Mikilvægir þættir

**Sjálfbærir flugvellir og flugvallasamfélag**

28 Loftslagsmál
32 Auðlindanýting
34 Lífsgæði
36 Mannauður
41 Viðskiptavinir
43 Innkaup
44 Öryggi og vernd
46 Uppbygging og þróun

**Viðaukar**

50 GRI tilvísunartafla
61 Ársreikningur

# Helstu fréttir ársins 2022

## Fréttir á vef Isavia

27.01.2022
**ATIS eða flugvallarútvarp tekið í notkun á Akureyrarflugvelli**

ATIS (Automatic Terminal Information Service) eða flugvallarútvarp hefur verið tekið í notkun á Akureyrarflugvelli (BIAR). Markmiðið er að auka þjónustu og öryggi flugs um flugvöllinn. ATIS kerfi eru nú þegar í notkun á Keflavíkur- og Reykjavíkurflugvelli.

11.02.2022
**Isavia undirritar Toulouse-yfirlýsinguna**

Isavia hefur undirritað Toulouse yfirlýsinguna um sjálfbærni og kolefnisleysi í flugtengdum rekstri. Nærri 100 flugvallarrekendur, samtök þeirra og fulltrúar um 200 flugvalla undirrituðu yfirlýsinguna. Yfirlýsingin er unnin á vettvangi Evrópusambandsins með aðkomu hagaðila á borð við Evrópudeild Alþjóðasamtaka flugvalla (ACI Europe – Airports Council International). Hún markar kaflaskil á þeirri vegferð flugvallarrekenda í álfunni um að stefna að kolefnishlutleysi í flugvallarekstri fyrir árið 2050.

17.02.2022
**Keflavíkurflugvöllur fær viðurkenningu fyrir að hlýða á raddir viðskiptavina**

Keflavíkurflugvöllur var á dögunum í hópi um 200 flugvalla í heiminum sem fengu viðurkenningu Alþjóðasamtaka flugvalla (Airports Council International – ACI) fyrir að leggja áherslu á að hlusta á og eiga í samskiptum við viðskiptavini sína. Flugvellirnir fengu viðurkenningun m.a. fyrir að upplýsa farþega um reglur og sóttvarnir í Covid 19-heimsfaraldrinum.

10.03.2022
**Viðurkenning fyrir þjónustu og hreinlæti í heimsfaraldri**

Keflavíkurflugvöllur hefur, ásamt fimm öðrum flugvöllum, verið valinn í hóp með bestu flugvöllum í Evrópu í sínum stærðarflokki hvað varðar þjónustugæði. Þá er Keflavíkurflugvöllur meðal tuttugu bestu flugvalla í Evrópu sem hljóta sérstaka viðurkenningu Alþjóðasamtaka flugvalla (ACI) fyrir hreinlæti á síðasta ári.

31.03.2022
**Fjölsóttur kynningarfundur um tækifæri á Keflavíkurflugvelli**

Fjöldi fólks sótti opinn kynningarfund Isavia um útboð á rekstri tveggja veitingastaða á Keflavíkurflugvelli. Framtíðarsýn flugvallarins var einnig kynnt á fundinum, einnig þær framkvæmdir sem hafnar eru á vellinum og það sem ráðist verður í á næstu árum.

20.04.2022
**Fyrsta áætlunarflug Play til Bandaríkjanna**

Play fór í sitt jómfrúarflug til Bandaríkjanna 20. apríl 2022 þegar flugfélagið fór sitt fyrsta áætlunarflug til Baltimore/Washington International flugvallarins. Flogið er daglega þangað.

27.04.2022
**Isavia og Tern Systems undirrita samning um Orion ökuherminn á Keflavíkurflugvelli**

Isavia ohf. og Tern Systems hafa undirritað samning um nýjustu útgáfu af ökuherminum Orion Drive sem notaður verður fyrir aksturþjálfun á Keflavíkurflugvelli. Sérfræðingar á Keflavíkurflugvelli hafa stutt við þróun Orion Drive ökuhermisins. Honum er ætlað að auka öryggi á Keflavíkurflugvelli. Samningurinn markar merkan áfanga í langtímasamvinnu fyrirtækjanna tveggja.



02.06.2022
**Jómfrúarflug Niceair frá Akureyri til Kaupmannahafnar**

Súlur, ný þota flugfélagsins Niceair, fór í sína fyrstu ferð frá Akureyrarflugvelli þann 2. júní 2022. Flogið var til Kaupmannahafnar. „Hér er verið að stíga stór skref sem skipta máli," sagði Sigrún Björk Jakobsdóttir, framkvæmdastjóri Isavia Innanlandsflugvalla. Hún bætti við að fram undan væru framkvæmdir á Akureyrarflugvelli. Vaxandi áhugi væri á því meðal erlendra flugfélaga að nýta sér aðstöðuna á vellinum. Nokkrum vikum síðar var tilkynnt að þýska flugfélagið Condor ætlaði að fljúga til Akureyrar og Egilsstaða sumarið 2023 og svissneska flugfélagið Edelweiss til Akureyrar sumarið 2023.

EFNISYFIRLIT

**Inngangur**

3 Inngangsorð forstjóra
4 Ávarp stjórnarformanns
5 Árið 2022
6 Lykiltölur
8 Helstu fréttir ársins 2022

**Stefna og stjórnun**

11 Stjórn og stjórnarhættir
13 Áhættustýring
14 Starfsemi
17 Stefna og framtíðarþróun
22 Virðissköpun
24 Mikilvægir þættir

**Sjálfbærir flugvellir og flugvallasamfélag**

28 Loftslagsmál
32 Auðlindanýting
34 Lífsgæði
36 Mannauður
41 Viðskiptavinir
43 Innkaup
44 Öryggi og vernd
46 Uppbygging og þróun

**Viðaukar**

50 GRI tilvísunartafla
61 Ársreikningur





29.06.2022

**Miðnæturhlaup Reykjavíkurflugvallar haldið í annað sinn**

Um hundrað manns tóku þátt í Miðnæturhlaupi Reykjavíkurflugvallar sem fór fram að kvöldi 29. júní 2022. Hlaupinn var einn hringur, rúmlega 3,5 kílómetrar. Þetta var í annað sinn sem hlaupið var haldið en það fyrsta var hlaupið sumarið 2021 í tilefni af 80 ára afmæli Reykjavíkurflugvallar.

23.08.2022

**Fyrsta farþegaflug rafmagnsflugvélar á Íslandi**

Tímamót í flugsögu Íslands urðu á Reykjavíkurflugvelli þann 23. ágúst 2022. Þá voru stigin mikilvæg skref í orkuskiptum flugsamgangna þegar flogið var í fyrsta skipti með farþega í rafmagnsflugvél á Íslandi. Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, og Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra, voru fyrstu farþegarnir.

16.09.2022

**Aðlögunarsamningur Íslands að Eurocontrol undirritaður**

Eamonn Brennan, forstjóri Eurocontrol, heimsótti höfuðstöðvar Isavia ANS við Reykjavíkurflugvöll. Hann fundaði með Kjartani Briem, framkvæmdastjóra, og kynnti sér starfsemi félagsins. Þá var undirritaður aðlögunarsamningur Íslands að Eurocontrol sem markar áform Íslands um að gerast aðili að stofnuninni frá byrjun árs 2025. Helsti ávinningur aðildarinnar verður m.a. full þátttaka í miðlægri flæðisstjórnun flugumferðar fyrir samevrópska loftrýmið.

01.10.2022

**300 þátttakendur í viðamikilli flugslysaæfingu**

Flugslysaæfing Almannavarna og Isavia var haldin á Reykjavíkurflugvelli. Um 300 þátttakendur æfðu viðbúnað við þeim atburði að tvær flugvélar hefðu skollið saman á vellinum. Auk Almannavarna og Isavia tók starfsfólk flugvallarins þátt í æfingunni sem og björgunarsveitir, starfsfólk Landspítalans og heilbrigðisstarfsfólk, lögregla, slökkvilið, Landhelgisgæslan, Rauði krossinn og fleiri aðilar sem koma að slysaviðbúnaði.

02.11.2022

**Íslenskunámskeið á vinnutíma**

Starfsfólk okkar, sem hefur annað tungumál en íslensku að móðurmáli, getur nú sótt íslenskunámskeið í boði félagsins á vinnutíma. Námskeiðin eru haldin í samvinnu við Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum. Þrettán einstaklingar af fimm þjóðernum tóku þátt í fyrsta námskeiðinu.

01.12.2022

**Þriðja stærsta ár Keflavíkurflugvallar fram undan**

Isavia hefur kynnt farþegaspá sína fyrir árið 2023. Í henni er gert ráð fyrir að 7,8 milljónir farþega fari um Keflavíkurflugvöll á árinu. Það yrði þriðji mesti fjöldi farþega um völlinn á einu ári frá upphafi. Þá er því spáð að 2,2 milljónir ferðamanna komi til Íslands árið 2023 en aðeins einu sinni áður hafa fleiri komið til landsins á einu ári eða 2,3 milljónir metárið 2018.

# Stefna og stjórnun

*Isavia er þjónustufyrirtæki sem gegnir því mikilvæga hlutverki að hafa með höndum rekstur, viðhald og uppbyggingu á innviðum sem er grunnur að flugsamgöngum landsins, tengingum við umheiminn og flugi á milli heimsálfa. Starfsemin skiptir þar af leiðandi miklu máli fyrir þjóðarhag og starfsfólk félagsins leggur sig fram við að haga störfum sínum á öruggan og skilvirkan hátt í sátt við umhverfi og samfélag.*



EFNISYFIRLIT

**Inngangur**

3 Inngangsorð forstjóra
4 Ávarp stjórnarformanns
5 Árið 2022
6 Lykiltölur
8 Helstu fréttir ársins 2022

**Stefna og stjórnun**

11 Stjórn og stjórnarhættir
13 Áhættustýring
14 Starfsemi
17 Stefna og framtíðarþróun
22 Virðissköpun
24 Mikilvægir þættir

**Sjálfbærir flugvellir og flugvallasamfélag**

28 Loftslagsmál
32 Auðlindanýting
34 Lífsgæði
36 Mannauður
41 Viðskiptavinir
43 Innkaup
44 Öryggi og vernd
46 Uppbygging og þróun

**Viðaukar**

50 GRI tilvísunartafla
61 Ársreikningur

# Stjórn og stjórnarhættir

*Við höfum því mikilvæga hlutverki að gegna að annast rekstur og uppbyggingu á þeim innviðum sem leggja grunn að flugsamgöngum landsins. Til að geta sinnt þessu hlutverki af öryggi og skilvirkni þarf öfluga stýringu og skýrar starfsreglur sem hjálpa starfseminni að vaxa og þróast.*

## Lög um starfsemi Isavia

Isavia ohf. er opinbert hlutafélag í eigu íslenska ríkisins. Um starfsemi félagsins gilda lög nr. 153/2009, um samruna opinberu hlutafélaganna Flugstoða og Keflavíkurflugvallar, lög nr. 76/2008, um stofnun opinbers hlutafélags um rekstur Keflavíkurflugvallar, lög nr. 102/2006, um stofnun hlutafélags um flugleiðsöguþjónustu og flugvallarrekstur Flugmálastjórnar, og lög um loftferðir nr. 80/2022. Stjórnvöldum er heimilt að fela Isavia að fara með og annast alþjóðlegar skuldbindingar og samninga og er félaginu skylt að fara að fyrirmælum er varða framkvæmd og efndir slíkra samninga.

## Stjórn og stjórnarhættir

Stjórnarhættir Isavia taka mið af eftirfarandi þáttum; lögum nr. 2/1995 um hlutafélög, samþykktum félagsins, starfsreglum stjórnar og almennri eigandastefnu ríkisins (ásamt viðauka er snýr að Isavia ohf.)

Stjórn er tilnefnd til stjórnarsetu af fjármála- og efnahagsráðherra og er kjörin á aðalfundi til eins árs í senn. Í henni sitja fimm einstaklingar og fimm til vara. Kynjahlutfall stjórnar er 40% konur og 60% karlar. Allir stjórnarmeðlimir teljast vera óháðir í skilningi Leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja, sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Nasdaq Iceland. Allir stjórnarmeðlimir hafa gefið skýrslu um eignir sínar í öðrum félögum og teljast þær ekki hafa áhrif á stjórnarstörf þeirra. Enginn stjórnarmeðlima starfar hjá móðurfélaginu.

Stjórn Isavia ber að fara eftir siðareglum félagsins eins og starfsfólk samstæðunnar almennt. Stjórn hefur Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja til hliðsjónar í störfum sínum og uppfyllir þær í öllum megin-atriðum. Helsta frávikið er að engin tilnefningarnefnd er starfandi hjá félaginu þar sem þær eru gerðar af fjármála- og efnahagsráðherra, sem fer með hlut ríkisins í félaginu. Undirnefndir stjórnar eru endur-skoðunarnefnd og starfskjaranefnd og nær starfssvið þeirra einnig til dótturfélaga Isavia ohf.


**Kristján Þór Júlíusson**
*Stjórnarformaður*


**Matthías Páll Imsland**
*Varaformaður*


**Hólmfríður Árnadóttir**
*Stjórnarmaður*


**Jón Steindór Valdimarsson**
*Stjórnarmaður*


**Nanna Margrét Gunnlaugsdóttir**
*Stjórnarmaður*

**Stjórn Isavia 2022**

EFNISYFIRLIT

Inngangur

3 Inngangsorð forstjóra
4 Ávarp stjórnarformanns
5 Árið 2022
6 Lykiltölur
8 Helstu fréttir ársins 2022

Stefna og stjórnun

11 Stjórn og stjórnarhættir
13 Áhættustýring
14 Starfsemi
17 Stefna og framtíðarþróun
22 Virðisskköpun
24 Mikilvægir þættir

Sjálfbærir flugvellir og flugvallasamfélag

28 Loftslagsmál
32 Auðlindanýting
34 Lífsgæði
36 Mannauður
41 Viðskiptavinir
43 Innkaup
44 Öryggi og vernd
46 Uppbygging og þróun

Viðaukar

50 GRI tilvísunartafla
61 Ársreikningur



Til að auka gæði og skilvirkni í störfum stjórnar er henni skylt að framkvæma árangursmat einu sinni á ári. Matið er framkvæmt af utanaðkomandi ráðgjöfum, eftir staðlaðri aðferðafræði, og tekur til stærðar stjórnar, samsetningu hennar, starfshátta og verklags, ásamt þróun félagsins og frammistöðu forstjóra.

## Starfsreglur stjórnar

Stjórnin starfar eftir ítarlegum starfsreglum þar sem helstu verkefni og valdsvið stjórnar og forstjóra eru skilgreind. Starfsreglur eru endurskoðaðar og samþykktar á hverju ári. Þar er m.a. að finna skiptingu starfa innan stjórnar, reglur um hæfi stjórnarmeðlima til þátttöku í afgreiðslu mála, um fundarsköp og fundargerðir, reglur um þagnarskyldu, upplýsingagjöf gagnvart stjórn og ákvörðunarvald stjórnar.

Stjórn hefur æðsta vald í málefnum Isavia á milli hluthafafunda samkvæmt lögum og samþykktum félagsins, fer með stýringu þess, tryggir að nægilegt eftirlit sé haft með reikningshaldi og meðferð fjármuna, auk þess að staðfesta rekstrar- og fjárfestingaáætlanir og sjá til þess að þeim sé fylgt.

Stjórn ber ábyrgð á því að félagið hafi skipulagt og virkt eftirlitskerfi, sem samanstendur af heildstæðri áhættustýringu og skilvirku innra eftirliti. Stjórn tekur meiriháttar ákvarðanir í rekstri félagsins og sér um að það sé rekið í samræmi við lög og reglur. Þá hefur starf stjórnar það að markmiði að stuðla að viðgangi félagsins og tryggja árangur þess til langs tíma með því að setja félaginu stefnu í samstarfi við stjórnendur þess.

## Stjórnarháttayfirlýsing

Stjórnarháttayfirlýsing er uppgjör stjórnar fyrir liðið starfsár sem er birt samhliða ársreikningi. Í yfirlýsingunni koma fram upplýsingar um stjórnarmeðlimi, undirnefndir, samskipti við hluthafa, framkvæmdastjórn, siðferðisviðmið og aðra þætti sem snúa að stjórn.

## Starfskjaranefnd

Markmið Isavia er að laða að, hvetja og halda í framúrskarandi starfsfólk og gera störf hjá félaginu að eftirsóknarverðum kosti. Samkvæmt almennri eigandastefnu ríkisins skulu laun hjá félaginu vera samkeppnishæf, en um leið hófleg og ekki leiðandi, og taka mið af opinberu eignarhaldi. Starfskjaranefnd félagsins er skipuð tveimur stjórnarmönnum og er starfskjarastefna samþykkt á aðalfundi. Samkvæmt henni fá stjórnarmeðlimir greidda fasta mánaðarlega þóknun fyrir störf sín. Við gerð ráðningarsamninga er haft að leiðarljósi að ekki komi til frekari greiðslu við starfslok en samningar kveða á um. Starfskjör stjórnenda eru endurskoðuð einu sinni á ári.

## Stjórnir dótturfélaga

Dótturfélög Isavia ohf. eru þrjú; Isavia ANS ehf., Isavia innanlandsflugvellir ehf. og Fríhöfnin ehf. Félögin eru í 100% eigu Isavia og eru rekin í samræmi við eigandastefnu dótturfélaga Isavia ohf., samþykktir þeirra og starfsreglur stjórna. Stefnur, reglur og leiðbeiningar sem móðurfélaginu er skylt að innleiða samkvæmt lögum eða stefnu eiganda þess gilda einnig fyrir dótturfélög. Stjórnir dótturfélaganna þriggja samanstanda allar af þremur einstaklingum. Tveimur óháðum aðilum og einum starfsmanni frá móðurfélaginu. Kynjahlutfall er 33% konur og 67% karlar.

***Frekari upplýsingar um stjórn og stjórnarhætti má finna á heimasíðu Isavia.***

EFNISYFIRLIT

**Inngangur**

3 Inngangsorð forstjóra
4 Ávarp stjórnarformanns
5 Árið 2022
6 Lykiltölur
8 Helstu fréttir ársins 2022

**Stefna og stjórnun**

11 Stjórn og stjórnarhættir
13 Áhættustýring
14 Starfsemi
17 Stefna og framtíðarþróun
22 Virðissköpun
24 Mikilvægir þættir

**Sjálfbærir flugvellir og flugvallasamfélag**

28 Loftslagsmál
32 Auðlindanýting
34 Lífsgæði
36 Mannauður
41 Viðskiptavinir
43 Innkaup
44 Öryggi og vernd
46 Uppbygging og þróun

**Viðaukar**

50 GRI tilvísunartafla
61 Ársreikningur

# Áhættustýring

*Stjórn Isavia ohf. hefur sett fram heildstæða áhættustefnu og skilgreint lykiláhættu og áhættuvilja fyrir Isavia. Unnið er til samræmis við heildstæða áhættustýringu sem byggir á heildarstefnu fyrirtækisins. Við fylgjum formlegu ferli áhættustýringar til að draga fram og stýra fjárhagslegri og ófjárhagslegri áhættu.*

Áhættustýring Isavia byggir á hugmyndafræði heildstæðrar áhættustjórnunar (e. OSO Enterprise Risk Management). Að auki er stuðst við áhættustýringarstaðalinn ISO 31000:2018 og rannsóknir Airport Cooperative Research Program (ACRP) sem fjalla um áhættustjórnun. Um er að ræða viðurkenndar leiðbeiningar og ávinningur af notkun þeirra er margvíslegur.

Við leggjum áherslu á að stuðla að því að til staðar sé góður skilningur á áhættu félagsins, að hún sé greind, metin, vöktuð og henni stýrt með viðurkenndum aðferðum á ábyrgan hátt. Einnig er rík áhersla lögð á að áhættumenning Isavia sé sterk, að eftirlitskerfið samanstandi af áhættustýringu og innra eftirliti og að til staðar sé skipulagt og virkt eftirlit með lykiláhættum. Þá fer fram regluleg og ítarleg upplýsingagjöf til stjórnar, endurskoðunarnefndar og áhættunefndar um skipulag og virkni áhættustýringar.

Með áhættustýringarferlinu er leitast við að kortleggja helstu áhættuþætti fyrirtækisins og gera viðeigandi ráðstafanir sem draga úr líkum á óæskilegum atburðum. Stjórnendur stýra áhættu félagsins; annarsvegar í samræmi við áhættuvilja, sem stjórn Isavia setur og er sú áhætta sem samstæðan er tilbúin að samþykkja til að ná markmiðum sínum, og hins vegar áhættuþol sem eru mörk ásættanlegra frávika frá þeim markmiðum sem eru m.a. skilgreind í lögum og reglum um starfsemina, innlendum og alþjóðlegum skuldbindingum, stefnuskjölum, ferlum, verklagsreglum og handbókum.

Unnið er að því að styrkja áhættustýringu innan Isavia. Það er gert með því að samræma aðferðarfræði milli allra sviða og deilda móður- og dótturfélaga Isavia þannig að hún fari fram eftir heildstæðum og stöðluðum leiðum. Sett hafa verið markmið er varða þroska áhættustýringar til samræmis við viðurkenndar kenningar þar að lútandi. Markmiðið er að í apríl 2024 verði áhættustýring almennt vel skipulögð í daglegum verkefnum og að tekið verði í auknum mæli tillit til áhættu við ákvarðanatöku og við úthlutun auðlinda. Þá mun áhættustýring einnig endurspeglast í frammistöðumælingum, svo sem við mat á lykilmælikvörðum sem mæla ógnir og tækifæri lykilþátta til lengri og skemmri tíma. Gert er ráð fyrir að þessu markmiði verði náð í lok árs 2025 og að þá verði félagið leiðandi í áhættustýringu og komið í kjörstöðu árið 2027.

## Yfir- og undiráhættuþættir Isavia skiptast með eftirfarandi hætti

**Stefnumótunaráhætta**

- Stefnuáhætta
- Menningaráhætta
- Stjórnmálaleg áhætta
- Eigendaáhætta

**Fjármálaáhætta**

- Fjármögnunar/ lausafjáráhætta
- Markaðsáhætta
- Mótaðilaáhætta
- Efnahagsleg áhætta

**Rekstraráhætta**

- Upplýsingaöryggisáhætta
- Starfsmannaáhætta
- Vinnuverndaráhætta
- Flugöryggisáhætta
- Flugverndaráhætta
- Flugvallasamfélag og viðskiptavinir
- Aðfangakeðjan
- Loftslagsáhætta

**Hlítingaráhætta**

- Starfsleyfisáhætta
- Sjálfbærniáhætta

EFNISYFIRLIT


**Inngangur**

3 Inngangsorð forstjóra
4 Ávarp stjórnarformanns
5 Árið 2022
6 Lykiltölur
8 Helstu fréttir ársins 2022

**Stefna og stjórnun**

11 Stjórn og stjórnarhættir
13 Áhættustýring
14 Starfsemi
17 Stefna og framtíðarþróun
22 Virðissköpun
24 Mikilvægir þættir

**Sjálfbærir flugvellir og flugvallasamfélag**

28 Loftslagsmál
32 Auðlindanýting
34 Lífsgæði
36 Mannauður
41 Viðskiptavinir
43 Innkaup
44 Öryggi og vernd
46 Uppbygging og þróun

**Viðaukar**

50 GRI tilvísunartafla
61 Ársreikningur


# Starfsemi

*Isavia ohf. annast uppbyggingu og rekstur Keflavíkurflugvallar. Dótturfélög þess, Isavia ANS ehf. og Isavia Innanlandsflugvellir ehf., reka annars vegar flugleiðsöguþjónustu á einu stærsta flugstjórnarsvæði heims og hins vegar öflugt net innanlandsflugvalla á Íslandi. Þessu til viðbótar rekur dótturfélagið Fríhöfnin ehf. fjórar verslanir á Keflavíkurflugvelli.*

## Starfsemi Isavia ohf.

Móðurfélagið Isavia rekur Keflavíkurflugvöll. Flugvöllurinn er að fullu rekinn á viðskiptalegum forsendum og í hörðu samkeppnisumhverfi. Í starfsemi hans liggja stærstu viðskiptatækifærin en um leið mesta rekstraráhættan.

Á Keflavíkurflugvelli starfa tvö kjarnasvið félagsins. Annars vegar Viðskipti og þróun sem sinnir flugfélögum og leiðarþróun, viðskiptatekjum og sölu, viðskiptainnsýn og bestun, markaðsmálum og upplifun, mannvirkjum og innviðum sem og flugvallaþróun og uppbyggingu. Hins vegar Þjónusta og rekstur sem sinnir flugvernd, þjónustu og samhæfingu, flugvallarþjónustu, rekstri flugturns, þjónustugæðum, neyðarviðbúnaði og öryggisstjórnun.

Stoðsvið Isavia eru tvö. Annars vegar er Fjármála- og mannauðssvið sem sinnir reikningshaldi og uppgjörum, lögfræðiþjónustu, innkaupum, skjalastjórnun og hagdeildarþjónustu ásamt mannauðsmálum og fræðslu. Hins vegar er Stafræn þróun og upplýsingatækni sem sinnir stafrænni þróun, kerfisrekstri og notendaþjónustu.

Stjórnarhættir, stefnumótun og sjálfbærni, ferlar og umbætur, almannatengsl og skipulagsdeild Keflavíkurflugvallar tilheyra skrifstofu forstjóra.

Stoðsviðin eru hluti af rekstri Keflavíkurflugvallar ásamt skrifstofu forstjóra. Rík áhersla er lögð á að öll svið móðurfélagsins auk skrifstofu forstjóra taki að sér verkefni fyrir alla samstæðu Isavia.

## Isavia ANS

Isavia ANS ehf. er með starfsleyfi til að veita flugleiðsöguþjónustu fyrir innanlandsflug, millilandaflug og alþjóðaflug. Félagið annast m.a. flugumferðarþjónustu á Norður-Atlantshafi fyrir hönd Íslands, á svæði sem er nefnt íslenska flugstjórnarsvæðið. Alþjóðaflugmálastofnunin (ICAO) hefur falið sjö ríkjum að sjá um flugumferðarþjónustu yfir þessu svæði, en auk Íslands eru það Bretland, Kanada, Noregur, Bandaríkin, Danmörk og Portúgal.

Starfsemi Isavia ANS grundvallast á milliríkjasamningi við 25 ríki um þjónustu og fjármögnun sem byggir á endurheimtukerfi kostnaðar (e. Full cost recovery system). Tæplega fjórðungur flugumferðar á leið yfir Norður-Atlantshafið fer í gegnum íslenska flugstjórnarsvæðið, en svæðið hefur mikla sérstöðu meðal úthafssvæða vegna sveigjanleika, bæði hvað varðar flugleiðir og flughæðir. Skrifstofur Isavia ANS ehf. eru á Reykjavíkurflugvelli en deildin flugfjarskipti er með starfsemi í Sóleyjarima í Grafarvogi.

Skipurit Isavia samstæðunnar




Skipurit Isavia ohf.



EFNISYFIRLIT

**Inngangur**

3 Inngangsorð forstjóra
4 Ávarp stjórnarformanns
5 Árið 2022
6 Lykiltölur
8 Helstu fréttir ársins 2022

**Stefna og stjórnun**

11 Stjórn og stjórnarhættir
13 Áhættustýring
14 Starfsemi
17 Stefna og framtíðarþróun
22 Virðissköpun
24 Mikilvægir þættir

**Sjálfbærir flugvellir og flugvallasamfélag**

28 Loftslagsmál
32 Auðlindanýting
34 Lífsgæði
36 Mannauður
41 Viðskiptavinir
43 Innkaup
44 Öryggi og vernd
46 Uppbygging og þróun

**Viðaukar**

50 GRI tilvísunartafla
61 Ársreikningur

Dótturfyrirtæki Isavia ANS eru Tern Systems, sem þróar hugbúnað fyrir flugleiðsöguþjónustu, og Suluk, sem heldur utan um rekstur flugleiðsöguþjónustu á Grænlandi. Suluk ApS er staðsett á Kangerslussuaq flugvelli á Grænlandi. Tern er með aðalskrifstofur sínar í Hlíðarsmára í Kópavogi og skrifstofur í Búdapest, Ungverjalandi.

## Isavia Innanlandsflugvellir

Isavia Innanlandsflugvellir ehf. sér um rekstur íslenskra áætlunarflugvalla annarra en Keflavíkurflugvallar. Félagið rekur þrjá flugvelli sem tekið geta við millilandaflugi; Reykjavíkurflugvöll, Akureyrarflugvöll og Egilsstaðaflugvöll, auk níu minni flugvalla og lendingarstaða fyrir reglubundið áætlunarflug innanlands. Félagið hefur einnig umsjón með 30 öðrum lendingarstöðum um land allt. Skrifstofur Isavia Innanlandsflugvalla ehf. eru á Reykjavíkurflugvelli.

Starfsemin nær allt frá almennri flugvallarþjónustu, flugumferðarþjónustu, flugvernd og umsjón með verklegum framkvæmdum auk öryggis- og gæðamála. Reksturinn grundvallast á þjónustusamningi félagsins við samgöngu- og sveitastjórnarráðuneytið (nú innviðaráðuneyti) sem ákvarðar þjónustustig flugvallanna, rekstur og viðhald, enda er um að ræða hluta af almenningssamgöngukerfi sem er í eigu ríkisins.

## Fríhöfnin

Fríhöfnin ehf. rekur fjórar verslanir með tollfrjálsan varning á Keflavíkurflugvelli samkvæmt rekstrarleyfissamningi við móðurfélagið Isavia. Þrjár þeirra eru fyrir brottfararfarþega og ein fyrir komufarþega. Skrifstofur Fríhafnarinnar eru á Keflavíkurflugvelli.

## Umsvif á Keflavíkurflugvelli

Tveir þættir hafa mest áhrif á umsvif Isavia, annars vegar fjöldi flughreyfinga og hins vegar fjöldi farþega. Tekjur okkar á Keflavíkurflugvelli koma fyrst og fremst frá flugfélögum sem fljúga á flugvöllinn, leigutekjum af veitinga- og verslanarýmum auk annarra tekna af leigu á aðstöðu.

Tvö erfið ár af heimsfaraldri settu sitt mark á upphaf þessa árs á Keflavíkurflugvelli. Í byrjun janúar höfðu takmarkanir verið hertar verulega og neyðarstigi Almannavarna lýst yfir í þriðja sinn frá því heimsfaraldur hófst vegna útbreiðslu Omicron afbrigðis. En þann 25. febrúar birti til. Þá var tilkynnt að öllum opinberum takmörkunum vegna Covid væri aflétt, bæði innanlands og á landamærunum. Síðan þá hafa umsvif vallarins færst aftur í eðlilegt horf.

Á árinu var mikil áhersla lögð á að endurheimta rekstur þeirra flugfélaga sem störfuðu héðan fyrir heimsfaraldur. Stærstur hluti þeirra kom til baka árið 2021 og tvö flugfélög sneru aftur og eitt nýtt bættist í hópinn árið 2022.

26 flugfélög flugu til og frá Keflavíkurflugvelli síðasta sumar og er það sami fjöldi og sumarið 2019, áður en heimsfaraldur kórónuveirunnar hófst. Í júlí 2022 var endurheimt á farþegafjölda 101% miðað við sama mánuð árið 2019. Næstu fjóra mánuði, eða út nóvember, var farþegafjöldinn yfir fjölda sömu mánaða árið 2019. Farþegar í desember voru aðeins undir fjölda sama mánaðar árið 2019.

20 flugfélög fljúga til landsins í vetur, eða fjögur fleiri en veturinn á undan (2021–2022). Fjöldinn nú í vetur er sá mesti sem verið hefur frá upphafi og er því að þakka mikilli vinnu við að jafna út árstíðarsveiflur á flugvellinum.

Heilt á litið var árið mun betra en spár gerðu ráð fyrir. Endurheimt á farþegum var 181% miðað við árið áður og var 86% frá 2019. 6,1 milljón farþega fóru um Keflavíkurflugvöll árið 2022 og þar af voru erlendir ferðamenn tæplega 1,7 milljón og Íslendingar um 600 þúsund. Af 90 áfangastöðum í ár voru London, Kaupmannahöfn, New York, París og Boston vinsælastir.

2022 var hlutfall tengifarþega á Keflavíkurflugvelli 25%, það er nokkuð frá því sem áður var, en hlutfall tengifarþega náði hámarki árið 2018 þegar það fór yfir 40%. Lágmarkstengitími farþega á Keflavíkurflugvelli eru 25 mínútur.

Icelandair hefur lengi notað flugvöllinn sem tengipunkt á milli Evrópu og Norður-Ameríku. Í apríl hóf Play flug til Norður-Ameríku og á sama tíma tengiflug í gegnum Keflavík.

## Framkvæmdastjórn Isavia



**Sveinbjörn Indriðason**
*Forstjóri*



**Anna Björk Bjarnadóttir**
*Framkvæmdastjóri þjónustu og rekstrar*



**Bjarni Örn Kærnested**
*Framkvæmdastjóri stafrænnar þróunar og upplýsingatækni*



**Guðmundur Daði Rúnarsson**
*Framkvæmdastjóri viðskipta og þróunar*



**Ingibjörg Arnarsdóttir**
*Framkvæmdastjóri fjármála og mannauðs*



**Elísabet Sverrisdóttir**
*Aðstoðarmaður forstjóra*

## Starfsemi dótturfélaga



**Kjartan Briem**
*Framkvæmdastjóri Isavia ANS*



**Sigrún Björk Jakobsdóttir**
*Framkvæmdastjóri Isavia Innanlandsflugvalla*



**Þorgerður Þráinsdóttir**
*Framkvæmdastjóri Fríhafnarinnar*

EFNISYFIRLIT

**Inngangur**

3 Inngangsorð forstjóra
4 Ávarp stjórnarformanns
5 Árið 2022
6 Lykiltölur
8 Helstu fréttir ársins 2022

**Stefna og stjórnun**

11 Stjórn og stjórnarhættir
13 Áhættustýring
14 Starfsemi
17 Stefna og framtíðarþróun
22 Virðissköpun
24 Mikilvægir þættir

**Sjálfbærir flugvellir og flugvallasamfélag**

28 Loftslagsmál
32 Auðlindanýting
34 Lífsgæði
36 Mannauður
41 Viðskiptavinir
43 Innkaup
44 Öryggi og vernd
46 Uppbygging og þróun

**Viðaukar**

50 GRI tilvísunartafla
61 Ársreikningur



Árið 2023 eigum við von á 26 flugfélögum sem munu fljúga til yfir 94 áfangastaða. Þá munu 13 nýjar tengingar bætast við leiðarkerfi Keflavíkurflugvallar.

Fraktflug er í örum vexti á Keflavíkurflugvelli. Þar starfa nú þrjú flugfélög með áætlunarfraktflug; Bluebird, DHL og Icelandair Cargo. Icelandair Cargo bætti við tveimur B767 fraktflugvélum á árinu. Félagið hóf flug til Chicago og New York í lok árs 2022 og mun hefja beint flug til Los Angeles vorið 2023. Við stefnum að frekari þróun og uppbyggingu fraktflugs á Keflavíkurflugvelli á næstu árum.

Tvær flugbrautir eru á Keflavíkurflugvelli; 3.054 og 3.065 metrar að lengd. Sex flugafgreiðsluaðilar starfa á vellinum; Icelandair, Airport Associates, South Air, Iceland Jet Center, ACE og Íslenska flugafgreiðslufélagið (Iceland Aero Center).

## Farþega- og umferðarspár 2023

Fjöldi farþega um Keflavíkurflugvöll og fjöldi flughreyfinga (farþega- og fraktflug) eru þeir tveir þættir sem hafa hvað mest áhrif á umsvif okkar. Þess vegna gerum við spár um hvort tveggja sem hjálpa okkur að bregðast við síkviku rekstrarumhverfi.

Spárnar eru unnar í nánu samstarfi við þau flugfélög sem fljúga til Keflavíkurflugvallar og byggja m.a. á afgreiðslutímum flugfélaganna, á upplýsingum úr kerfum okkar, samtölum og fréttum af áformum flugfélaga.

Farþegaspá 2023 gerir ráð fyrir að 7,8 milljón farþegar fari um Keflavíkurflugvöll. Það er þriðji mesti fjöldi farþega um flugvöllinn á einu ári frá upphafi. Þá er gert ráð fyrir að tengifarþegar verði 27% af heildar farþegafjöldanum, eða 2,2 milljónir.

Farþegaspáin er einnig notuð til að spá fyrir um fjölda ferðamanna til Íslands. Árið 2023 er gert ráð fyrir 2,2 milljónum erlendra ferðamanna. Gangi sú spá eftir verður árið 2023 næst stærsta ferðamannaár í sögu landsins. Aðeins einu sinni áður hafa fleiri komið hingað til lands þegar 2,3 milljónir heimsóttu okkur árið 2018.

Umferðarspá fyrir íslenska flugstjórnarsvæðið er unnin a.m.k. árlega af vinnuhópi sem nefnist North Atlantic Economic Financial Forecasting Group (NAT EFFG). Spáin nær til flugumferðar um Norður-Atlantshafið, þar með talið allrar umferðar um íslenska flugstjórnarsvæðið. Spáin er m.a nýtt fyrir tekju- og kostnaðaráætlanir. Isavia ANS á fulltrúa í hópnum ásamt öllum þjónustuveitendum og fulltrúum samtaka notenda á Norður Atlantshafi.

Farþega- og umferðarspár eru unnar og birtar í lok hvers árs.

## Nýjar alþjóðlegar tengingar um innanlandsflugvelli

Kynning á nýjum gáttum til Íslands er verkefni sem Isavia Innanlandsflugvellir er þátttakandi í ásamt Íslandsstofu, Austurbrú og Markaðsstofu Norðurlands. Markmiðið er að vekja athygli á Flugþróunarsjóði menningar- og ferðamálaráðuneytisins en sjóðurinn styður við uppbyggingu og eflingu nýrra alþjóðlegra flugleiða til og frá flugvöllunum á Akureyri og Egilstöðum. Flugfélög geta sótt um þróunar- og markaðsstyrki í sjóðinn sem auðveldar þeim að koma á nýjum tengingum.

Íslandsstofa og Isavia Innanlandsflugvellir hafa kynnt verkefnið víða um heim, meðal annars á Routes Europe ráðstefnunni sem fulltrúar flugfélaga um allan heim taka þátt í. Verkefninu hefur verið vel tekið og nú stefnir í að tvö ný flugfélög, Edelweiss og Condor, muni hefja reglulegt millilandaflug frá Akureyri og Egilsstöðum til meginlands Evrópu. Þau bætast í hóp Transavia Holland og Niceair sem hóf áætlunarflug frá Akureyri til Kaupmannahafnar og Tenerife á árinu. Flugfélagið er með frekari vöxt í undirbúningi fyrir árið 2023 og er frumkvæði þeirra í málaflokknum mikilvæg fyrirmynd fyrir önnur félög sem vilja feta sömu braut.

Íslandsstofa hefur jafnframt séð um að kynna verkefnið í erlendum og innlendum miðlum. Birst hafa umfjallanir og viðtöl við framkvæmdastjóra Isavia innanlandsflugvalla í mörgum af helstu flugtímaritum Evrópu þar sem Norður- og Austurland eru kynnt sem nýjar gáttir í Norður-Atlantshafi.

EFNISYFIRLIT

**Inngangur**

3 Inngangsorð forstjóra
4 Ávarp stjórnarformanns
5 Árið 2022
6 Lykiltölur
8 Helstu fréttir ársins 2022

**Stefna og stjórnun**

11 Stjórn og stjórnarhættir
13 Áhættustýring
14 Starfsemi
17 Stefna og framtíðarþróun
22 Virðissköpun
24 Mikilvægir þættir

**Sjálfbærir flugvellir og flugvallasamfélag**

28 Loftslagsmál
32 Auðlindanýting
34 Lífsgæði
36 Mannauður
41 Viðskiptavinir
43 Innkaup
44 Öryggi og vernd
46 Uppbygging og þróun

**Viðaukar**

50 GRI tilvísunartafla
61 Ársreikningur

# Stefna og framtíðarþróun

*Sem opinbert hlutafélag störfum við eftir lögum um starfsemina og eftir eigandastefnu ríkisins. Stefna félagsins er mótuð af stjórn og framkvæmdastjórn innan þess ramma. Dótturfélög Isavia setja sína eigin fyrirtækjastefnu, en vinna í samræmi við flestar stuðningsstefnur móðurfélagsins. Er það í samræmi við eigandastefnu dótturfélaga Isavia ohf. Framkvæmdastjórn hvers félags ber ábyrgð á framfylgd sinnar stefnu.*

Isavia er þjónustufyrirtæki sem gegnir því mikilvæga hlutverki að hafa með höndum rekstur, viðhald og uppbyggingu á innviðum sem er grunnur að flugsamgöngum landsins, tengingum við umheiminn og flugi á milli heimsálfa. Starfsemin skiptir þar af leiðandi miklu máli fyrir þjóðarhag og starfsfólk félagsins leggur sig fram við að haga störfum sínum á öruggan og skilvirkan hátt í sátt við umhverfi og samfélag.

## Stefna Isavia ohf.

Tilgangur Isavia ohf. er að leiða flugvallarsamfélag sem eykur lífsgæði og velsæld á Íslandi. Þar gegnir starfsemi Keflavíkurflugvallar lykilhlutverki fyrir innviði landsins og sú ábyrgð sem starfseminni fylgir fyrir sjálfbæra framtíð.

Framtíðarsýn okkar er að tengja heiminn í gegnum Ísland. Hún felur í sér fjölgun á flugtengingum á milli heimsálfa og þar með bættu aðgengi landsmanna að erlendum mörkuðum sem stuðlar að aukinni samkeppnishæfni og hagsæld landsins.

Í dag er unnið að því að skerpa á viðskiptalíkani félagsins og auka skilning á virðiskeðju starfseminnar. Einnig er unnið að skýrri aðgerðaáætlun til framtíðar og innleiðingu á stefnubókhaldi sem styðja mun við að settum markmiðum sé náð. Aðgerðirnar eru hluti af því að gera fyrirtækið stefnumiðaðra í stjórnun.

Við fylgjum fjórum heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna (8, 9, 13 og 17) og vinnur jafnframt með önnur heimsmarkmið í stuðningsstefnum sínum.

## Stefnuhringur Isavia

Stefnuhringurinn er áttaviti um áherslur félagsins til framtíðar. Hann tengir saman sjö stefnuáherslur sem leiða félagið að framtíðarsýn þess og endurspegla vinnu í átt að sjálfbærni á öllum sviðum starfseminnar.

Stefnuhringur Isavia og markmið honum tengdum hafa verið kynnt fyrir öllu starfsfólki og er nú hluti af nýliðakynningum félagsins.

Isavia er eitt af fjölmörgum fyrirtækjum sem starfa á Keflavíkurflugvelli. Félagið leiðir flugvallarsamfélagið og á frumkvæði að því að vinna markvisst með viðskiptafélögum sínum að sameiginlegum árangri sem ein heild. Í þeirri samvinnu höfum við viðskiptavini okkar í fyrirrúmi með því að bjóða upp á einstaka upplifun og skilvirka, snjallvædda og góða þjónustu.

Keflavíkurflugvöllur er einn af lykilinnviðum landsins og því er lögð áhersla á að byggja upp og viðhalda innviðum hans til lengri tíma og bæta stöðugt nýtingu auðlinda með arðsemi og langtímahagsmuni að leiðarljósi. Um leið er stuðlað að nýsköpun og stöðugri framþróun í starfseminni. Við höfum sjálfbærni að leiðarljósi í öllum okkar störfum og leggjum áherslu á að vera til fyrirmyndar í öryggis- og verndarmálum.

Skýr stefna og framtíðarsýn er lykillinn að því að starfsfólk geti tengt störf sín við stefnu félagsins og unnið eftir henni. Fyrirtækjamenning þar sem samskipti og samvinna starfsfólks byggist á uppbyggjandi og heiðarlegum samskiptum er undirstaða þess að fyrirtækið nái árangri í síbreytilegu umhverfi. Isavia hefur verið í umbreytingaverkefni með erlendum ráðgjöfum sem heitir Saman á nýrri vegferð frá miðju ári 2021. Vegferðinni er ætlað að færa menningu félagsins yfir í uppbyggjandi menningu til að styðja við árangursríka innleiðingu á stefnu félagsins.




**MENNINGARSÁTTMÁLINN**
– leiðarljós okkar í hegðun

Við sýnum hvert öðru **virðingu** og erum **heiðarleg** gagnvart sjálfum okkur og öðrum. Við gætum þess að viðhalda **gleðinni**, erum **hugrökk**, **uppbyggileg** og tökum **ábyrgð** á eigin frammistöðu.

**Saman** náum við árangri.

Allt starfsfólk okkar tekur þátt í vegferðinni og starfar í samræmi við menningarsáttmála félagsins sem er í anda þeirrar kjörmenningar sem við vinnum að.

EFNISYFIRLIT

**Inngangur**

3 Inngangsorð forstjóra
4 Ávarp stjórnarformanns
5 Árið 2022
6 Lykiltölur
8 Helstu fréttir ársins 2022

**Stefna og stjórnun**

11 Stjórn og stjórnarhættir
13 Áhættustýring
14 Starfsemi
17 Stefna og framtíðarþróun
22 Virðissköpun
24 Mikilvægir þættir

**Sjálfbærir flugvellir og flugvallasamfélag**

28 Loftslagsmál
32 Auðlindanýting
34 Lífsgæði
36 Mannauður
41 Viðskiptavinir
43 Innkaup
44 Öryggi og vernd
46 Uppbygging og þróun

**Viðaukar**

50 GRI tilvísunartafla
61 Ársreikningur

## Stefnumælikvarðar

Lykilmælikvarðar Isavia ohf. voru uppfærðir á árinu til að vinna markvisst að árangri stefnunnar. Forstöðufólk félagsins vann tillögur að stefnumælikvörðum sem samþykktar voru af framkvæmdastjórn. Ákveðið var að vinna eftir fimm lykilmælikvörðum.

| Stefnumælikvarði | | *Markmið ársins 2023* |
|---|---|---|
| *Arðbært fyrirtæki sem byggir á sterkum innviðum* | Arðsemi eigin fjár verði komin yfir 10% árið 2027. | Hún fari úr 1,9% í 3,2% árið 2023. |
| *Viðskiptavinir eru í fyrirrúmi* | Hlutfall ánægðra viðskiptavina verði 85% árið 2027. | Það fari úr 84% í 85% árið 2023 fyrir farþega. Mælingar hefjist á ánægju annarra viðskiptavina. |
| *Náum árangri sem liðsheild* | Ánægja starfsfólks fari yfir 8 af 10 árið 2027. | Hún fari úr að meðaltali 7,5 í 8,0 árið 2023 og haldist þar. |
| *Leiðarljós í öllu sem við gerum* | Kolefnisspor Keflavíkurflugvallar verði komið undir 1.000 tonn $CO_2$ árið 2027. | Það fari úr 2.185 tonnum í 1.760 tonn fyrir lok árs 2023. |
| *Stuðlum að öryggismenningu* | Engin alvarleg öryggis-, verndar- eða vinnuverndaratvik verði á Keflavíkurflugvelli árið 2027. | Engin alvarleg atvik í öryggis-, verndar- og vinnuverndarmálaflokkum sem rekja má til starfsemi og innviða Isavia á Keflavíkurflugvelli árið 2023. |

## Stefna Isavia ANS

Stefna Isavia ANS var samþykkt af stjórn félagsins á haustmánuðum 2021 og í framhaldi lagði Isavia ANS mikinn þunga í að innleiða sem flesta þætti úr stefnu sinni. Hlutverk Isavia ANS er að vera loftbrú í norðri og stefnumið félagsins eru:

- Þekkt félag með góða ímynd
- Framúrskarandi í kjarnastarfsemi
- Ánægt starfsfólk og eftirsóttur vinnustaður

Árið 2022 setti Isavia ANS markmið fyrir sjálfbærnistefnu dótturfélagsins, sem miðar að því að styðja kolefnislausan rekstur 2030.

## Stefna Isavia Innanlandsflugvalla

Framtíðarsýn Isavia Innanlandsflugvalla er öflugur rekstur flugvalla sem leggur grunninn að bættum lífsgæðum um land allt. Stefnuáherslur til 2027 eru:

- Traustur rekstur: rekstur félagsins byggir á traustum grunni og öflugum hópi starfsfólks sem skapar svigrúm til langtímauppbyggingar innanlandsflugs.
- Sýnileiki: Sérstaða Isavia Innanlandsflugvalla er skýr meðal hagaðila og skilningur ríkir um mikilvægi starfseminnar.
- Orkuskipti og sjálfbærni: Félagið byggir upp sjálfbæran rekstur, styður við undirbúning orkuskipta í flugi og stuðlar þannig að umhverfisvænum samgöngum.
- Samskipti og samstarf: Félagið er virkur þátttakandi í eflingu flugs sem samgöngumáta.

## Stefna Fríhafnarinnar

Stefna Fríhafnarinnar var unnin árið 2022. Skilgreind voru hlutverk, áherslur næstu fimm ára, gildi og framtíðarsýn. Fjöldi starfsfólks úr öllum deildum fyrirtækisins tók þátt í mótun stefnunnar til að tryggja að hún endurspegli starfsemi fyrirtækisins í heild sinni. Hlutverk Fríhafnarinnar er að skapa virði fyrir viðskiptavinir og eiganda. Stefnuáherslur eru:

- Réttar vörur á réttum stað
- Upplifun viðskiptavina
- Eftirsóknarverður vinnustaður
- Sterkir innviðir

Fríhöfnin hefur sett markmið um sjálfbærni í takt við sjálfbærnistefnu Isavia. Félagið ætlar að verða kolefnislaust fyrir 2030, hafa allar umbúðir af söluvöru í umhverfisvænum umbúðum árið 2030 og auka og gera sýnilegri sjálfbæra valkosti fyrir viðskiptavini í verslunum. Til að ná þessum markmiðum hefur Fríhöfnin sett sér metnaðarfulla aðgerðaráætlun til næstu ára.

## Stuðningsstefnur og ábyrgur rekstur

Með stuðningsstefnunum eru aðgerðir á milli móður- og dótturfélaga Isavia samræmdar. Þær eru settar fram til að leggja áherslu á tiltekna málaflokka og auka líkur á árangri með ítarlegum rekstrarmarkmiðum, mælikvörðum og aðgerðum. Stuðningsstefnur uppfylla alltaf lágmarkslagaskyldur en ganga lengra í samræmi við stefnu félagsins.

Isavia hefur sett fram stuðningsstefnur í samræmi við heildarstefnur Isavia ohf. og dótturfélaga og í samræmi við siðareglur sem styðja við ábyrga starfshætti gagnvart fólki, umhverfi og efnahag.

Framkvæmdastjórar móðurfélags og dótturfélaga hittast ársfjórðungslega á stefnuráðsfundum. Þar eru bæði rædd stefnutengd málefni og önnur málefni sem framkvæmdastjórar félaganna vilja taka upp sín á milli til að samræma stefnutengdar aðgerðir og ábyrgð. Stjórnir félaganna fjalla reglulega um málefni tengd fjármálum, fjárfestingum félagsins, sjálfbærni og samfélagslegri ábyrgð. Þá eru regluleg samskipti og samtal við viðskiptavini og viðskiptafélaga sem starfa innan flugvallarsamfélagsins og nærsamfélagsins órjúfanlegur hluti af starfseminni.

Siðareglur félagsins voru uppfærðar árið 2022. Þær gilda um starfsfólk, stjórnendur og stjórnir félaga samstæðunnar og taka til allrar starfsemi félagsins, viðburða starfsfólks og ferða vegna vinnu. Það er sérstaklega tekið fram í siðareglum að ákvarðanir skuli teknar á sjálfbæran hátt, að unnið sé í samræmi við tíu meginreglur Sameinuðu þjóðanna, Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og að gerðar séu sömu kröfur til birgja í samræmi við siðareglur birgja. Við ákvarðanatöku sé ávallt gengið úr skugga um að þær samræmist gildandi lögum, reglugerðum og alþjóðlegum sáttmálum sem félagið vinnur í samræmi við.

Í siðareglunum er sérsaklega tekið á mikilvægi þess að starfa í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og vinna ávallt gegn spillingu, mútum, kúgun og fjársvikum. Starfsfólki ber að gæta að persónuvernd og virða tilfinningar, friðhelgi og einkalíf annarra. Lögð er áhersla á að koma fram við samstarfsfólk og viðskiptafélaga af virðingu. Einelti, kynferðislega áreitni, kynbundið áreiti eða annarskonar ofbeldi er ekki liðið undir neinum kringumstæðum. Við mismunum ekki á grundvelli kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis, fötlunar, aldurs eða stöðu.

Sjálfbærni er höfð að leiðarljósi í öllu sem félagið gerir. Við sýnum frumkvæði og vinnum markvisst að því að vera til fyrirmyndar í málaflokknum

EFNISYFIRLIT


**Inngangur**

3 Inngangsorð forstjóra
4 Ávarp stjórnarformanns
5 Árið 2022
6 Lykiltölur
8 Helstu fréttir ársins 2022

**Stefna og stjórnun**

11 Stjórn og stjórnarhættir
13 Áhættustýring
14 Starfsemi
17 Stefna og framtíðarþróun
22 Virðissköpun
24 Mikilvægir þættir

**Sjálfbærir flugvellir og flugvallasamfélag**

28 Loftslagsmál
32 Auðlindanýting
34 Lífsgæði
36 Mannauður
41 Viðskiptavinir
43 Innkaup
44 Öryggi og vernd
46 Uppbygging og þróun

**Viðaukar**

50 GRI tilvísunartafla
61 Ársreikningur


á Íslandi. Við vinnum stöðugt að því að auka sjálfbærni í öllu flugvallarsamfélaginu, deilum þekkingu og reynslu og eigum í góðri samvinnu við nærsamfélagið. Þannig byggjum við upp langtímavirðisauka fyrir hagkerfið í heild.

Við leggjum áherslu á sjálfbæra ákvörðunartöku og að vinna að framþróun og stöðugum umbótum í málaflokknum. Sjálfbærnistefna Isavia leggur áherslu á skuldbindingu félagsins við verndun umhverfisins, lágmörkun á neikvæðum umhverfisáhrifum vegna starfseminnar, sjálfbær innkaup, góða nýtingu auðlinda, endurnýtingu, endurvinnslu og styrkingu hringrásarhagkerfisins.

Innviðir eru byggðir upp á sjálfbæran hátt og umhverfisáhrifum vegna framkvæmda og reksturs er haldið í lágmarki. Markmið félagsins er kolefnisleysi í eigin starfsemi í síðasta lagi árið 2030. Markmiðinu verður náð með samstarfi og virkri vöktun á umhverfisþáttum, orkuskiptum og með kolefnisjöfnun eftir þörfum. Í starfsemi félagsins næst mestur árangur í minnkun kolefnisspors með orkuútskiptum véla og ökutækja.

Nánari upplýsingar um umhverfismál eru í sjálfbærnikafla skýrslunnar.

Mannauðs- og jafnréttisstefna félagsins var uppfærð árið 2022. Þar er enn frekar lögð áhersla á jafnrétti og að allt starfsfólk fái jöfn tækifæri og möguleika. Þar er sérstaklega fjallað um að allt starfsfólk fái greidd jöfn laun og njóti sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf óháð kyni, enda er félagið með jafnlaunakerfi í samræmi við kröfur jafnlaunastaðalsins og íslenskra laga hverju sinni.

Sérstök stuðningsstefna er um vinnuvernd þar sem Isavia skuldbindur sig til að vera til fyrirmyndar í öryggis-, heilsu- og vinnuverndarmálum með því að stuðla að öruggu og heilsusamlegu vinnuumhverfi fyrir þau sem starfa á og heimsækja starfsstöðvar félagsins. Stefnan er liður í því að fyrirbyggja slys, vinna að góðum aðbúnaði starfsfólks og tryggja heilsusamlegt vinnuumhverfi. Við hvetjum starfsfólkið okkar til að tileinka sér heilbrigðan lífsstíl og fyrirtækið leggur til velferðarþjónustu. Lögð er áhersla á að vinna að öryggis- og vinnuverndarmálum í samvinnu við aðra hagaðila á Keflavíkurflugvelli.

Nánar er fjallað um mannauðsstefnuna undir mannauðskafla skýrslunnar og vinnuverndarstefnu undir kafla um hana.

Siðareglur birgja eru settar í samræmi við tíu meginreglur UN Global Compact og skilyrði Alþjóða vinnumálastofnunarinnar (ILO). Gerð er krafa til birgja félaganna að þeir uppfylli siðareglurnar sem lágmarks viðmið og að þeir geri sömu kröfu til sinna birgja. Tilkynna ber Isavia ef grunur vaknar um brot á reglum hjá þeim. Siðareglurnar eru fylgiskjal með öllum samningum félagsins. Sé þess óskað þurfa birgjar að geta staðfest að þessum siðareglum sé fylgt. Í siðareglunum er tekið á félagafrelsi og rétti til samninga, nauðungarvinnu, barnavinnu, mismunun,

Lög sem eiga við starfsemina

Almenn eigandastefna ríkisins

Eigandastefna dótturfélaga Isavia ohf.

| Stuðningsstefnur í gildi: | Stefna Isavia ohf. | Stefna Fríhafnarinnar | Stefna ANS | Stefna Innanlandsflugvalla |
|---|---|---|---|---|
| Mannauðs- og jafnréttisstefna | x | x | x | x |
| Stefna um áhættustýringu | x | x | x | x |
| Sjálfbærnistefna | x | x | x | x |
| Upplýsingaöryggisstefna | x | x | x | x |
| Vinnuverndarstefna | x | x | x | x |
| Innkaupahættir | x | x | x | x |
| Siðareglur Isavia | x | x | x | x |
| Siðareglur birgja | x | x | x | x |
| Öryggisstefna | x | | | x |

*Meðferð persónuupplýsinga, reglur um fyrirspurnir á grundvelli upplýsingalaga, viðbragsáætlun EKKO, reglur um meðferð kvartana, reglur um vernd uppljóstrara*

launum, vinnutíma, heilsu og öryggi, mannréttindum, umhverfismálum, siðferði í viðskiptum og hagsmunaárekstrum.

Nánar er fjallað um innkaup og birgjasamskipti undir kafla um birgja.

Setning og endurskoðun stuðningsstefna fer eftir formlegu verklagi og eru samþykktar af forstjóra eða stjórn eftir því sem við á. Siðareglur félagsins og siðareglur birgja falla undir sama ferli.

Forstjóri, eða einstaka framkvæmdastjórar, bera ábyrgð á endurskoðun og umsjón með framgangi mismunandi stuðningsstefna og allir framkvæmdastjórar bera ábyrgð á framfylgd þeirra á sínum sviðum. Forstjóri er umsjónaraðili sjálfbærnistefnu, siðaregla Isavia og siðaregla birgja. Framkvæmdastjóri Þróunar og reksturs er umsjónaraðili vinnuverndarstefnu og öryggisstefnu. Framkvæmdastjóri Fjármála og mannauðs er umsjónaraðili mannauðs- og jafnréttisstefnu, stefnu um heildstæða áhættustýringu og innkaupahátta. Framkvæmdastjóri Stafrænnar þróunar og upplýsingatækni er umsjónaraðili upplýsingaöryggisstefnu.

Gildandi stefnur eru kynntar innan fyrirtækisins og birtar á ytri vef félagsins: https://www.isavia.is/fyrirtaekid/um-isavia/fyrirtaekid/stefna-isavia

EFNISYFIRLIT

Inngangur

3 Inngangsorð forstjóra
4 Ávarp stjórnarformanns
5 Árið 2022
6 Lykiltölur
8 Helstu fréttir ársins 2022

Stefna og stjórnun

11 Stjórn og stjórnarhættir
13 Áhættustýring
14 Starfsemi
17 Stefna og framtíðarþróun
22 Virðissköpun
24 Mikilvægir þættir

Sjálfbærir flugvellir og flugvallasamfélag

28 Loftslagsmál
32 Auðlindanýting
34 Lífsgæði
36 Mannauður
41 Viðskiptavinir
43 Innkaup
44 Öryggi og vernd
46 Uppbygging og þróun

Viðaukar

50 GRI tilvísunartafla
61 Ársreikningur







## Sjálfbærnistefna

Við höfum sjálfbærni að leiðarljósi í öllu sem félagið gerir. Sjálfbærnistefna Isavia er ein af stuðningsstefnum félagsins og ein af sjö stefnuáherslum í stefnuhring Isavia. Stefnan, markmiðin, mælikvarðarnir og aðgerðaáætlunin sem henni fylgir styðja við það að félagið nái árangri í sjálfbærni.

Sjálfbærnistefnan lýsir jafnvæginu á milli efnahags, umhverfis og samfélags. Sjálfbærniferningurinn skiptist upp í fjóra þætti sem skipta mestu máli fyrir okkur að leggja áherslu á miðað við heildarstefnuna og þá starfsemi sem félagið er í. Umhverfisþættinum hefur verið skipt upp og loftslagsmál verið sérstaklega dregin þar fram til þess að vekja athygli á mikilvægi þess að minnka kolefnisspor félagsins.

Markmið félagsins er að Keflavíkurflugvöllur verði orðinn kolefnislaus árið 2030. Til að það verði að veruleika störfum við eftir metnaðarfullri aðgerðaáætlun til ársins 2027. Markmið okkar, mælikvarðar og aðgerðir til að ná árangri í sjálfbærni koma fram í fimm ára aðgerðaáætlun um sjálfbærni sem var skilað inn til Umhverfisstofnunar í lok árs 2021 eins og lög gera ráð fyrir. Fylgst er með nýsköpun á sviði sjálfbærni og fjárfest eftir þörfum til að Keflavíkurflugvöllur verði tilbúinn undir sjálfbæra framtíð. Unnið er að stöðugri framþróun og umbótum í málaflokknum.

Við val á markmiðum, og úrbótaverkefnum þeim tengdum, var horft til eðlis fyrirtækisins og stefnu, ábendinga ytri hagaðila, Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna og áherslna stjórnvalda þeim tengdum og í loftslagsmálum. Um leið var horft til úrbótatækifæra út frá GRI þáttunum, skuldbindinga félagsins við meginreglur UN Global Compact og þeirra hvatningaverkefni sem félagið er aðili að. Einnig var horft til leiðbeininga um sjálfbærnivegferð fyrir flugvelli sem gefnar eru út af ACI, alþjóðasamtökum flugvalla.

Framfylgd stefnunnar næst einungis með nánu samstarfi við mismunandi einingar félagsins, við dótturfélög um markmið og aðgerðir og í samvinnu við flugvallarsamfélagið á Keflavíkurflugvelli. Félagið er með vottað umhverfisstjórnunarkerfi og því eru framkvæmdastjórn og stjórn félagsins upplýst reglulega um mismunandi þætti sjálfbærni og áhyggjuefni sem koma upp þeim tengdum. Forstjóri ber ábyrgð á sjálfbærnistefnu samstæðunnar, en framkvæmdin er hjá forstöðumanni stefnumótunar og sjálfbærni fyrir hans hönd. Allir framkvæmdastjórar bera ábyrgð á framfylgd stefnunnar. Aðgerðum í sjálfbærni er fylgt eftir gagnvart ábyrgðaraðilum í stefnubókhaldi reglulega yfir árið. Þannig aukast líkur á því að væntur árangur náist. Ábyrgðaraðilar aðgerða eru framkvæmdastjórar og forstöðufólk félagsins.

### Aðgerðaáætlun sjálfbærnistefnu

Unnið var markvisst eftir aðgerðaáætluninni árið 2022 og aðgerðum fylgt eftir í stefnubókhaldi félagsins. Um 80% árangur náðist í framvindu aðgerða og rétt tæplega 70% lauk alveg. Aðrar aðgerðir færðust yfir á árið 2023 enda voru einhverjar þeirra settar til meira en eins árs. Alls var lokið við 24 aðgerðir af 36 árið 2022 í þeim fjórum flokkum sem sjálfbærnistefnan nær til. Árið 2023 mun verða unnið að 37 aðgerðum í sjálfbærni.

Aðgerðaáætlunin var rýnd með framkvæmdastjórn í lok árs 2022 þar sem samþykkt var að vinna að þeim mælikvörðum og aðgerðum sem eru í henni fyrir árið 2023. Hægt er að nálgast ítarlegri upplýsingar um Sjálfbærnistefnu Isavia ásamt aðgerðaáætlun hér: www.isavia.is/fyrirtaekid/um-isavia/samfelag-og-umhverfi/samfelag/sjalfbaerni

## Skipulag og þróun

Við fylgjum skýrri uppbyggingar- og þróunaráætlun. Slíkar áætlanir fyrirfinnast ekki í íslenskum lögum en þekkjast þó erlendis frá. Áætlanirnar notum við til að tefla fram þeim áformum sem við höfum er varða uppbygginguna og þróun. Markmiðið er að miðla til hagaðila upplýsingum um uppbyggingaráform og framtíðarsýn Keflavíkurflugvallar auk þess að sýna fram á áfangaskiptar og sveigjanlegar áætlanir sem taka mið af farþega- og umferðaspám. Uppbyggingar- og þróunaráætlanir flugvallarins eru samþykktar af stjórn Isavia eftir að hafa verið teknar fyrir af framkvæmdastjórn.

Við höfum við vinnslu þróunaráætlunar leitast við að eiga í góðu sambandi við nærsamfélagið. Samráðsfundir eru haldnir við mótun hennar og framvinda hennar kynnt fyrir hagaðilum og fjölmiðlum. Þróunaráætlunin var fyrst formlega kynnt árið 2015. Hún gildir til 25 ára og markmið okkar er að uppfæra hana á fimm ára fresti. Vinna við uppfærslu var vel á veg komin 2020 þegar henni var frestað vegna óvissu í flugheiminum. Árið 2022 var vinnan tekin upp á ný og uppfærð þróunaráætlun var kynnt fyrir samstarfsaðilum á um þriðja tug samráðsfunda, með sveitarfélögum, flugfélögum, afgreiðsluaðilum, Landhelgisgæslu, slökkviliði og fjölmörgum öðrum hagaðilum.

Uppfærð þróunaráætlun var svo kynnt fyrir stjórn Isavia til samþykktar á haustmánuðum 2022 og verður formlega gefin út í mars 2023.

Í uppbyggingaráætlun er sérstaklega fjallað um kostnaðar- og tímaáætlanir framkvæmda auk þess sem breytingar á farþegamynstri og flugumferð eru greindar í samhengi við uppbyggingaráform.

### Mat á umhverfisáhrifum uppbyggingar á Keflavíkurflugvelli

Isavia ákvað að óska eftir heimild Skipulagsstofnunar til að meta umhverfisáhrif framkvæmda við Keflavíkurflugvöll í heild. Var það gert eftir samráð við Skipulagsstofnun og með hliðsjón af þeim ávinningi sem ferli mats á umhverfisáhrifum getur skilað. Við mat á umhverfisáhrifum gengur flugvöllurinn lengra og sýnir fram á heildaráhrif uppbyggingaráætlunar sem er umfram það sem lög um mat á umhverfisáhrifum krefjast.

EFNISYFIRLIT

**Inngangur**

3 Inngangsorð forstjóra
4 Ávarp stjórnarformanns
5 Árið 2022
6 Lykiltölur
8 Helstu fréttir ársins 2022

**Stefna og stjórnun**

11 Stjórn og stjórnarhættir
13 Áhættustýring
14 Starfsemi
17 Stefna og framtíðarþróun
22 Virðissköpun
24 Mikilvægir þættir

**Sjálfbærir flugvellir og flugvallasamfélag**

28 Loftslagsmál
32 Auðlindanýting
34 Lífsgæði
36 Mannauður
41 Viðskiptavinir
43 Innkaup
44 Öryggi og vernd
46 Uppbygging og þróun

**Viðaukar**

50 GRI tilvísunartafla
61 Ársreikningur

Umhverfismatsskýrslan gerir grein fyrir framkvæmdum sem Isavia áformar til ársins 2032 og helstu áhrifum þeirra. Valkostir sem fjallað er um eru tveir auk núllkosts. Miðað er við mismikla uppbyggingu út frá forsendum um þróun farþegafjölda til ársins 2032, þ.e.a.s. hvort gert sé ráð fyrir nýjum landgangi, Austurfingri, eða ekki. Núllkostur felur í sér að ekki verði af framkvæmdum.

Á fyrsta stigi matsins, sem unnið var árið 2019 var mótuð matsáætlun, þar sem framkvæmdin var skilgreind, gerð grein fyrir helstu áhrifaþáttum framkvæmdar og dregnir fram umhverfisþættir sem lögð verður áhersla á. Jafnframt var gerð grein fyrir rannsóknum og gögnum sem aflað yrði til að leggja mat á umhverfisáhrif kosta í boði.

Skipulagsstofnun kynnti matsáætlun fyrir almenningi og leitaði umsagnar umsagnaraðila. Almenningur, hagaðilar, leyfisveitendur og fagstofnanir fengu tækifæri til að koma á framfæri ábendingum. Skipulagsstofnun gaf álit sitt um matsáætlun með leiðbeiningum um vinnslu, efni og framsetningu umhverfismatsskýrslu.

Síðari hluti matsins var unninn að mestu árið 2022 og gerð umhverfismatsskýrsla. Unnið er að öflun gagna og lagt mat á umhverfisáhrif framkvæmdar í samræmi við matsáætlun. Greint er frá niðurstöðum matsins í umhverfismatsskýrslu og gerð grein fyrir m.a. helstu umhverfisáhrifum valkosta, niðurstöðum rannsókna, samræmi hvers kosts um sig við fyrirliggjandi áætlanir, ásamt tillögum um mótvægisaðgerðir og vöktun. Á grundvelli niðurstaðna umhverfismats og samanburðar á kostum tekur framkvæmdaraðili ákvörðun og rökstyður hverjum þeirra hann mælir með.

Umhverfismatsskýrslan fer í formlegt umsagnarferli hjá Skipulagsstofnun og óskað er umsagna fagstofnana og leyfisveitenda. Auk þess kynnir stofnunin fyrirhugaðar framkvæmdir fyrir almenningi. Allir fá tækifæri til að gera athugasemdir við niðurstöðu matsins og koma með ábendingar. Matsferlið mun byggja á samráði við hagaðila og þau sem láta sig málið varða.

Reiknað er með að þessu ferli ljúki á árinu 2023.

## Framtíðarþróun

Framundan eru áhugaverðir en um leið krefjandi tímar. Flugiðnaðurinn hefur alltaf verið viðkvæmur fyrir sveiflum í sínu ytra umhverfi og á það ekki síst við nú þegar loftslagsbreytingar eru orðnar áþreifanlegar og heimurinn enn að gera upp mikla óvissutíma sem fylgdu heimsfaraldri COVID-19.

Rekstur Isavia er umfangsmikill og að mörgu leyti flókinn. Ytri breytingar, bæði fyrirséðar og ófyrirséðar, geta aukið flækjustig rekstursins og kallað á úrlausnir sem krefjast hugmyndaauðgi og elju af okkar hálfu. Þá er mikilvægt að muna að í öllum áskorunum felast tækifæri, eins og auknar áherslur markaðarins á umhverfismál hafa nú þegar sýnt okkur.



Til að ná árangri þurfum við að auka samvinnu við viðskiptafélaga okkar ásamt því að taka tækifærum í sjálfvirkni og tækniframförum fagnandi með hagsmuni viðskiptavina okkar að leiðarljósi.

Vinnumarkaðurinn er á sama tíma að breytast og yngra fólk vill sinna sínu starfi á annan hátt en fyrri og núverandi kynslóðir og því viljum við geta brugðist við.

Þegar rekstur flugvalla er áætlaður til framtíðar er ekki nóg að horfa á farþegaþróun sem einn einangraðan þátt heldur þarf einnig að horfa til þeirra þátta í ytra umhverfinu sem hafa áhrif á að farþegar og flugfélög velji Keflavíkurflugvöll umfram aðra flugvelli í Evrópu. Við erum í mikilli samkeppni við erlenda alþjóðaflugvelli og þurfum að geta brugðist hratt við breytingum.

Eftirfarandi þættir eru meðal þeirra sem talið er að muni hafa áhrif á hvort fólk velji flug sem ferðamáta og þá hvaða tengiflugvelli og áfangastaði:

**Sjálfbær flugvöllur**

Fólk út um allan heim verður meira vart við hlýnun jarðar en áður. Með aukinni þekkingu á áhrifum loftslagsbreytinga er sýn fólks á mikilvægi sjálfbærni að aukast. Fólk er því farið að velja sér ferðamáta og flugvelli eftir kolefnisgildum. Fólk kýs í meira mæla að hafna flugvöllum sem axla ekki ábyrgð í loftslagsmálum. Fjármögnunarkostir fyrirtækja velta á aðgerðum þeirra í sjálfbærni- og loftlagsmálum. Verið er að herða regluverk og takmarkanir hvað varðar kolefnisútblástur flugvalla.

Veðurfarsbreytingar eru nú þegar farnar að hafa áhrif á starfsemi flugvalla hér á landi. Á innanlandsflugvöllunum, t.d. á Akureyri og Egilsstöðum, er farið að bera á vatnsflóðum á og á Keflavíkurflugvelli er ísing vegna sveiflna í hita orðin algengara viðfangsefni.

**Uppbygging innviða**

Markaðurinn leitar nú allra leiða til orkuskipta í flugi til framtíðar. Innviðir flugvalla um allan heim þurfa að taka tillit til þeirrar þróunar að á næstu árum munu nýir orkugjafar leysa jarðefnaeldsneytið af. Unnið er að rafvæðingu tækja og innviða, þróun sparneytnari flugvéla, tilraunum með rafmagn sem orkugjafa fyrir minni vélar og vetni fyrir vélar framtíðarinnar. Krafa um íblöndun með sjálfbæru flugeldsneyti (SAF) á flugvélar mun hefjast árið 2025. Innviðir flugvalla þurfa að styðja við þessa þróun þannig að hægt sé að veita þjónustu í samræmi við nýjar þarfir.

**Stafræn umbreyting og gervigreind**

Líklegt er að á næstu árum muni gervigreind taka við af sjálfvirkni. Gervigreindin les upplýsingar úr hinum ýmsu stafrænu innviðum og tækjum sem eru í notkun á flugvellinum og stýrir flæði um flugvöllinn þannig að ekki myndist flöskuhálsar sem draga úr ánægju farþega. Það mun gera upplifun farþega betri í gegnum afslappað ferðalag um flugvöllinn. Eftir Covid gera farþegar meiri kröfur á snertilausa þjónustu og styður framþróun í stafrænni umbreytingu einnig við þá þróun.

**Breytingar á kauphegðun**

Þarfir viðskiptavina eru að verða fjölbreyttari. Á sama tíma eykst tækni og markhópar breytast. Hraðinn er meiri og það kallar á getu til sveigjanleika. Aukningu er spáð í netverslun á meðal farþega og því minnkandi þörf fyrir stórar verslanir á flugvöllum. Talið er að innra skipulag á flugvöllum muni breytast í framtíðinni til að mæta þörfum farþega, þar má nefna aðstöðu þar sem varningur er sóttur og rými þar sem fólk getur notið veitinga og samvista meðan beðið er eftir flugi.

EFNISYFIRLIT

Inngangur

3 Inngangsorð forstjóra
4 Ávarp stjórnarformanns
5 Árið 2022
6 Lykiltölur
8 Helstu fréttir ársins 2022

Stefna og stjórnun

11 Stjórn og stjórnarhættir
13 Áhættustýring
14 Starfsemi
17 Stefna og framtíðarþróun
22 Virðissköpun
24 Mikilvægir þættir

Sjálfbærir flugvellir og flugvallasamfélag

28 Loftslagsmál
32 Auðlindanýting
34 Lífsgæði
36 Mannauður
41 Viðskiptavinir
43 Innkaup
44 Öryggi og vernd
46 Uppbygging og þróun

Viðaukar

50 GRI tilvísunartafla
61 Ársreikningur

# Virðissköpun

*Starfsemi okkar fylgja ýmis samfélagsleg og efnahagsleg áhrif sem eru ekki eru hluti af fjárhag fyrirtækisins. Þetta eru verðmæti sem verða til vegna þeirra auðlinda sem Isavia leggur til í starfsemi sinni og leiða af sér samfélagslegt virði sem stuðlar að auknum lífsgæðum í landinu.*

## Starfsemi sem skapar virði fyrir samfélagið

Isavia ohf. er þjónustufyrirtæki sem gegnir mikilvægu hlutverki. Við erum stærsta gáttin fyrir flugfélög og farþega inn í landið sem skapar virði ekki bara fyrir ferðaþjónustu á Íslandi heldur fyrir landið allt með aukinni velsæld og lífsgæðum.

Starfsemi okkar snýr að því að þjóna flugfélögum og farþegum og leiða flugvallasamfélagið á Keflavíkurflugvelli í náinni samvinnu með okkar viðskiptafélögum. Markmiðið er að skapa einstaka upplifun fyrir þau sem fara um flugvöllinn.

Við leggjum til auðlindir í starfsemi okkar sem í gegnum rekstur félagsins skapa virði fyrir mismunandi hagaðila. Það getur verið í formi vaxtar og viðskiptatækifæra, aukinna atvinnutækifæra, skatttekna, fjölbreytileika, menningar og í miðlun þekkingar. Við vinnum með stjórnvöldum, nærsamfélaginu og flugvallasamfélaginu að árangri í loftslagsmálum og orkuskiptum og að Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna, bæði hér heima og í samvinnu við erlenda flugvelli.

## Auðlindir og áhrif

Isavia skapar virði með því að eiga og þróa landsvæði í kringum Keflavíkurflugvöll. Félagið viðheldur tveimur rúmlega þrjú þúsund metra löngum flugbrautum á Keflavíkurflugvelli ásamt byggingum, búnaði og tækjum til að þjónusta farþega. Við sjáum einnig um uppbyggingu á aðstöðu fyrir farþega og þjónustuaðila t.d. með stækkun flugstöðvarinnar. Þá leggjum við til innritunar- og farangursflokkunarkerfi, aðstöðu fyrir flugafgreiðsluaðila, öryggisleit, bílastæði og farþegaþjónustu svo þeir komist leiðar sinnar. Starfsemi flugvallarins er áreiðanleg þar sem flugvöllurinn er opinn allan sólarhringinn.

Fólkið okkar er stærsta auðlind félagsins. Isavia ohf. er með 735 starfsmenn á launaskrá. Þá er Keflavíkurflugvöllur vinnustaður 7.485 einstaklinga í gegnum ýmsa samstarfsaðila. Við hugsum vel um fólkið okkar með því að virða mannréttindi, stuðla að heilsu og öryggi viðskiptavina og starfsfólks og vinna sífellt að betra vinnustaðaumhverfi.

Starfsfólkið okkar býr yfir mikilvægri þekkingu og reynslu við uppbyggingu, rekstur og þjónustu flugvalla og skipar þannig stóran sess í því að byggja upp samkeppnishæfni flugvallarins. Sérhæfing þess snýr að rekstri og þjónustu flugvallar allt frá flæði farþega, snúningshraða flugvéla og viðhaldi innviða. Isavia rekur eigin skóla til að byggja upp hæfni starfsfólks félagsins ásamt því að stuðla að aukinni hæfni alls starfsfólks á Keflavíkurflugvelli.

Alls fóru um 6,2 milljónir farþega um Keflavíkurflugvöll árið 2022. Þá fóru 30 flugfélög um völlinn á árinu sem hafa tengingar við 94 áfangastaði víða um heim. Keflavíkurflugvöllur er metinn af farþegum sem einn af 7 bestu flugvöllum í Evrópu samkvæmt könnun sem framkvæmd var af Airport Council International (ACI) árið 2022. Yfir 250 fyrirtæki eru með starfsemi eða sinna þjónustu á flugvellinum og erum við að auki í samskiptum við fjöldann allan af birgjum. Isavia leigir út aðstöðu fyrir ýmsa þjónustu á flugvellinum og býður einnig út rekstrarleyfi til veitinga- og verslunaraðila. Þannig vinnum við með okkar viðskiptafélögum að því að skapa virði fyrir viðskiptavini sína.

Starfsemi Isavia er umfangsmikil og hefur því óhjákvæmilega áhrif á umhverfi sitt. Starfsemin þarf á auðlindum að halda, s.s. vatni, hita og rafmagni, hún gefur frá sér gróðurhúsalofttegundir, losar í jörð og notar landsvæði til uppbyggingar og reksturs flugvallarins. Kolefnisspor af beinni starfsemi flugvallarins er fyrst og fremst vegna eldsneytisnotkunar tækja sem notuð eru til að viðhalda öryggi á flugbrautum. Við vinnum markvisst að því að minnka neikvæð áhrif og auka jákvæð áhrif af eigin starfsemi og starfsemi þeirra sem eru aðilar að virðiskeðjunni. Sem dæmi um það má nefna samstarfsverkefni alls flugvallarsamfélagsins á Keflavíkurflugvelli um leiðir til að minnka kolefnisspor starfsemi flugvallarins í heild. Með markvissu samstarfi og samvinnu náum við árangri.

## Samfélagsleg virðissköpun af rekstri Keflavíkurflugvallar

Við höfum látið meta samfélagslegt virði af starfsemi Keflavíkurflugvallar svo að hægt sé að vinna enn markvissar að árangri í samvinnu við

EFNISYFIRLIT

**Inngangur**

3 Inngangsorð forstjóra
4 Ávarp stjórnarformanns
5 Árið 2022
6 Lykiltölur
8 Helstu fréttir ársins 2022

**Stefna og stjórnun**

11 Stjórn og stjórnarhættir
13 Áhættustýring
14 Starfsemi
17 Stefna og framtíðarþróun
22 Virðissköpun
24 Mikilvægir þættir

**Sjálfbærir flugvellir og flugvallasamfélag**

28 Loftslagsmál
32 Auðlindanýting
34 Lífsgæði
36 Mannauður
41 Viðskiptavinir
43 Innkaup
44 Öryggi og vernd
46 Uppbygging og þróun

**Viðaukar**

50 GRI tilvísunartafla
61 Ársreikningur

viðskiptafélaga og birgja. Verkefnið Value2Society var notað við matið og samfélagslegt virði mælt í jákvæðu og neikvæðu virði. Niðurstöðurnar segja til um hvernig starfsemi Keflavíkurflugvallar gengur að uppfylla tilgang félagsins um að auka lífsgæði og velsæld á Íslandi og veita betri greiningu á úrbótatækifærum fyrir starfsemina. Markmiðið er að hámarka arðsemi og verðmætasköpun fyrirtækisins í gegnum alla virðiskeðjuna á sama tíma og unnið er markvisst að úrbótum í umhverfis- og samfélagsmálum þar sem mannréttindi og lífsgæði fólks er í forgrunni.

Við vinnu á Value2Society var spurt var um tölulegar upplýsingar á yfir 70 þáttum í starfsemi Isavia ohf. og því koma upplýsingarnar (áhrifavísarnir) úr mörgum lögum rekstursins.

Nú liggja fyrir gögn yfir fjögurra ára tímabil, 2019–2022. Í heildina fyrir öll fjögur árin hafa tekjur Isavia ohf. verið 50,4 milljarðar. Samfélagsleg virðissköpun á sama tíma var 54,7 milljarðar.

Til að gera sér betur grein fyrir áhrifum af virðissköpun Isavia ohf. er áhugavert að bera saman tekjur Isavia ohf. á árinu 2022 við samfélagslega virðissköpun sama árs. Tekjur Isavia voru 18,1 milljarður, samfélagsleg virðissköpun af beinum rekstri Keflavíkurflugvallar var helmingi meiri eða 27,6 milljarðar. Fyrir hvern milljarð í tekjur skapast einn og hálfur milljarður í samfélagslega virðissköpun frá eigin rekstri. Ef áhrif aðfangakeðjunar eru teknar með líka er hlutfallið einn milljarður í tekjur á móti tveimur milljörðum í samfélagslega virðissköpun.

***Dæmi um jákvætt virði***

- Atvinnusköpun af rekstri flugvallarins hefur áhrif á bætt lífskjör fólks og minnkar kostnað fyrir ríki og sveitarfélög vegna minna atvinnuleysis.
- Markviss uppbygging þekkingar hjá starfsfólki skilar ekki eingöngu hæfara starfsfólki fyrir fyrirtækið heldur einnig hæfari einstaklingum út á vinnumarkaðinn þar sem búið er að byggja upp þekkingu og kunnáttu þess. Aukin þekking skilar sér einnig í auknu öryggi á flugvellinum og öðrum þáttum rekstursins.

***Dæmi um neikvætt virði***

- Losun koltvíoxíðs $CO_2$ hefur bæði neikvæð umhverfisleg áhrif og neikvæð efnahagsleg áhrif.
- Hljóðvist getur haft áhrif á andlega heilsu fólks í nærumhverfi flugvallarins
- Starfsmannavelta hefur áhrif á kostnað við ráðningu og framleiðni þegar starfsmaður hættir og nýr tekur við. Atvinnuleysi hefur áhrif á samfélagslegan kostnað.

**Samfélagslegt virði í efnahagsreikningi**

Samfélagslegt virði lýsir því hversu mikið viðbótarvirði fyrirtæki leggja fram fyrir utan fjárhag þess. Hreinar samfélagstekjur fyrirtækis eru hrein verðmæti fyrir samfélagið sem fyrirtækið býr til með beinum rekstri. Við erum með þessu að stíga stórt skref til að vera undirbúin undir frekari kröfur sem eru framundan um ófjárhagslega upplýsingagjöf.

**Aðfangakeðja Isavia ohf.**

Aðfangakeðja Isavia var einnig greind út frá samfélagslegum áhrifum. Birgjar voru metnir út frá því hvaða aðföng voru keypt og frá hvaða landi m.t.t. jákvæðra og neikvæðra áhrifa. Greining var framkvæmd með því að nota Route2's Extended Multi-Regional Input Output Model. Módelið reiknar alþjóðleg, efnahagsleg, félagsleg og umhverfisleg áhrif af framleiðslu aðfanga þeirra birgja sem við eigum í viðskiptum við. Greiningin nær til 191 lands og til 26-500 iðngreina í hverju þeirra. Líkanið mælir síðan og metur þessi áhrif með því að þýða þau í jákvæðan/neikvæðan efnahagslegan ávinning og jákvæð/neikvæð félagsleg og samfélagsleg áhrif. Niðurstöðurnar gefa Isavia mat á áhrifum innkaupaútgjalda sinna og þar með tækifæri til vinna með birgjum að lágmörkun þessara áhrifa.

## Samfélagsleg virðissköpun Isavia ohf. eftir árum




## Samfélagsleg virðissköpun Isavia ohf. 2022



EFNISYFIRLIT

**Inngangur**

3 Inngangsorð forstjóra
4 Ávarp stjórnarformanns
5 Árið 2022
6 Lykiltölur
8 Helstu fréttir ársins 2022

**Stefna og stjórnun**

11 Stjórn og stjórnarhættir
13 Áhættustýring
14 Starfsemi
17 Stefna og framtíðarþróun
22 Virðissköpun
24 Mikilvægir þættir

**Sjálfbærir flugvellir og flugvallasamfélag**

28 Loftslagsmál
32 Auðlindanýting
34 Lífsgæði
36 Mannauður
41 Viðskiptavinir
43 Innkaup
44 Öryggi og vernd
46 Uppbygging og þróun

**Viðaukar**

50 GRI tilvísunartafla
61 Ársreikningur

# Mikilvægir þættir

*Flugvellir eru hliðin að samfélögum og eru oft það fyrsta sem gestir sjá af borgum og löndum. Þeir veita aðgang að neti sem flytur fólk og vörur nánast hvert sem er í heiminum og gegna þannig lykilhlutverki í viðskiptum, þróun og tengingu ólíkra menningarheima. Með virðissköpun sinni leggur flugvallarstarfsemi grunn fyrir uppbyggingu alls samfélagsins. Starfsemin snertir nærsamfélög flugvallanna sérstaklega með auknum viðskiptum, uppbyggingu innviða og atvinnustarfsemi.*

En starfsemi flugvalla stendur líka frammi fyrir miklum áskorunum á sviði sjálfbærni. Losun gróðurhúsalofttegunda, kolefnisspor, hljóðvist, loftgæði, efnalekar, ógnir við líffræðilegan fjölbreytileika, öryggi og vinnuvernd og barátta gegn mansali eru meðal þeirra þátta sem mikilvægt er að takast á við.

Við val á þeim þáttum sem Isavia telur mikilvæga fyrir félagið horfum við annarsvegar til sérákvæða GRI um flugvelli og hinsvegar til þeirra málefna sem hagaðilar okkar telja sérstaklega mikilvæg, væntinga þeirra til félagins og mat þeirra á samvinnu við Isavia. Horft er til starfsemi félagsins og þeirra áhrifa sem hún hefur á efnahag, umhverfi, samfélag og mannréttindi.

Að auki er horft til heildarstefnu Isavia, skuldbindinga félagsins við meginreglur UN Global Compact, heimsmarkmiða Sameinuðu Þjóðanna og áherslna stjórnvalda þeim tengdum, þróunar og breytinga í lagaumhverfinu, þróunar í sjálfbærniupplýsingagjöf auk nýjustu áherslna úr flugiðnaðinum og samanburðar við leiðandi fyrirtæki.

## Ferlið við val á mikilvægum þáttum

Mikilvægisgreining fyrir ársskýrslu Isavia var fyrst unnin 2018 út frá viðtölum við helstu aðila úr öllum hagaðilahópum Isavia. Sú greining hefur verið endurskoðuð árlega og uppfærð m.t.t. mikilvægis þeirra málefna sem hagðilahópar okkar nálgast fyrirtækið með og í gegnum markvissa vinnu félagsins að ná sjónarmiðum hagaðila fram.

Til þessa hefur Isavia látið þriðja aðila framkvæma viðtöl og rannsóknir, nú síðast 2021, þar sem spurningar voru lagðar fyrir alla hagaðilahópa fyrirtækisins, þar á meðal starfsfólkið okkar. Spurningarnar eru mótaðar af áherslum okkar í sjálfbærnimálum og þeirra þátta sem upp koma í samskiptum okkar hagaðila, enda lítum við á samvinnu okkar við hagaðila sem vettvang fyrir lærdóm og stöðugar umbætur.

Við forgangsröðun á mikilvægum þáttum var litið til niðurstöðu síðustu hagaðilakönnunna. Að auki var stuðst við þá þekkingu sem við höfum aflað okkur frá síðustu útgáfu á þeim þáttum í starfseminni sem annars vegar hafa jákvæð áhrif og hins vega neikvæð áhrif á sjálfbærni að mati hagaðila. Þættirnir eru settir upp á tvo ása; eftir mikilvægi fyrir hagaðila Isavia og eftir mikilvægi fyrir okkur.

Við staðfestingu á vali var ákveðið að gera nokkrar breytingar á heitum mikilvægisþáttanna fyrir aukinn skýrleika. Einnig þóttu ný heiti fanga betur eðli þeirra málefna sem þættirnir fjalla um og liggja að baki vali þeirra hjá hagaðilum og Isavia.

Mildun og aðlögun að loftslagsbreytingum er nú heiti á þeim þætti sem fjallar um kolefnisspor og kolefnisjöfnun. Ábyrg uppbygging innviða nær yfir þættina vistvænar byggingar, samgöngur og innviði. Hringrásarhagkerfið nær yfir sorpflokkun, enda málefnið stærra en einungis flokkun sorps. Ábyrg auðlindanýting nær yfir hagkvæmari auðlindanýting og vatnsvernd. Snjallar lausnir og skilvirkni lýsir betur þættinum stafræn tækni. Siðferði og góðir stjórnarhættir lýsa betur inntakinu á vörnum gegn spillingu. Upplýsingaöryggi fangar betur þær áherslur sem liggja að baki þáttarins persónuvernd og Mannréttindi lýsa betur mikilvæga þættinum mansali.

Auk þess var bætt við þremur mikilvægisþáttum: Hæft starfsfólk og stjórnendur undirstrikar áhrif mannauðs Isavia í allri okkar starfsemi. Uppbyggjandi fyrirtækjamenning undirstrikar mikilvægi góðrar menningar fyrir Isavia og þeirra áhrifa sem hún hefur m.a. á samskipti við innri og ytri hagaðila. Líffræðilegur fjölbreytileiki er þáttur sem er metinn mikilvægur í ljósi þeirra áhrifa sem starfsemi Isavia hefur.

Með þessum breytingum endurspeglast þeir þættir sem GRI hefur metið mikilvæga fyrir flugvelli ásamt áherslum hagaðila, stefnuáherslum okkar og aðgerðir tengdar sjálfbærnistefnu félagsins. Mikilvægu þættirnir voru staðfestir af framkvæmdastjórn Isavia sem lokaskref í rýni þeirra.

## Samtal við hagaðila Isavia

Við leggjum áherslu á víðtækt samráð og samvinnu við þá hagaðila sem treysta á þjónustu Isavia og verða fyrir áhrifum af starfsemi félagsins. Starfseminnar gætir um allt land og snertir því alla landsmenn. Við höfum

EFNISYFIRLIT

**Inngangur**

3 Inngangsorð forstjóra
4 Ávarp stjórnarformanns
5 Árið 2022
6 Lykiltölur
8 Helstu fréttir ársins 2022

**Stefna og stjórnun**

11 Stjórn og stjórnarhættir
13 Áhættustýring
14 Starfsemi
17 Stefna og framtíðarþróun
22 Virðissköpun
24 Mikilvægir þættir

**Sjálfbærir flugvellir og flugvallasamfélag**

28 Loftslagsmál
32 Auðlindanýting
34 Lífsgæði
36 Mannauður
41 Viðskiptavinir
43 Innkaup
44 Öryggi og vernd
46 Uppbygging og þróun

**Viðaukar**

50 GRI tilvísunartafla
61 Ársreikningur

greint á annað hundrað hagaðila sem flokkaðir eru í fimm hópa: Viðskiptavinir, starfsfólk, samfélag, stjórnvöld og birgjar.

Samskipti Isavia við hagaðila fara fram með fjölbreyttum hætti, t.a.m. í gegnum hefðbundnar leiðir fyrirspurna og erinda, á fundum, með markaðsrannsóknum sem fyrirtækið gerir og í gegnum fjölmörg samstarfsverkefni okkar og hagaðila.

**Viðskiptavinir**

Helstu viðskiptavinir félagsins eru flugrekendur, sem nýta flugvelli og flugstjórnarsvæði, rekstraraðilar á flugvöllum, svo sem flugþjónustuaðilar, verslanir, veitingastaðir, bílaleigur og hópflutningafyrirtæki, og síðast en ekki síst flugfarþegar. Samskipti við flugfélög fara m.a. fram á reglulegum notendanefndar- og afgreiðslutímafundum sem öllum notendum er boðið á.

Í notendanefnd flugvalla sitja fulltrúar allra flugfélaga sem nota flugvöllinn að staðaldri og umboðsaðilar þeirra. Á fundunum gefst þeim tækifæri til að koma sjónarmiðum á framfæri áður en teknar eru mikilvægar ákvarðanir um rekstur, gæði þjónustu, gjaldtöku, nýframkvæmdir, turnþjónustu eða önnur atriði sem snerta mikilvæga hagsmuni þeirra. Notendanefndir flugvalla starfa í samræmi ákvæði loftferðalaga og reglugerð.

Samskipti við farþega eiga sér stað með beinum samskiptum starfsfólks á flugvöllunum, hefðbundnum samskiptaleiðum og með reglubundnum viðskiptavinakönnunum.

Á Keflavíkurflugvelli er sérstök áhersla lögð á að vinna náið með flugafgreiðsluaðilum, flugfélögum og rekstraraðilum veitingastaða og verslana að sjálfbærnimálum.

Samráð er haft við notendur flugleiðsöguþjónustu um rekstur og fjárfestingar og fer það samráð fram á árlegum notendafundum. Samráð um aðra þætti flugleiðsöguþjónustu fer einnig fram með notendum á vettvangi ICAO, skipulagsnefndar Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, fyrir Norður-Atlantshaf (NATSPG).

**Starfsfólk**

Starfsfólk Isavia og dótturfélaga er fjölbreyttur hópur sem starfar á starfsstöðvum um land allt. Samskipti við og á milli starfsfólks fara fyrst og fremst fram á innri vef félagsins, starfsmannafundum forstjóra, framkvæmdastjóra eða annarra stjórnenda, sem og á viðburðum á vegum félagsins. Árlega heldur starfsfólk Isavia samstæðunnar fjölda erinda á fundum á vegum annarra aðila.

**Samfélagið**

Við eigum í opnu og reglulegu samtali samfélagið sem við störfum í. Á það sérstaklega við um þau sveitarfélög og hagsmuna- og landshlutasamtök sem við störfum í nágrenni við. Helstu samskipti fara fram á

**Mikilvægustu þættir**




formlegum fundum með bæjar- og sveitarstjórnarfólki, auk annarra hagaðila.

Við erum einnig í góðu samstarfi við aðila í ferðaþjónustunni og miðlum upplýsingum til þeirra og almennings með reglulegum fundum. Einnig erum við í nánu samstarfi við slökkvilið og björgunarsveitir víða um land og stöndum árlega fyrir flugslysaæfingum með aðkomu allra viðbragðsaðila.

**Stjórnvöld**

Samskipti Isavia við stjórnvöld eru af margvíslegum toga. Íslenska ríkið er eigandi félagsins og því fylgjum við almennri eigandastefnu þess í rekstrinum. Fjármála- og efnahagsráðuneytið fer með hlutabréfið og fara formleg samskipti fram á hluthafafundum og á árlegum aðalfundi. Önnur samskipti við eiganda fara fram á fundum sem boðað er til eftir atvikum.

Innviðaráðuneytið gegnir hlutverki fagráðuneytis flugmála og viðskiptaaðila Isavia Innanlandsflugvalla vegna reksturs innanlandsflugvallakerfisins. Við eigum í reglulegum faglegum samskiptum við ráðuneytið um flugmál auk náins samráðs um framkvæmd þjónustusamningsins. Þá fundum við nokkrum sinnum á ári með menningar- og viðskiptaráðuneytinu í tengslum við málefni ferðaþjónustunnar, auk þess eru haldnir fundir með utanríkisráðuneytinu og Landhelgisgæslunni í tengslum við varnartengda starfsemi á Keflavíkurflugvelli og skipulagsmál flugvallarins.

Isavia hefur mikil samskipti við ríkisstofnanir vegna hinna margþættu verkefna samstæðunnar. Mest er sambandið við Samgöngustofu sem gefur út starfsleyfi flugvalla og flugleiðsögu og annast viðeigandi eftirlit með framkvæmd og rekstri. Aðrar eftirlitsstofnanir sem má nefna eru Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, Vinnueftirlitið, Skipulagsstofnun, Samkeppniseftirlitið og Umhverfisstofnun. Margar ríkisstofnanir eru með starfsstöðvar hjá eða í nánu samstarfi við Isavia m.a. lögregluembætti, tollayfirvöld, Almannavarnir ríkisins og Landhelgisgæsluna. Stofnanir sveitarfélaga sem tengjast rekstri Isavia eru aðallega heilbrigðiseftirlit, brunavarnir og slökkvilið.

Isavia ANS annast framkvæmd tveggja alþjóðasamninga um flugleiðsöguþjónustu. Annars vegar Joint Finance, samning Alþjóðaflugmálastofnunar, með aðild tveggja ríkja sem kveður á um fjármögnun flugleiðsöguþjónustu innan íslenska flugupplýsingasvæðisins (Reykjavik FIR). Hins vegar samningur íslenskra stjórnvalda við dönsk stjórnvöld vegna

EFNISYFIRLIT

**Inngangur**

3 Inngangsorð forstjóra
4 Ávarp stjórnarformanns
5 Árið 2022
6 Lykiltölur
8 Helstu fréttir ársins 2022

**Stefna og stjórnun**

11 Stjórn og stjórnarhættir
13 Áhættustýring
14 Starfsemi
17 Stefna og framtíðarþróun
22 Virðissköpun
24 Mikilvægir þættir

**Sjálfbærir flugvellir og flugvallasamfélag**

28 Loftslagsmál
32 Auðlindanýting
34 Lífsgæði
36 Mannauður
41 Viðskiptavinir
43 Innkaup
44 Öryggi og vernd
46 Uppbygging og þróun

**Viðaukar**

50 GRI tilvísunartafla
61 Ársreikningur



flugleiðsöguþjónustu fyrir flug í hluta flugupplýsingasvæðis Grænlands (Nuuk FIR).

Isavia ANS er virkur þátttakandi í alþjóðasamstarfi og á í nánum samskiptum við marga erlenda aðila t.a.m. Alþjóðaflugmálastofnunina (ICAO), undirstofnun Sameinuðu þjóðanna. ICAO setur alþjóðlega staðla fyrir alla helstu þætti almenningsflugs og fylgist með frammistöðu ríkja og þjónustuveitenda. og hefur eftirlit með framkvæmd Joint Finance samningsins. Vegna starfsemi félagsins á Grænlandi og í Færeyjum sætir Isavia ANS eftirliti Trafikstyrelsen í Danmörku og vegna samstarfs um flugfjarskiptaþjónustu á Norður-Atlantshafi eru náin samskipti við írsku flugmálastjórnina IAA.

**Birgjar**

Isavia fylgir lögum og reglum um opinber innkaup og viðhefur þar jafnræði, gagnsæi og hagkvæmni. Á útboðsvef Isavia má finna upplýsingar um útboð og gögn tengd þeim, nýja samninga og skilmála tengda innkaupum og reikningum. Birgjar félagsins, bæði íslenskir og erlendir, þurfa að skrá sig með rafrænum hætti og fylla út birgjaskráningarform á vefsíðu Isavia áður en viðskipti eiga sér stað. Formlegum markaðskönnunum er beitt þegar ná þarf fram bestu markaðsupplýsingunum við undirbúning innkaupa.

## Um ársskýrsluna

Isavia fylgir meginreglum skýrslugerðar (reporting principles) GRI við gerð ársskýrslu félagsins og gefur út í samræmi við GRI Standards, staðal Global Reporting Initiative (GRI), auk sérákvæða GRI-G4 um flugvelli. Sérákvæðin taka sérstaklega á þeim áskorunum og tækifærum sem flugvellir standa frammi fyrir þegar kemur að sjálfbærni.

Upplýsingarnar sem birtast í þessari ársskýrslu koma úr upplýsingakerfum Isavia og endurspegla þá þekkingu sem félagið hafði þegar skýrslan var rituð. Markmið með útgáfunni er að sýna gagnsæi í verki og gefa betri mynd af starfsemi félagsins og áhrifum þess á umhverfi, efnahag, samfélagi og mannréttindi. Með útgáfu skýrslunnar er ekki gefið í skyn að félagið þekki til fulls áhrif sín þar á, né heldur að samfélagsábyrgð hafi verið að fullu innleidd hjá Isavia.

Með gagnsærri upplýsingamiðlum vörpum við ljósi á þær áskoranir sem félagið stendur frammi fyrir hverju sinni og segjum frá árangrinum sem náðst hefur. Isavia horfir til ISO26000 Leiðbeiningastaðals um samfélagsábyrgð og er vottað samkvæmt ISO14001 umhverfisstjórnunarstaðlinum, og fylgir báðum stöðlum í sjálfbærnivinnunni.

Fjöldi starfsfólks víðsvegar að úr fyrirtækinu kom að ritun skýrslunnar og upplýsingaöflun.

Upplýsingar í skýrslunni eiga við Isavia ohf. og dótturfélög þess sem koma fyrir í samstæðuskilum nema annað sé tekið fram. Upplýsingar í umhverfiskafla skýrslunnar eiga einungis við um Isavia ohf., Isavia ANS ehf., Isavia Innanlands ehf. og Fríhöfnina ehf. Upplýsingar í skýrslunni eiga við almanaksárið 2022.

Óháður ráðgjafi Ábyrgra lausna ehf. var fenginn til að rýna GRI tilvísunartöflu skýrslunnar og tryggja gæði upplýsinga. Ársreikningur félagsins var endurskoðaður af Ríkisendurskoðun.

Ársreikningur félagsins var endurskoðaður af Ríkisendurskoðun.

Við útgáfuna var horft til þess að bæta framsetningu efnis og mæta þörfum mismunandi lesendahópa. Isavia fagnar öllum ábendingum um efni og gerð skýrslunnar og hvetur lesendur að senda ábendingar í gegnum sustainability@isavia.is, enda eru stöðugar umbætur órjúfanlegur hluti af starfsemi okkar.

# Sjálfbærir flugvellir og flugvallasamfélag

*Sjálfbærni er höfð að leiðarljósi í öllu sem félagið gerir. Við sýnum frumkvæði og vinnum markvisst að því að vera til fyrirmyndar í málaflokknum á Íslandi. Við vinnum stöðugt að því að auka sjálfbærni í öllu flugvallarsamfélaginu, deilum þekkingu og reynslu og eigum í góðri samvinnu við nærsamfélagið. Þannig byggjum við upp langtímavirðisauka fyrir hagkerfið í heild.*



EFNISYFIRLIT

**Inngangur**

3 Inngangsorð forstjóra
4 Ávarp stjórnarformanns
5 Árið 2022
6 Lykiltölur
8 Helstu fréttir ársins 2022

**Stefna og stjórnun**

11 Stjórn og stjórnarhættir
13 Áhættustýring
14 Starfsemi
17 Stefna og framtíðarþróun
22 Virðissköpun
24 Mikilvægir þættir

**Sjálfbærir flugvellir og flugvallasamfélag**

28 Loftslagsmál
32 Auðlindanýting
34 Lífsgæði
36 Mannauður
41 Viðskiptavinir
43 Innkaup
44 Öryggi og vernd
46 Uppbygging og þróun

**Viðaukar**

50 GRI tilvísunartafla
61 Ársreikningur

# Loftslagsmál

*Isavia rekur umfangsmikla starfsemi og ber ábyrgð á að hún fari fram í sátt við umhverfi og samfélag. Við vinnum markvisst að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og nýtum þekkingu okkar og reynslu við þróun nýrra og sjálfbærra lausna. Við ætlum að verða kolefnislaust fyrirtæki árið 2030 og vinnum eftir skýrri aðgerðaráætlun þar um.*

## Losun gróðurhúsalofttegunda

Við mælum þá losun sem verður til vegna starfsemi Isavia og vinnum að því að draga úr henni eins og kostur er. Kolefnissporið okkar er skilgreint eftir þremur umföngum. Umfang 1 inniheldur beina losun sem telst til beinnar ábyrgðar okkar. Umfang 2 er óbein losun vegna orkunotkunar á rafmagni, hita og kælingu. Umfang 3 er síðan sú losun sem á sér stað innan virðis- og aðfangakeðju Isavia.

Heilt yfir er kolefnisspor Isavia hæst á Keflavíkurflugvelli og er það að langmestu leyti vegna bruna jarðefnaeldsneytis. Frá og með 2021 er kolefnisspor og aðferðafræði við útreikninga vottuð og staðfest af óháðum þriðja aðila skv. ISO 14064-3.

**Bein losun gróðurhúsalofttegunda í gegnum orku og efnanotkun**

***Umfang 1***

Árið 2022 var bein losun gróðurhúsalofttegunda 2.345 tonn $CO_2$ ígilda. Losunina má að mestu leyti rekja til eldsneytisnotkunar Isavia.

Losun vegna notkun afísingarefna var 134 tonn $CO_2$ ígilda og eykst lítillega. Í fyrsta sinn er reiknuð losun sem á sér stað vegna notkunar kælimiðla á Keflavíkurflugvelli. Losunin var 42 tonn $CO_2$ ígilda árið 2022 og eykst lítillega.

Bein losun eykst töluvert á milli ára eða um 48%. Aukninguna má rekja til veðurfars og aukins farþegafjölda. Stærsti hluti kolefnisspors Isavia innan umfangs 1 er tengdur notkun á þeim stóru tækjum sem þjónusta flugbrautir, hlöð og akbrautir. Því er þessi losun háðari veðuraðstæðum heldur en umferð vegna flutninga farþega innan flugvallarsvæðis. Árið 2022 var snjóþyngra en 2021 sem skýrir þennan mun á losun á milli ára.

**Óbein losun gróðurhúsalofttegunda í gegnum orkunotkun**

***Umfang 2***

Öll raforka sem Isavia kaupir er unnin úr endurnýjanlegum auðlindum og er með staðfestum upprunaábyrgðum. Óbein losun í gegnum raforku- og heitavatnsnotkun árið 2022 voru 241 tonn $CO_2$.



**Önnur óbein losun gróðurhúsalofttegunda í gegnum orkunotkun**

***Umfang 3***

Umfang 3 inniheldur m.a. óbeina losun sem á sér stað við flugtak og lendingar og ferðir farþega til og frá flugvelli. Þessir þættir eru ábyrgir fyrir langstærstum hluta af kolefnisspori Isavia. Umfang 3 er 94 sinnum stærra en samanlagt umfang 1 og 2. Þetta er stór áskorun fyrir okkur því hér er átt við losun sem fellur ekki innan okkar starfsemi heldur er vegna starfsemi aðfangakeðjunnar. Útreikningar á losun þeirra eru þess vegna veigamikill þáttur í þeirri samvinnu að þróa úrbætur og lausnir sem hjálpa öllum aðilum að draga úr losun. Slík kortlagning veitir okkur yfirsýn yfir stærstu losunarþætti frá virðiskeðju fyrirtækisins.

EFNISYFIRLIT

Inngangur

3 Inngangsorð forstjóra
4 Ávarp stjórnarformanns
5 Árið 2022
6 Lykiltölur
8 Helstu fréttir ársins 2022

Stefna og stjórnun

11 Stjórn og stjórnarhættir
13 Áhættustýring
14 Starfsemi
17 Stefna og framtíðarþróun
22 Virðissköpun
24 Mikilvægir þættir

Sjálfbærir flugvellir og flugvallasamfélag

28 Loftslagsmál
32 Auðlindanýting
34 Lífsgæði
36 Mannauður
41 Viðskiptavinir
43 Innkaup
44 Öryggi og vernd
46 Uppbygging og þróun

Viðaukar

50 GRI tilvísunartafla
61 Ársreikningur


## Yfirsýn á losun eftir umföngum

Nú stendur yfir vinna við gerð kolefnissporamælaborðs fyrir Isavia og dótturfélög þess. Mælaborðið mun veita betri yfirsýn yfir alla okkar losun eftir umföngum og um leið auka skilning og gagnsæ vinnubrögð á meðal starfsfólks. Mælaborðið mun einnig koma til móts við auknar kröfur um útreikninga á kolefnissporum fyrirtækja. Stuðst verður við nýja losunarstuðla sem munu breyta útreikningum á kolefnisspori okkar við lok árs 2023.

Á árinu 2022 var lögð áhersla á að reikna kolefnisspor allrar virðiskeðjunnar, eða svokallað umfang 3. Þetta er sú losun sem á sér stað hjá öðrum fyrirtækjum og/eða aðilum sem eru ekki undir stjórn Isavia en tilheyra aðfanga- og virðiskeðju félagsins.

Keflavíkurflugvöllur er þátttakandi í kolefnisvottunarkerfi Airport Carbon Accreditation (ACA), verkefni á vegum alþjóðasamtaka flugvalla (ACI). Kerfið er sérsniðið að rekstri flugvalla og gerir víðtæka kröfu um samráð við helstu hagðila flugvallarins þegar kortlagning á heildarkolefnisspori flugvallarins fer fram. Kerfið skiptis í sex stig og við stefnum að því að ljúka fjórða stigi á fyrri hluta árs 2023. Isavia er einnig aðili að NetZero, skuldbindingu á vegum ACI Europe.

Við höfum kolefnisjafnað alla beina losun í starfseminni frá árinu 2018. Frá árinu 2021 höfum við einnig kolefnisjafnað aðra rekstrarþætti sem falla utan umfangs 1, líkt og viðskiptaferðir starfsfólks og aðgerðir vegna förgunar sorps. Ákveðið var að notast við vottaðar kolefniseiningar sem uppfylla kröfur ACA.

## Orkunotkun

### Bein orkunotkun

Í starfsemi Isavia er eldsneytisnotkun veigamesti þátturinn er varðar losun gróðurhúsalofttegunda vegna beinnar orkunotkunar. Er hún að langstærstum hluta vegna þjónustu og viðhalds á brautum og athafnasvæðum flugvallanna. Umfang losunarinnar getur því verið sveiflukennt á milli ára.

Við stefnum að orkuútskiptum í tækjum og búnaði Isavia. Hinsvegar hafa ekki enn verið þróaðar tæknilausnir sem geta leyst af öll þau tæki sem við þurfum að nota við daglegan restur. Á meðan við bíðum, munum við nota lífdísil til að lækka kolefnisspor vegna eldsneytisnotkunarinnar. Lífdísillinn er unninn með sjálfbærum hætti og hefur vottun þar um. Með notkun hans lækkar kolefnisspor á hvern lítra af eldsneyti um 99%. Til að fá reynslu af notkun lífdísilsins munum við  nota hann í stað um 30% af áætlaðri eldsneytisnotkun á árinu 2023. Markmið okkar er að 100% af tækjum og búnaði Isavia muni nota lífdísil á næstu árum.

Eldsneytisnotkun Isavia jókst verulega frá því á síðasta ári sem skýrist af bæði veðurfari og auknum fjölda farþega um flugvelli félagsins. Snjó-

| Kolefnisspor Isavia (t CO2 íg.) | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Umfang 1** | | | | | |
| Bruni eldsneytis | 2.717 | 2.605 | 2.295 | 1.550 | 2.345 |
| Afísingarefni | 153 | 235 | 144 | 115 | 134 |
| Kælimiðlar | | | | 41 | 42 |
| ***Samtals Umfang 1*** | ***2.870*** | ***2.840*** | ***2.439*** | ***1.705*** | ***2.521*** |
| **Umfang 2** | | | | | |
| Rafmagn og hiti | 247 | 257 | 235 | 233 | 241 |
| ***Samtals Umfang 2*** | ***247*** | ***257*** | ***235*** | ***233*** | ***241*** |
| **Umfang 3** | | | | | |
| Úrgangur | 66 | 94 | 86 | 122 | 166 |
| Framleiðsla eldsneytis | 623 | 598 | 527 | 357 | 542 |
| Rafmagn - Flutningstöp | 7 | 7 | 7 | 7 | 7 |
| Fráveita* | | | | 56 | 72 |
| Viðskiptaferðir | | | | 77 | 297 |
| Innkaup á vöru og þjónustu* | | 18.654 | 18.475 | 19.555 | 53.978 |
| Ferðir starfsfólks til og frá vinnu* | | | | 420 | 392 |
| Ferðir annarra rekstraraðila til og frá KEF | | | | 3.970 | 3.735 |
| Ferðir farþega til og frá KEF | 80.168 | 69.762 | 15.821 | 23.234 | 53.629 |
| Lending og flugtak á KEF | 107.882 | 82.820 | 24.231 | 34.669 | 63.304 |
| Aðrir rekstraraðilar á KEF | | | | 1.864 | 2.429 |
| ***Samtals umfang 3*** | ***188.747*** | ***171.935*** | ***59.147*** | ***84.331*** | ***178.550*** |
| ***Samtals umfang 1, 2 og 3*** | ***191.864*** | ***175.032*** | ***61.821*** | ***86.269*** | ***181.312*** |

**Á eingöngu við móðurfélagið*

EFNISYFIRLIT

Inngangur

3 Inngangsorð forstjóra
4 Ávarp stjórnarformanns
5 Árið 2022
6 Lykiltölur
8 Helstu fréttir ársins 2022

Stefna og stjórnun

11 Stjórn og stjórnarhættir
13 Áhættustýring
14 Starfsemi
17 Stefna og framtíðarþróun
22 Virðissköpun
24 Mikilvægir þættir

Sjálfbærir flugvellir og flugvallasamfélag

28 Loftslagsmál
32 Auðlindanýting
34 Lífsgæði
36 Mannauður
41 Viðskiptavinir
43 Innkaup
44 Öryggi og vernd
46 Uppbygging og þróun

Viðaukar

50 GRI tilvísunartafla
61 Ársreikningur

**Niðurbrot á orkunotkun Isavia í kWst 2022**




magn á Keflavíkurflugvelli var um 40% meira í ár en í fyrra og á árinu 2022 voru alls unnar 7.783 vélastundir, við t.a.m. ruðning og snjómokstur, eða nærri þrefalt fleiri en árið á undan.

Í aðgerðaáætlun okkar til ársins 2030 er ítarleg útskiptiáætlun fyrir allan þann tækjabúnað í okkar starfsemi sem gengur fyrir jarðefnaelds-neyti. Áætlunin tekur vel á þeim áskorunum sem við stöndum frammi fyrir við að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá sérhæfðum tækjum flugvallarins.

**Óbein orkunotkun**

Óbein orkunotkun tengist nýtingu á rafmagni og heitu vatni. Raforku-notkun Isavia hækkar lítillega milli ára sem má rekja til frekari umsvifa og aukningu á fjölda farþega í kjölfar þess að ferðatakmörkunum vegna COVID-19 var aflétt. Á næstu árum er viðbúið að raforkunotkun félagsins muni aukast, bæði vegna stækkana á Keflavíkurflugvelli sem og orkuútskipta.

Eftirlit með rafmagnsnotkun bygginga verður aukið á næstu árum. Það felur í sér að mæla notkun hjá einstökum kerfum eða notendum í þeim tilgangi að draga úr orkunýtingu. Einnig er til skoðunar að innleiða heild-stætt orkunotkunarkerfi sem tekur saman rafmagns-, vatns- og aðra orkunotkun. Með slíku kerfi má t.d. safna saman gögnum um alla nýtingu á Keflavíkurflugvelli og stuðla að betri orkunotkun í framtíðinni.

Notkun á heitu vatni jókst lítillega á milli ára, eða um 4%, og var 656.993 m³ árið 2022.

## Free Route Airspace

Verkefnið Free Route Airspace hefur að markmiði að minnka eldsneytis-notkun flugvéla með hagkvæmari flugleiðum og flughæðum. Verkefnið fellur undir Borealis Alliance, samtök flugleiðsöguveitenda (ANSP) í Norður-Evrópu, sem Isavia er aðili að.

**Rafmagnsnotkun Isavia í kWst**

| | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 | Breyting frá 2021 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Samstæðan** | 27.602.681 | 26.971.297 | 23.031.243 | 23.275.863 | 24.039.569 | 3,3% |
| Isavia ohf. | 22.056.730 | 21.493.358 | 17.814.037 | 17.575.052 | 20.296.095 | 15,5% |
| Isavia Innanlands | 3.860.997 | 3.298.626 | 2.827.689 | 3.219.705 | 2.268.887 | -29,5% |
| Isavia ANS | 1.607.392 | 2.099.651 | 2.345.545 | 2.440.382 | 1.412.314 | -42,1% |
| Fríhöfnin | 77.562 | 79.661 | 43.972 | 40.724 | 62.273 | 52,9% |

**Heitavatnsnotkun Isavia í kWst**

| | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 | Breyting frá 2021 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Samstæðan** | 51.810.959 | 49.550.310 | 45.559.936 | 37.811.998 | 39.487.375 | 4% |
| Isavia ohf. | 46.021.512 | 43.397.309 | 36.903.846 | 27.725.064 | 32.678.986 | 18% |
| Isavia Innanlands | 3.431.753 | 3.837.376 | 6.469.882 | 6.663.554 | 4.042.699 | -39% |
| Isavia ANS | 2.357.695 | 2.315.625 | 2.186.208 | 3.423.381 | 2.398.578 | -30% |
| Fríhöfnin | - | - | - | - | 367.112 | |

Free Route Airspace hefur verið að fullu innleitt fyrir íslenska flugstjórn-arsvæðið, en í gegnum það fer rúmlega þriðjungur allrar flugumferðar á leið yfir Norður-Atlantshafið. Á árinu 2022 t.a.m. flugu rúmlega 164 þúsund flugvélar þar um. Áhrif flughæðar á eldsneytisnotkun flugvéla eru talsverð og mikilvægt fyrir flugrekendur að fá kjörflughæð úthlutað fyrir sínar vélar. Slíkt lágmarkar eldsneytisbrennslu og kemur í veg fyrir óþarfa útblástur. Rannsóknir hafa sýnt að 1.000 feta frávik frá kjörflug-hæð breiðþotu getur valdið 1% aukningu á eldsneytisnotkun á klukku-stund. Það er því til mikils að vinna.

Til stuðnings við verkefnið var ADS-B kögun (e. surveillance) frá gervi-hnöttum Aireon tekin í rekstur í íslenska flugstjórnarsvæðinu norðan við 70°N upp af Norðurpólnum. Þar með er í fyrsta sinn veitt kögunarþjón-usta í öllu íslenska flugstjórnarsvæðinu.

Samhliða Free Route Airspace hefur Isavia ANS (Air Navigation Services) haft í þróun umhverfis- og frammistöðumælikvarða fyrir málaflokkinn. Einn þessara mælikvarða, sem rekur prósentuhlutall þeirra flugvéla sem fá umbeðna flughæð, er notaður í frammistöðuáætlun Samgöngustofu 2020 – 2024.

| Eldsneytisnotkun Isavia í lítrum | 2020 | 2021 | 2022 | Breyting frá 2021 |
|---|---|---|---|---|
| Bensín (L) | 26.962 | 34.358 | 37.575 | 9,4% |
| Dísil (L) | 759.292 | 483.013 | 776.196 | 60,7% |
| Flugvélaeldsneyti (L) | 66.676 | 62.337 | 58.505 | -6,1% |

EFNISYFIRLIT


3 Inngangsorð forstjóra
4 Ávarp stjórnarformanns
5 Árið 2022
6 Lykiltölur
8 Helstu fréttir ársins 2022

**Stefna og stjórnun**

11 Stjórn og stjórnarhættir
13 Áhættustýring
14 Starfsemi
17 Stefna og framtíðarþróun
22 Virðissköpun
24 Mikilvægir þættir

**Sjálfbærir flugvellir og flugvallasamfélag**

28 Loftslagsmál
32 Auðlindanýting
34 Lífsgæði
36 Mannauður
41 Viðskiptavinir
43 Innkaup
44 Öryggi og vernd
46 Uppbygging og þróun

**Viðaukar**

50 GRI tilvísunartafla
61 Ársreikningur


# Kolefnisspor Keflavíkurflugvallar



EFNISYFIRLIT

**Inngangur**

3 Inngangsorð forstjóra
4 Ávarp stjórnarformanns
5 Árið 2022
6 Lykiltölur
8 Helstu fréttir ársins 2022

**Stefna og stjórnun**

11 Stjórn og stjórnarhættir
13 Áhættustýring
14 Starfsemi
17 Stefna og framtíðarþróun
22 Virðissköpun
24 Mikilvægir þættir

**Sjálfbærir flugvellir og flugvallasamfélag**

28 Loftslagsmál
32 Auðlindanýting
34 Lífsgæði
36 Mannauður
41 Viðskiptavinir
43 Innkaup
44 Öryggi og vernd
46 Uppbygging og þróun

**Viðaukar**

50 GRI tilvísunartafla
61 Ársreikningur

# Auðlindanýting

*Við leggjum mikla áherslu á umhverfismál á öllum sviðum fyrirtækisins. Við vöktum og mælum þá umhverfisþætti sem starfsemin getur haft áhrif á. Markmiðið er að meta hvort, og þá hvernig, gera megi starfsemina sjálfbærari í takt við náttúru og samfélag. Isavia ohf. hefur verið með vottað ISO14001 umhverfisstjórnunarkerfi frá árinu 2021, við störfum eftir skýrum verkferlum og leitum sífellt nýrra leiða til úrbóta og þróunar í málaflokknum.*

## Umhverfið

Á Keflavíkurflugvelli eiga sér reglulega stað minniháttar mengunaróhöpp og er tekist á við þau eftir ákveðnum verkferlum. Oftast er um að ræða lítilsháttar olíuleka sem geta orðið við t.d. áfyllingu flugvéla. Eitt stórt mengunaróhapp átti sér stað á Akureyrarflugvelli árið 2022 þegar um þrjú þúsund lítrar af JetA flugvélaeldsneyti láku vegna yfirfyllingar á flugvél. Farið var í miklar hreinsunaraðgerðir í samráði við Heilbrigðiseftirlit Norðurlands.

Engir dómar hafa fallið þar sem Isavia hefur verið talið brjóta gegn lögum eða reglugerðum varðandi umhverfismál og engin kærumál þess efnis eru í gangi.

## Aðgerðir í endurvinnslumálum

Umhverfisáhrif óflokkaðs sorps eru töluverð og því leggjum við kapp á að draga úr myndun þess. Á árinu 2022 var unnið að því að fella endurnýtingu og endurvinnslu enn betur inn í hringrásarkerfi Isavia. Unnið er að innleiðingu snjallra úrgangslausna fyrir rekstraraðila í flugstöðinni með PAYT módelinu (e. Pay As You Throw). Það felur í sér að notendur greiða fyrir það magn sem þeir henda sem vonandi mun stuðla að minni sorpmyndun. Urðun óflokkaðs sorps frá Isavia ohf. og dótturfélögum fer eftir landsvæðum starfsstöðva, en stærstur hluti þess fer þó til brennslu í Kölku sorpeyðingarstöð.

Við nýja og endurgerða samninga við rekstraraðila innan samstæðunnar er ávallt litið til sjálfbærni fyrirhugaðrar starfsemi. Þá er rekstraraðilum gert að skuldbinda sig til að uppfylla sjálfbærnimarkmið okkar um notkun 100% umhverfisvænna umbúða fyrir árið 2026.

Mikill uppgröftur hefur átt sér stað á árinu vegna framkvæmda á Keflavíkurflugvelli. Við geymum og nýtum eftir fremsta megni það jarðefni sem fellur til. Efnið er m.a. notað í fyllingar og grunna eða brotið niður innan svæðisins til að minnka losun við flutning úr námum.

Á árinu var matarsóun mæld í mötuneyti starfsfólks Isavia á Keflavíkurflugvelli og er liður í betri nýtingu matvæla.

## Endurvinnsluhlutfall og sorpmagn

Markmið okkar á árinu 2022 var að 45% alls sorps sem félli til við reksturinn yrði flokkað. Það markmið náðist ekki, en hlutfall flokkaðs sorps var tæplega 38%. Hlutfall flokkaðs sorps á hvern farþega fór niður á milli ára og skýrist það með auknum farþegafjölda í kjölfar afléttingu takmarkana vegna COVID-19. Til að ná settum markmiðum fyrir árið 2023 verður vöktun aukin og umhverfismælaborð notað við að greina úrgang niður á flokka og staðsetningar. Þá verður unnið með öðrum rekstraraðilum í flugstöðinni við minnkun úrgangs og aukna flokkun.

## Vatn

Á Keflavíkurflugvelli hefur Verkís haft yfirumsjón með grunnvatnsrannsóknum síðan 2017. Grunnvatn á svæðinu er ekki nýtt sem neysluvatn en er engu að síður vaktað svo gæta megi að hreinleika þess og ferskleika. Síðasta grunnvatnsrannsókn var gerð í október 2022 og mældust óæskileg efni í lágum styrk. Þau má að mestu leyti rekja til starfsemi þriðja aðila á árum áður og að litlu leyti til afísingaefna sem notuð eru á flugvélar á hlaði Keflavíkurflugvallar þegar veðuraðstæður krefjast.

**Flokkunarhlutfall Isavia**




**Heildarmagn úrgangs á hvern farþega**



EFNISYFIRLIT

**Inngangur**

3 Inngangsorð forstjóra
4 Ávarp stjórnarformanns
5 Árið 2022
6 Lykiltölur
8 Helstu fréttir ársins 2022

**Stefna og stjórnun**

11 Stjórn og stjórnarhættir
13 Áhættustýring
14 Starfsemi
17 Stefna og framtíðarþróun
22 Virðissköpun
24 Mikilvægir þættir

**Sjálfbærir flugvellir og flugvallasamfélag**

28 Loftslagsmál
32 Auðlindanýting
34 Lífsgæði
36 Mannauður
41 Viðskiptavinir
43 Innkaup
44 Öryggi og vernd
46 Uppbygging og þróun

**Viðaukar**

50 GRI tilvísunartafla
61 Ársreikningur

Á síðasta ári voru í fyrsta skipti mæld efni sem tilheyra PFAS efnahópnum í grunnvatnsvöktuninni. Efnin mældust yfir evrópskum viðmiðum í öllum sýnatökuholunum á svæðinu en þó í mismiklu magni. Efnin má einna helst rekja til notkunar slökkvifroðu á æfingum slökkviliðs Keflavíkurflugvallar. Á árinu 2023 mun Isavia skipta yfir í PFAS fría slökkvifroðu. Isavia er með þeim fyrstu hér á landi til að mæla PFAS og mun halda því áfram ásamt öðrum mælingum og vöktun á gæði grunnvatns á svæði Keflavíkurflugvallar.

Neysluvatn Keflavíkurflugvallar og nærumhverfis kemur úr borholu í Lágum, u.þ.b. átta km suðaustan við flugvöllinn. Isavia sækir vatn í veitur þeirra sveitarfélaga sem fyrirtækið á starfsstöð í og hvorki endurvinnur né endurnýtir vatn af flugvallasvæðum.

Isavia rekur eins þrepa dælu og hreinsistöð á Stafsnesi fyrir fráveitu frá flugstöð Keflavíkurflugvallar og svæðinu í kring. Viðtaki hennar er sjór og er skilgreindur sem síður viðkvæmur viðtaki. Á árinu fengum við Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurnesjum til að framkvæma rannsókn á viðtaka skólphreinsistöðvarinnar. Markmiðið var að kanna áhrif hennar á lífríki sjávarins í nágrenni við útrásina í Djúpuvík á Stafnesi. Fyrstu niðurstöður benda til þess að viðtakinn sé afar góður og umhverfisáhrifin lítil, en frekari greining á eftir að fara fram. Að öðru leyti nýtir Isavia fráveitukerfi sveitarfélaga hverrar starfsstöðvar fyrir sig. Viðtakinn er í öllum tilfellum sjór en mismunandi er hversu mikil hreinsun er á fráveituvatninu eftir því um hvaða fráveitu ræðir. Olíuskiljur og settjarnir taka við bróðurparti þeirra mengandi efna í ofanvatninu sem annars gætu endað í umhverfinu eða fráveitunni.

Vatnsnokun Isavia er töluverð enda um viðamikla starfsemi að ræða. Mælingar á heitavatnsnotkun eru í föstum skorðum, en mismunandi er hvort og þá hvernig mælingum á kaldavatnsnotkun er háttað. Því eru kaldvatnstölur ekki jafn áreiðanlegar. Samstæðan notaði 566 ML af heitu vatni árið 2022 og a.m.k. 639 ML af köldu vatni.

## Efnanotkun

Á Keflavíkurflugvelli eru notuð afísingarkorn og afísingarvökvi á flugbrautir, akbrautir og flughlöð til að koma í veg fyrir hættu vegna hálku. Efnin eru vottuð með umhverfismerkjunum Bláa englinum og Svaninum, eru lífbrjótanleg og hafa lítil eitrunaráhrif á vatnsbúskap. Á innanlandsvöllum er nánast eingöngu notaður sandur til hálkuvarna afísingar, en á Egilsstaðaflugvelli voru hinsvegar notuð u.þ.b. 1.200 kg af afísingakornum. Notkun afísingavökva er háð veðri. Minni ísing var árið 2022 en árið á undan þrátt fyrir meiri snjó og minnkaði því notkun á milli ára.

**Magn afísingarefna á flugvöllum**

| | 2020 | 2021 | 2022 |
|---|---|---|---|
| Afísingarkorn (tonn) | 107 | 77 | 116 |
| Afísingarvökvi (lítrar) | 219.000 | 188.781 | 175.542 |

**Heildarmagn úrgangs hjá Isavia**

| Magn (kg) | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 | Breyting frá 2021 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Samstæðan** | **1.673.308** | **1.451.490** | **582.284** | **764.016** | **1.139.266** | 49,1% |
| Isavia ohf. | 1.611.438 | 1.382.872 | 514.261 | 698.139 | 1.064.015 | 52,4% |
| Isavia Innanlands | 33.658 | 39.254 | 40.168 | 43.766 | 59.654 | 36,3% |
| Isavia ANS | 28.212 | 29.364 | 27.855 | 22.515 | 15.597 | -30,7% |

## Flæði úrgangs



EFNISYFIRLIT

Inngangur

3 Inngangsorð forstjóra
4 Ávarp stjórnarformanns
5 Árið 2022
6 Lykiltölur
8 Helstu fréttir ársins 2022

Stefna og stjórnun

11 Stjórn og stjórnarhættir
13 Áhættustýring
14 Starfsemi
17 Stefna og framtíðarþróun
22 Virðissköpun
24 Mikilvægir þættir

Sjálfbærir flugvellir og flugvallasamfélag

28 Loftslagsmál
32 Auðlindanýting
34 Lífsgæði
36 Mannauður
41 Viðskiptavinir
43 Innkaup
44 Öryggi og vernd
46 Uppbygging og þróun

Viðaukar

50 GRI tilvísunartafla
61 Ársreikningur

# Lífsgæði

*Við vinnum markvisst að því að vera til fyrirmyndar í sjálfbærni á Íslandi. Við sýnum frumkvæði að því að auka sjálfbærni í öllu flugvallarsamfélaginu og eigum í nánu samstarfi við nærsamfélagið sem byggt er á gagnkvæmri virðingu. Opin samskipti eru höfð að leiðarljósi við miðlun upplýsinga og við nýtum sameiginlega reynslu og þekkingu okkar allra til að ná árangri.*

## Loftgæði

Isavia vaktar styrk ýmissa efna í andrúmslofti. Loftgæðamælar eru staðsettir á Keflavíkurflugvelli og í nærumhverfi hans. Mældur er styrkur nituroxíða (NO og $NO_2$) sem eru þau skaðlegu efni sem einna helst þyrfti að hafa áhyggjur af vegna starfsemi vallarins. Mælingar sýna að styrkur þeirra er yfirleitt lítill og ávallt undir viðmiðunarmörkum. Loftgæðaspár sem hafa verið gerðar fyrir Keflavíkurflugvöll fyrir allt að 14,5 milljónir farþega á einu ári sýna að þrátt fyrir þann fjölda yrði styrkur nituroxíða undir viðmiðunarmörkum. Farþegafjöldi um völlinn árið 2022 var 6,1 milljón.

Eftir að eldgos hófst í Fagradalsfjalli árið 2021 setti Isavia upp fleiri loftgæðamæla á Reykjanesi í samstarfi við Suðurnesjabæ og Umhverfisstofnun. Til viðbótar fyrri mælingum er nú einnig mældur styrkur brennisteinsdíoxíðs ($SO_2$) og brennisteinsvetnis ($H_2S$). Engar mælingar voru yfir heilsuverndarmörkum árið 2022.

## Hljóðvist

Við vöktum hljóðvist vegna flughreyfinga á Keflavíkurflugvelli allan ársins hring og eru hljóðmælar staðsettir á fjórum stöðum í nærumhverfi vallarins. Einnig hefur verið sett upp hljóðmælingakerfi þar sem íbúar, hagaðilar og starfsfólk Isavia geta fylgst með flugi og hljóðmælingum í nærumhverfi sínu. Hægt er að tilkynna ónæði vegna einstakra flughreyfinga í gegnum kerfið.

Á árinu 2022 bárust 28 tilkynningar um hávaða og ónæði vegna flugumferðar á Keflavíkurflugvelli og tengdust flestar flugi yfir íbúabyggð. Tilkynningar vegna ónæðis flughreyfinga á Reykjavíkurflugvelli voru 21, einkum vegna uppkeyrslu véla og þyrluflugs. Engar formlegar tilkynningar bárust vegna starfsemi annarra flugvalla Isavia.

Á síðustu árum höfum við unnið að mótvægisaðgerðum vegna þess ónæðis sem íbúar í nærumhverfi Keflavíkurflugvallar geta orðið fyrir. Þar á meðal má nefna innleiðingu nýrra flugferla og breytta notkun flugbrauta sem er framfylgt að teknu tilliti til öryggis- og umhverfisþátta, t.d. vinds eða brautarskilyrða.

Efla verkfræðistofa hefur kortlagt hljóðvist í kringum Keflavíkurflugvöll. Síðustu upplýsingar voru uppfærðar árið 2016 hjá Umhverfisstofnun og samkvæmt þeim varð enginn íbúi fyrir yfir 65dB sólarhringshávaða af völdum flugumferðar, um 300 urðu fyrir 60 til 64 dB sólarhringshávaða og um 1300 urðu fyrir 55 til 59 dB sólarhringshávaða. Fyrirhugað er að kortleggja hljóðvist á ný árið 2023.

## Lífríki

Við fylgjumst vel með dýra- og fuglalífi innan flugvallasvæðanna okkar með það að markmiði að minnka líkur á árekstri dýra og flugvéla. Í þeim tilgangi greinum við nánasta umhverfi vallanna, hvaða dýrategundir þar lifa, gróðurfar og fæðuframboð. Við skráum atferli dýranna og höldum utan um þau atvik sem valda þeim skaða. Vitneskjuna nýtum við til að þróa mótvægisaðgerðir sem m.a. fela í sér fælingu fugla og dýra frá flugbrautum og búsvæðastjórnun.

Á árinu 2022 urðu 12 árekstrar fugla við flugvélar á Keflavíkurflugvelli. 16 árekstrar urðu á flugvöllum innanlands. Aukning varð á milli ára sem skýrist að einhverju leyti vegna úrbóta á verkferli við skráningar á árekstrum hjá innanlandsflugvöllunum.

## Isavia í samfélaginu

***Suðurnesjavettvangur***

Suðurnesjavettvangur er samstarf sem hófst árið 2019. Að vettvanginum koma sveitarfélögin fjögur á Suðurnesjum, Grindavíkurbær, Reykjanesbær, Suðurnesjabær og Sveitarfélagið Vogar, Kadeco (Keflavík airport development company) , Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum og Isavia. Markmið vettvangsins er að efla atvinnulíf og styrkja innviði með hliðsjón af af Heimsmarkmiðum Sameinuðu Þjóðanna um sjálfbæra þróun.

EFNISYFIRLIT

**Inngangur**

3 Inngangsorð forstjóra
4 Ávarp stjórnarformanns
5 Árið 2022
6 Lykiltölur
8 Helstu fréttir ársins 2022

**Stefna og stjórnun**

11 Stjórn og stjórnarhættir
13 Áhættustýring
14 Starfsemi
17 Stefna og framtíðarþróun
22 Virðissköpun
24 Mikilvægir þættir

**Sjálfbærir flugvellir og flugvallasamfélag**

28 Loftslagsmál
32 Auðlindanýting
34 Lífsgæði
36 Mannauður
41 Viðskiptavinir
43 Innkaup
44 Öryggi og vernd
46 Uppbygging og þróun

**Viðaukar**

50 GRI tilvísunartafla
61 Ársreikningur

Niðurstaða úr stefnumótun vettvangsins lá fyrir í júní 2021 og vinna nú allir aðilar að því að ná settum markmiðum. Hringrásarhagkerfið er sett í forgang þar sem sjálfbærni er lykilatriði í viðfangsefnum framtíðarinnar. Einnig er unnið að sameiginlegu kolefnisbókhaldi samstarfsaðila, aukinni flokkun sorps og heildstæðri menntastefnu á sviði sjálfbærni fyrir öll skólastig á Suðurnesjum.

Árangur á sviði sjálfbærni felst í samstöðu og samvinnu um grundvallaratriði sem snúa að nærsamfélaginu. Til að greiða fyrir innleiðingu þeirra verkefna sem samfélagið á Suðurnesjum ákvað að vinna saman að er stefnt að því að halda árlega upplýsingafundi um sameiginlegan árangur okkar á sviði sjálfbærni.

Suðurnesin eru frumkvöðlar á Íslandi í mótun hringrásarhugsunar í atvinnulífinu. Auðlindagarðurinn í Svartsengi er dæmi um slíka hugsun og hefur hann reynst fyrirmynd víða um heim. Nú hefur verið unnin fýsileikaskýrsla og haldin vinnustofa um Grænan iðngarð á Suðurnesjum, þar sem fjöldi ólíkra fyrirtækja yrðu í náinni sambúð á skipulögðu svæði og nýta þar fjölda ólíkra orku- og efnastrauma.

## Almannavarnir og hópslysaviðbúnaður

Sem aðili í rekstri flugvalla og flugleiðsögu á Íslandi gegnir Isavia mikilvægu hlutverki í stjórnkerfi Almannavarna. Þá er félagið í lykilhlutverki hvað varðar viðbragðsáætlanir um leit og björgun á íslenska flugstjórnarsvæðinu.

Að jafnaði heldur Isavia fjórar flugslysaæfingar á ári víða um land og er þátttaka undantekningalaust góð. Að jafnaði taka um 1.000 manns þátt í æfingunum frá öllum viðbragðsaðilum landsins, auk almennings. Viðbragðsæfingar á flugvöllum eru veigamikill þáttur í viðbragðskerfum bæði Isavia og Almannavarna Íslands og mikilvægur samráðsvettvangur fyrir viðbragðsaðila í landinu. Til marks um það þá hafa lögbundnar viðbragðsáætlanir Almannavarna vegna hópslysa þróast til samræmis við það verklag sem notast er við á þessum æfingum.

Fjórar flugslysaæfingar voru haldnar árið 2022; á Þórshöfn, sem hafði verið frestað árið áður vegna COVID-19, á Ísafirði, Akureyri og í Reykjavík . Samvinna og samhugur allra viðbragðsaðila var einkennandi á æfingunum.

## Neyðarstjórn Isavia

Neyðarstjórn Isavia var formlega stofnuð árið 2015 og hefur frá þeim tíma tekist á við ýmiskonar fyrirséða og ófyrirséða atburði. Neyðarstjórn tryggir samræmd og samhæfð viðbrögð Isavia á hættu- og neyðartímum, tryggir heildstæð viðbrögð við atburðum sem ógna rekstraröryggi félagsins, mildar áhrif þeirra og styður við stjórnendur og starfsmenn svo tryggja megi fulla þjónustu aftur eins fljótt og auðið

**Rýniferli neyðarstjórnar**

*Atburður* → *Gagnasöfnun* → *Rafræn rýni og/eða innri/ytri rýnifundur* → *Rýnifundargerð* → *Gæðakerfi*



*Frá flugslysaæfingu á Reykjavíkurflugvelli*

er. Til að ná þessum markmiðum nýtir Neyðarstjórn sveigjanlegt og öflugt verklag sem tekur á atburðum á skipulegan hátt.

Rýni fer fram á öllum þeim aðgerðum sem Neyðarstjórn kemur að. Þá er einnig tekið til rýni hvernig viðbragðsáætlanir á hættu- og neyðarstigi voru virkjaðar. Þátttaka í þessari rýni fer sífellt hækkandi enda mikilvægt að fá sjónarhorn þeirra sem að koma. Rýnin fer fram bæði innan Isavia og einnig meðal hagaðila ef slíkt á við. Niðurstöðurnar eru færðar inn í gæðakerfi Isavia sem tryggir að umbætur skili sér í starfsemina. Þannig má draga lærdóm af aðgerðum og efla ferla innan flugvallarsamfélagsins.

Árið 2022 hefur Neyðarstjórn Isavia verið meira og minna virk. Tekist hefur verið á við hverja áskorunina á fætur annarri, t.d. jarðhræringar, eldgos, heimsfaraldur COVID-19, yfirvofandi verkföll, viðbúnað við óveðrum o.fl. Hefur það verið gert í góðri samvinnu við starfsfólk, hagaðila innan flugsamfélagsins og Almannavarnir. Samstarf meðal flugvallarsamfélagsins eykst með hverri áskorun og aðilar þess standa sífellt þéttar saman. Neyðarstjórn tryggir opnar boðleiðir, gætir að góðri upplýsingagjöf og heldur reglulega samráðsfundi. Þá hafa stuttar boðleiðir innan Isavia, meðal hagaðila og gagnvart ytri aðilum reynst mikilvægar í ferlinu.

### Jarðhræringar og eldgos

Jörð hélt áfram að skjálfa á Reykjanesi og annað eldgos í Fagradalsfjalli leit dagsins ljós þann 3. ágúst. Vel skilgreindir ferlar eru til fyrir eldsumbrot í nágrenni Keflavíkurflugvalla og þegar nýtt gos hófst sýndi sig að allir aðilar á svæðinu voru vel undirbúnir og reynslunni ríkari frá því þegar gaus árið áður. Eldgosum fylgir aukin flugumferð og var slíkri umferð stýrt inná svæðið. Gosið stóð yfir í 18 daga og hafði engin áhrif á flug.

### Óveður

Góður viðbúnaður er innan Isavia og meðal annarra hagaðila innan flugvallarsamfélagsins vegna atburða tengdum óveðrum og hinni óútreiknanlegu íslensku veðráttu. Óvenjulegar aðstæður sköpuðust á Keflavíkurflugvelli rétt fyrir jól þegar mikil snjókoma varð þess valdandi að Reykjanesbraut var meira og minna lokuð umferð í rúman sólarhring dagana 19. til 20. desember. Á sama tíma héldust flugsamgöngur opnar. Reyndi þá á allt viðbragðskerfi landsins enda komst hvorki starfsfólk né farþegar til eða frá Keflavíkurflugvelli auk þess sem færð var slæm víða um land. Aðgerðir leystust að lokum og heilmikill lærdómur skapaðist sem nýta má komi upp sambærilegar aðstæður síðar.

EFNISYFIRLIT

**Inngangur**

3 Inngangsorð forstjóra
4 Ávarp stjórnarformanns
5 Árið 2022
6 Lykiltölur
8 Helstu fréttir ársins 2022

**Stefna og stjórnun**

11 Stjórn og stjórnarhættir
13 Áhættustýring
14 Starfsemi
17 Stefna og framtíðarþróun
22 Virðissköpun
24 Mikilvægir þættir

**Sjálfbærir flugvellir og flugvallasamfélag**

28 Loftslagsmál
32 Auðlindanýting
34 Lífsgæði
36 Mannauður
41 Viðskiptavinir
43 Innkaup
44 Öryggi og vernd
46 Uppbygging og þróun

**Viðaukar**

50 GRI tilvísunartafla
61 Ársreikningur

# Mannauður

*Stefna Isavia í mannauðsmálum er að skapa vinnustað þar sem starfsfólk sýnir hvort öðru virðingu og sé heiðarlegt gagnvart sjálfu sér og öðrum. Við ætlum okkur að vera í fararbroddi sem vinnustaður þar sem jafnrétti og traust ríkir. Þannig sköpum við gott starfsumhverfi með uppbyggjandi menningu sem styður við halda gleði starfsfólks, leyfir þeim að vera hugrakkt og uppbyggjandi, um leið og það tekur ábyrgð á eigin frammistöðu. Við hjá Isavia trúum á að við náum auknum árangri sem ein heild.*

Árið 2022 var annasamt ár í starfsemi félagsins þar sem flugumferð fór aftur að aukast og endurheimt flugfélaga og farþega var betri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Þá héldu framkvæmdir við Keflavíkurflugvöll áfram af miklum krafti. Þetta skapaði skemmtilegar áskoranir í rekstrinum sem kölluðu á við þurftum að stækka starfsmannahópinn okkar til þess að geta unnið betur saman að því að þjónusta, farþega, flugfélög og aðra samstarfsaðila okkar í flugvallarsamfélaginu.

Árið 2022 voru 1.329 einstaklingar í starfi hjá Isavia í 1.163 stöðugildum. Einstaklingum í starfi hafði fjölgað um 200 milli ára og var fjölgunin hlutfallslega mest hjá móðurfélaginu, Isavia ohf., og Fríhöfninni ehf., en starfsemi þessara félaga miðast að miklu leyti við flugumferð um Keflavíkurflugvöll hverju sinni. Hlutfall kvenna af starfsmannahópnum hefur hækkað lítillega og voru þær 39% af heildar fjölda starfsfólks. Karlar voru 61%. Meðalaldur starfsfólks lækkaði um tvö ár og er nú 40 ár. Meðalstarfsaldur var 7,2 ár.

Í tengslum við stækkun Keflavíkurflugvallar og þær framkvæmdir sem henni fylgja gerði Isavia samning við fyrirtækið Mace Group varðandi aðstoð í framkvæmdaverkefnum. Starfsfólk Mace hefur aðsetur á starfsstöðvum Isavia í Hafnarfirði og á Keflavíkurflugvelli og tekur virkan þátt í starfsemi okkar. Á árinu 2022 voru 31 einstaklingur í starfi hjá Mace að sinna verkefnum fyrir Isavia, 23% þeirra voru konur og 77% karlar.

Starfsemi okkar fer fram um allt land en meirihluti starfsfólksins starfar á Keflavíkurflugvelli. Næst stærsta starfsstöðin er í flugstjórnarmiðstöðinni á Reykjavíkurflugvelli þar sem starfsemi Isavia ANS fer að mestu fram. Á landsbyggðinni er starfsstöðin okkar á Akureyri fjölmennust en þar á eftir koma starfsstöðvar okkar á Egilsstöðum og Ísafirði. Við hjá Isavia erum afar lánsöm með að á öllum okkar starfsstöðvum starfar einstakur mannauður sem leggur sitt af mörkum við að halda rekstri félagsins gangandi á hverjum degi.

## Fyrirtækjamenning

Eitt af lykilverkefnum okkar á árinu 2022 var menningarvegferð félagsins. Hún gengur undir nafninu „Saman á nýrri vegferð“ og styður við



árangursríka innleiðingu á stefnu félagsins. Félagið hefur gert menningarsáttmála sem verður leiðarljós okkar í hegðun en þar segir: Við sýnum hvert öðru virðingu og erum heiðarleg gagnvart sjálfum okkur og öðrum. Við gætum þess að viðhalda gleðinni, erum hugrökk, uppbyggileg og tökum ábyrgð á eigin frammistöðu. Saman náum við árangri.

Menningarvegferðinni er ætlað að breyta menningu félagsins úr óvirkri og drottnandi yfir í uppbyggjandi menningu þar sem lögð er áhersla á árangur, sjálfsþroska, hvetjandi umhverfi og góð tengsl milli aðila.

Bæði stjórnendur og starfsfólk hafa fengið reglubundna þjálfun í aðferðafræði uppbyggjandi menningar á vinnustofum sem haldnar voru af erlendum ráðgjöfum og stjórnendum félagsins. Einnig settum við á laggirnar „buddy“ hópa en í þeim er starfsfólki skipt upp í 4 - 5 manna hópa, ýmist innan sviða eða þvert á svið og deildir. Hóparnir hittast á 4 - 6 vikna fresti og kynnast störfum hvers annars og leysa saman verkefni um þau hegðunarmynstur sem leiða af sér uppbyggjandi menningu.

Isavia ANS tók ákvörðun um að hefja samskonar vegferð með sömu aðferðafræði og hófu sína vegferð í lok árs 2022.

EFNISYFIRLIT

Inngangur

3 Inngangsorð forstjóra
4 Ávarp stjórnarformanns
5 Árið 2022
6 Lykiltölur
8 Helstu fréttir ársins 2022

Stefna og stjórnun

11 Stjórn og stjórnarhættir
13 Áhættustýring
14 Starfsemi
17 Stefna og framtíðarþróun
22 Virðissköpun
24 Mikilvægir þættir

Sjálfbærir flugvellir og flugvallasamfélag

28 Loftslagsmál
32 Auðlindanýting
34 Lífsgæði
36 Mannauður
41 Viðskiptavinir
43 Innkaup
44 Öryggi og vernd
46 Uppbygging og þróun

Viðaukar

50 GRI tilvísunartafla
61 Ársreikningur

## Ráðningar og vinnumarkaðurinn

Við viljum eiga í uppbyggjandi samskiptum við alla hagsmunaaðila vinnumarkaðarins. Isavia starfar á almennum markaði og fylgir kjarasamningum sem Samtök atvinnulífsins gera fyrir hönd félagsins við fjölmörg stéttarfélög. Félagið er með sérstaka kjarasamninga við Landssamband slökkviliðsmanna (LSS), Félag flugmálastarfsmanna ríkisins (FFR), Sameyki (SFR) og Félag íslenskra flugumferðastjóra (FÍF). Kjarasamningar félagsins við stærstu félögin runnu út haustið 2022 og hófust kjaraviðræður við félögin í lok árs án þess þó að samningar næðust fyrir áramót.

Félagið fylgir alfarið þeim lögum og reglum sem gilda um vinnumarkaðinn hverju sinni. Nær allt starfsfólk, eða 98% eru aðilar að stéttarfélögum og fylgja ákvæðum þeirra þegar kemur að réttindum og skyldum. Það starfsfólk sem hefur kosið að vera utan stéttarfélaga semur um kjör sín og hlunnindi við sinn næsta stjórnanda. Þessir einstaklingar njóta engu að síður sömu réttinda og annað starfsfólk þegar kemur að greiðslum í lífeyrissjóði, ávinnslu orlofs, veikindarétti og öðrum kjarasamningsbundnum réttindum.

Uppsagnarfrestur starfsfólks fer eftir ákvæðum viðeigandi kjarasamnings og er ólíkur eftir starfs- og lífaldri. Uppsagnarfrestur er gagnkvæmur og eru allar uppsagnir skriflegar eins og reglur kveða á um. Lágmarksstarfsaldur hjá Isavia er 18 ár, þó svo að félagið geti veitt undanþágu frá því og ráðið einstaklinga frá 16 ára aldri í einstök verkefni og störf.

### *Ráðningar*

Við vöndum vinnubrögð í ráðningum og gætum ávallt hlutleysis. Við tökum vel á móti nýju fólk og tryggjum að það fái viðeigandi upplýsingar, þjálfun og aðföng til að sinna starfi sínu vel frá fyrsta degi.

Það er stefna Isavia að gera starfsfólki kleift að þróast í starfi með tilfærslum á milli starfa. Félagið hefur sett sér reglu um að auglýsa öll laus störf nema forstjóri gefi undanþágu fyrir öðru. Störf eru auglýst á innri- og/eða ytri vef félagsins, á alfred.is og á samfélagsmiðlum. Á árinu 2022 voru 134 störf auglýst laus til umsóknar hjá félaginu og sóttu 3.409 einstaklingar um störfin. Meðalaldur umsækjenda var 32 ár og helmingur þeirra sem gáfu upp kyn sitt í ráðningarferlinu voru karlar.

Alls voru 541 einstaklingar ráðnir til starfa á árinu. Þar af voru um 400 ráðin í sumarstörf og hluta þeirra var boðið fast starf eða tímavinnustarf hjá félaginu þegar sumarráðningu lauk. Konur voru 45% þeirra sem voru ráðin og karlar 55%. Meðalaldur nýráðninga var 30 ár.

### *Starfslok*

Við kveðjum þau sem láta af störfum hjá félaginu með virðingu og leitumst við að hagsmunir starfsfólks og félagsins fari saman við starfslok. Almennur starfslokaaldur hjá Isavia er 67 ár nema um annað sé samið í kjarasamningum. Starfsfólki sem nálgast eftirlaunaaldur býðst að sækja námskeið um starfslok á vegum félagsins og höfum við einnig boðið mökum þessara aðila að taka þátt. Námskeiðið fór fram í desember 2022 og var haldið í samstarfi við fyrirtækið Auðnast.

| Heildarfjöldi starfsfólks | Konur | % | Karlar | % | Samtals | % |
|---|---|---|---|---|---|---|
| ***Heildarfjöldi*** | ***514*** | ***39%*** | ***815*** | ***61%*** | ***1329*** | ***100%*** |
| -Þarf af í fullu starfi | 359 | 27% | 730 | 55% | 1089 | 82% |
| -Þar af í hlutastarfi | 155 | 12% | 85 | 6% | 240 | 18% |
| -Tímabundin ráðning | 63 | 5% | 51 | 4% | 49 | 4% |
| -Fast ráðning | 451 | 34% | 764 | 57% | 1215 | 94% |
| -Starfsnemar | 13 | | 16 | | 29 | |

| Aldursdreifing starfsfólks | Konur | % | Karlar | % | Samtals | % |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Undir 30 ára | 149 | 13% | 163 | 14% | 312 | 23% |
| 30 til 50 ára | 238 | 21% | 403 | 35% | 641 | 48% |
| Yfir 50 ára | 127 | 11% | 249 | 22% | 376 | 28% |
| ***Samtals*** | ***514*** | ***39%*** | ***815*** | ***61%*** | ***1329*** | ***100%*** |

| Hlutfall stjórnenda af öllu starfsfólki | Fjöldi | % |
|---|---|---|
| Konur | 55 | 4% |
| Karlar | 114 | 9% |
| ***Samtals stjórnendur*** | ***169*** | ***13%*** |

| Aldurssamsetning stjórnenda | Fjöldi | % |
|---|---|---|
| Undir 30 ára | 4 | 2% |
| 30 til 50 ára | 97 | 58% |
| Yfir 50 ára | 68 | 40% |
| ***Samtals stjórnendur*** | ***169*** | ***100%*** |

Starfsmannavelta Isavia og dótturfélaga árið 2022 var 17,6% þegar búið er að taka tillit til tímabundinna ráðninga í sumarstörf.

## Vinnustaðamælingar og starfsmannasamtöl

Isavia og dótturfélög hófu í upphafi árs mánaðarlegar púlsmælingar þar sem starfsfólk er beðið um að gefa endurgjöf á ýmsa þætti starfseminnar og stjórnunar hjá félaginu. Hver stjórnandi fær mánaðarlegar niðurstöður fyrir sína einingu og er niðurstöðunum skipt upp eftir tíu drifkröftum sem hafa áhrif á ánægju og helgun starfsfólks hverju sinni. Heildar starfsánægja félagsins á árinu 2022 mælist 7,6 á 10 punkta kvarða. Það er lítillega undir markmiðum félagsins um að starfsánægja í hverri einingu mælist 8 eða yfir.

Isavia leggur upp úr því að stjórnendur taki reglulega samtöl við starfsfólk. Samtölin eiga að hvetja til góðrar samvinnu allra aðila enda bera stjórnendur og starfsfólk sameiginlega ábyrgð á starfsanda og vellíðan á vinnustað. Þar sem starfsemi félagsins er umfangsmikil og ólík á milli

EFNISYFIRLIT

Inngangur

3 Inngangsorð forstjóra
4 Ávarp stjórnarformanns
5 Árið 2022
6 Lykiltölur
8 Helstu fréttir ársins 2022

Stefna og stjórnun

11 Stjórn og stjórnarhættir
13 Áhættustýring
14 Starfsemi
17 Stefna og framtíðarþróun
22 Virðissköpun
24 Mikilvægir þættir

Sjálfbærir flugvellir og flugvallasamfélag

28 Loftslagsmál
32 Auðlindanýting
34 Lífsgæði
36 Mannauður
41 Viðskiptavinir
43 Innkaup
44 Öryggi og vernd
46 Uppbygging og þróun

Viðaukar

50 GRI tilvísunartafla
61 Ársreikningur



starfseininga stendur stjórnendum til boða að velja um tvær leiðir þegar kemur að slíkum samtölum, allt eftir því hvað hentar hverri starfsemi fyrir sig. Annar vegar er um að ræða 15–20 mínútuna „Tékk-inn" samtöl sem tekin eru 6-12 sinnum á ári eða lengri samtöl sem eru tekin 1–2 sinnum ári.

## Jafnrétti

Isavia stuðlar að jafnrétti í öllu starfi félagsins og tryggir að allt starfsfólk fái jöfn tækifæri og möguleika á að nýta hæfileika sína í starfi. Við leitum leiða til að tryggja jafnt kynjahlutfall bæði í hópi stjórnenda og starfsfólks og leggjum áherslu á opin og heiðarleg samskipti þar sem starfsfólk kemur fram við hvert annað af virðingu og leggur hvert öðru lið við dagleg störf. Við viljum að á starfsstöðvum okkar ríki jafnrétti, traust og heilsusamlegt starfsumhverfi.

Á árinu voru mannauðs- og jafnréttisstefnur félagsins sameinaðar í eitt skjal. Er það gert til að sýna að jafnréttismál eru hluti af öllum mannauðstengdum málum hjá félaginu. Samhliða stefnunni var ný aðgerðaráætlun jafnréttismála send til samþykkis Jafnréttisstofu sem vottaði áætlunina til næstu tveggja ára. Áætlunin er unnin í samræmi við lög nr. 150/2000 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. Tilgangur hennar er að tryggja að fyllsta jafnréttis sé gætt á meðal starfsfólks á vinnustaðnum og að hæfni þeirra, kraftar og kunnátta sé nýtt til fulls.

Við höfum sett okkur stefnu um að vera skemmtilegur og áhugaverður vinnustaður þar sem aðbúnaður og aðstaða eru eins og best verður á kosið. Við sköpum starfsumhverfi sem einkennist af gagnkvæmum sveigjanleika svo að þarfir starfs- og fjölskylduábyrgðar finni sér jafnvægi. Félagið leggur áherslu á að koma til móts við óskir starfsfólks vegna fæðingarorlofs og að mæta þörfum þeirra með sveigjanleika þegar það snýr aftur til starfa. Á árinu 2022 fóru 88 einstaklinga í fæðingar- og foreldraorlof, þarf af 36 konur og 52 karlar. Á árinu 2021 fóru 105 einstaklingar í fæðingar- og foreldraorlof og nær allir sneru aftur til starfa að loknu orlofi.

### Starfskjör og jafnlaunavottun

Isavia hefur skuldbundið sig til að innleiða, skjalfesta og viðhalda jafnlaunakerfi í samræmi við kröfur jafnlaunastaðalsins ÍST 85 og öðlast jafnlaunavottun í samræmi við lög nr. 150/2000 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. Félagið innleiddi stjórnkerfi jafnlauna árið 2018 og hlaut jafnlaunavottun sama ár og gilti sú vottun til þriggja ára. Árið 2022 hlaut félagið endurvottun eftir úttekt sem framkvæmd var af BSI á Íslandi. Stjórnkerfi jafnlauna er ætlað að tryggja að allt starfsfólk fái greidd jöfn laun og njóti sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf óháð kyni. Samhliða vottuninni var framkvæmd launagreining sem leiddi í ljós að ekki er til staðar óútskýrður kynbundinn launamunur hjá Isavia.

| Meðalfjöldi klukkustunda í þjálfun hjá starfsfólki | 2022 | 2021 |
|---|---|---|
| Meðalfjöldi | 47 klst. | 29 klst. |
| Hjá körlum | 51 klst. | 31 klst. |
| Hjá konum | 42 klst. | 24 klst. |
| Hjá stjórnendum | 49 klst. | 15 klst. |
| Hjá starfsfólki (ekki með stjórnendaábyrgð) | 47 klst. | 31 klst. |

## Mannréttindi

Við leggjum okkur fram við að allt starfsfólk óháð kyni, aldri eða þjóðerni hafi jöfn tækifæri til starfsþróunar og þjálfurnar. Við upphaf starfs eru nýliðar upplýstir um jafnréttisstefnu og siðareglur félagsins. Allt starfsfólk í framlínustörfum fær fræðslu um mansal, einkenni þess og rétt viðbrögð ef grunur um slíkt vaknar.

Til að auka þjónustu við farþega með ósýnilega fötlun var svokallað Sólblómaband innleitt á Keflavíkurflugvelli. Um er að ræða hálsband sem farþegar með ósýnilega fötlun geta valið að bera þegar að þeir fara um flugstöðina. Við útbjuggum stafrænt fræðslunámskeið um Sólblómabandið sem upplýsir starfsfólkið okkar um hvernig þau geta sýnt aukna nærgætni í samskiptum við þennan farþegahóp.

EFNISYFIRLIT

**Inngangur**

3 Inngangsorð forstjóra
4 Ávarp stjórnarformanns
5 Árið 2022
6 Lykiltölur
8 Helstu fréttir ársins 2022

**Stefna og stjórnun**

11 Stjórn og stjórnarhættir
13 Áhættustýring
14 Starfsemi
17 Stefna og framtíðarþróun
22 Virðissköpun
24 Mikilvægir þættir

**Sjálfbærir flugvellir og flugvallasamfélag**

28 Loftslagsmál
32 Auðlindanýting
34 Lífsgæði
36 Mannauður
41 Viðskiptavinir
43 Innkaup
44 Öryggi og vernd
46 Uppbygging og þróun

**Viðaukar**

50 GRI tilvísunartafla
61 Ársreikningur




## Velferðarþjónusta

Isavia er með þjónustusamning við fyrirtækið Heilsuvernd sem sinnir velferðarþjónustu félagsins. Heilsuvernd annast trúnaðarlæknaþjónustu félagsins ásamt því að koma að reglulegum bólusetningum, heilsufarsmælingum og annarri þjónustu sem snýr að velferðarmálum starfsfólks. Á árinu 2022 nýttu 25 einstaklingar sér þjónustu trúnaðarlæknis.

Haustið 2022 fóru fram inflúensu bólusetningar og heilsufarsmælingar á öllum starfsstöðvum Isavia og dótturfélaga. Alls nýttu 594 einstaklingar þessa þjónustu og fóru í heilsufarsmælingu hjá hjúkrunarfræðingum Heilsuverndar. Þá fóru 117 einstaklingar í sérstaka heilsufarsskoðun vegna starfa við slökkvi- og björgunarstörf á árinu 2022.

Okkur er annt um heilsu og öryggi starfsfólks. Samningurinn við Heilsuvernd, ásamt innleiðingu á nýrri velferðarþjónustu, er liður í því að skapa öruggt og gott starfsumhverfi á öllum starfsstöðvum félagsins. Með samningi Isavia við Heilsuvernd var þjónusta við starfsfólks stórbætt þegar kemur að sálfélagslegum þáttum en öllu starfsfólki samstæðunnar stendur nú til boða að sækja sér fimm tíma hjá sálfræðingum eða öðrum fagaðilum Heilsuverndar sér að kostnaðarlausu. Alls voru 99 einstaklingar sem nýttu sér þessa þjónustu á árinu og fór hver einstaklingur að meðaltali í 2,8 viðtöl hjá séfræðingum Heilsuverndar.

## Félagslegt umhverfi

Okkur er umhugað um líðan hvers annars og leggjum áherslu á janfrétti, traust og heilsusamlegt starfsumhverfi. Það er skýr stefna Isavia að við hvorki líðum né tökum þátt í einelti, kynferðislegri áreitni eða annarskonar ofbeldi (EKKO).

Félagið hefur sett sér skýra viðbragðsáætlun ef upp koma mál er varða EKKO. Áætlunin er sett á grundvelli laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglugerð nr. 1009/2015 um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum.

Áætlunin nær til allra starfsstöðva Isavia og dótturfélaga og á jafnt við um starfsfólk, stjórnendur og verktaka sem starfa á vegum félagsins eða á vegum annarra þjónustuaðila á starfsstöðvum Isavia.

Á árinu 2022 komu upp sex mál sem vörðuðu stefnu og reglur félagsins um félagslegt umhverfi og sálfélagslega þætti. Þrjú þeirra vörðuðu einelti og þrjú kynferðislega áreitni. Tveimur málanna lauk með starfslokum geranda og fjórum með sátt milli aðila.

## Isaviaskólinn

Við tryggjum öllu starfsfólki okkar viðeigandi þjálfun og svo það hafi þá hæfni sem þarf til að ná góðum árangri í störfum sínum. Einnig á þjálfun að tryggja öryggi og vellíðan starfsmanna. Fjölbreytt námskeið eru í boði allt árið, bæði skyldunámskeið sem og námskeið sem ætluð eru til að byggja upp persónulega hæfni og stuðla að vellíðan í starfi. Innihald fræðslunnar ár hvert ræðst af því hvaða verkefni, markmið og áskoranir liggja fyrir hjá félaginu. Stærsti hluti þjálfunarinnar er skylduþjálfun vegna starfsleyfa.

Isaviaskólinn heldur utan um alla þjálfun hjá Isavia ohf. og veitir dótturfélögunum fræðslu um alla starfsemi samstæðunnar. Dæmi um það er nýliðafræðsla og fræðsla um upplýsingaöryggi og persónuvernd. Auk þessa leiðir starfsfólk Isaviaskólans fræðslu vegna flugvallaþjónustu og flugverndar hjá Isavia innanlandsflugvöllum. Isavia ANS rekur sína eigin þjálfunardeild sem sér um þjálfun flugumferðarstjóra.

Isaviaskólinn sér einnig um gerð námskeiða og framkvæmd fræðslu fyrir alla sem starfa á flugvöllum landsins og þurfa aðgangsheimild og önnur réttindi. Dæmi um það eru námskeið um flugverndar- og öryggisvitund, vinnuvernd, akstursnámskeið og brúarstjórnun. Flugþjónustuaðilar sem sinna flugverndarstörfum þurfa einnig að sækja þá þjálfun til skólans og þ.a.l. er nemendahópur Isaviaskólans mun stærri en fjöldi starfsfólks Isaviasamstæðunnar. Á árinu 2022 luku liðlega 5.000 manns þjálfun á vegum skólans.

**Námsbrautir og námskeið**

*Flugvallarbraut*

Gefin var út ný námskrá fyrir flugvallarstarfsfólk sem sinnir bæði árstíðabundinni þjónustu, t.d. snjómokstri, og björgunar- og slökkviþjónustu. Einnig var unnið að endurskoðun námsefnis í grunnnámi sem er mjög viðamikið. Farnar voru þjálfunarferðir á innanlandsflugvelli með þátttöku í flugslysaæfingum og framkvæmd fornáms og hæfnimats. Þá var námsefni akstursþjálfunar endurskoðað og framleidd stafræn námskeið til að auka öryggi á flugvellinum.

*Flugstöðvarbraut*

Á flugstöðvarbraut lauk samrunaþjálfun starfsfólks í APOC (Airport Operations Center), þjálfunaráætlanir voru endurskoðaðar og framkvæmd hæfnimats vegna farþegabrúa flutt til flugþjónustuaðila.

*Flugverndarbraut*

Starfsfólk sem sinnir flugvernd þarf að fara í endurvottun á þriggja til fimm ára fresti eftir því hvort það sinnir skimun með röntgengeislum eða ekki. Rúmlega 200 starfsmenn Isavia og flugþjónustuaðila luku við endurvottun á árinu sem felst í að þreyta bæði þekkingarpróf og staðlað próf í myndgreiningu. Mikill fjöldi sumarstarfsfólks var ráðinn í störf við flugvernd og luku rúmlega 200 starfsmenn við grunnnámskeið þar um og um 80 luku við endurmenntun.

Nýtt stafrænt efni var tekið í gagnið sem stytti viðveru nemenda í stofu um þrjá daga og allt starfsfólk öryggisleitar fékk þjálfun á nýtt skimunarkerfi.

*Almenn braut*

Á almennri braut eru skipulögð námskeið sem ganga þvert á alla samstæðuna. Námskeiðin eru ýmist stafræn, staðnámskeið eða blanda af hvoru tveggja. Sérstök síða með fræðslu og upplýsingum um streitu í starfi var opnuð á innri vef Isavia.

*Íslenskunámskeið*

Síðustu ár hefur starfsfólki, með íslensku sem annað tungumál, fjölgað hjá Isavia. Við viljum að þeim, sem og öðru starfsfólki, líði vel í starfi, þau aðlagist hópnum og geti meðtekið allar upplýsingar og þjálfun sem þarf til að sinna starfi sínu af öryggi. Þar er íslenskukunnátta lykillinn og því var boðið upp á íslenskunámskeið í flugstöðinni fyrir þennan hóp.

EFNISYFIRLIT

Inngangur

3 Inngangsorð forstjóra
4 Ávarp stjórnarformanns
5 Árið 2022
6 Lykiltölur
8 Helstu fréttir ársins 2022

Stefna og stjórnun

11 Stjórn og stjórnarhættir
13 Áhættustýring
14 Starfsemi
17 Stefna og framtíðarþróun
22 Virðissköpun
24 Mikilvægir þættir

Sjálfbærir flugvellir og flugvallasamfélag

28 Loftslagsmál
32 Auðlindanýting
34 Lífsgæði
36 Mannauður
41 Viðskiptavinir
43 Innkaup
44 Öryggi og vernd
46 Uppbygging og þróun

Viðaukar

50 GRI tilvísunartafla
61 Ársreikningur

Starfsfólk fékk tækifæri til að sækja námskeiðið á vinnutíma en á móti mættu þau sem voru í vaktavinnu stundum í sínum frítíma. Þátttakendur voru bæði ánægðir og áhugasamir um framtakið og vilja sjá íslenskunám á vinnustaðnum þróast enn frekar.

*Stafræn námskeið*

Stafræn námskeið eru sífellt stærri hluti af náminu okkar. Isaviaskólinn framleiddi fjölmörg slík ásamt því að nýta sér efni frá öðrum aðilum eins og AwareGO og Akademis. Einnig fékk allt starfsfólk þjálfun í tengslum við menningarverkefnið Saman á nýrri vegferð.

**Stjórnendaþjálfun**

Stjórnendur í þremur efstu stjórnendaþrepunum, forstjóri, framkvæmdastjórar, forstöðumenn og deildarstjórar fengu stjórnendagreiningu og markþjálfun sem hluta af menningarverkefninu Saman á nýrri vegferð. Þeir sóttu einnig vinnustofur þar sem fjölbreyttar æfingar fóru fram. Stjórnendur í þrepi fjögur hófu sína stjórnendaþjálfun í lok árs. Við skipulagningu á stjórnendaþjálfun höfum við til hliðsjónar þá kjörmynd menningar sem við stefnum að, menningarsáttmála og mannauðsstefnu félagsins, stefnu Isavia og hæfnilíkan fyrir leiðoga.

**Samstarfsverkefni og styrkir**

*Mace samstarf við nærsamfélagið og skólakerfið*

Nýverið var samþykkt svokallað Educational Engagement Plan sem unnið er með ráðgjafafyrirtækinu Mace um stórframkvæmdir á Keflavíkurflugvelli. Markmiðið er að efla nærsamfélagið og miðla þeirri þekkingu sem skapast við fyrirhugaðar og yfirstandandi framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli til nemenda, háskólakennara og fagfólks sem starfa við framkvæmdir. Planið inniheldur fjölbreytt verkefni sem unnin eru með almenna skólakerfinu, t.a.m vinnustofur í grunnskólum og þátttöku í starfsgreinakynningu. Þá er í undirbúningi fyrirlestraröð fyrir háskólanemendur og einnig hönnunarsamkeppni í Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

*Samstarf við háskóla*

Samstarfssamningur við Háskólann í Reykjavík rann út í byrjun árs 2022. Ákveðið var að endurskoða fyrirkomulag styrkja til meistara- og doktorsverkefna og endurnýja ekki óbreyttan samning. Fyrirhugað er þó áframhaldandi samstarf eins og nefnt var í kaflanum hér á undan t.d. með fyrirlestraröð og gagnkvæmum heimsóknum. Einnig tökum við árlega á móti starfsnemum til lengri og skemmri tíma frá háskólunum.

*Styrkir til náms*

Styrkur til endurmenntunar er hluti af mannauðsstefnu Isavia. Markmiðið er að efla starfsfólk til að ná meiri árangri í starfi með því að auka hæfni sína og menntun. Fjölbreytt nám var styrkt í ár; háskólanám á grunn- og framhaldsstigi, iðnnám, markþjálfunarnám og verkefnastjórnunarnám.




*VirtuAir Reality verkefnið*

Isaviaskólinn er þátttakandi í Evrópuverkefni á Kraká flugvelli í Póllandi. Verkefnið hlaut styrk frá Norway Grants education program til tveggja ára. Markmiðið verkefnisins er að kynna störf á flugvöllum og í flugiðnaði með tvennskonar hætti; annars vegar með vefsíðu þar sem hægt verður að lesa sér til um störf, hvað þau fela í sér og hvað þarf að gera til að geta starfað við þau. Og hins vegar með hugbúnaðargerð en til stendur að búa til allt að fjórar sýndarveruleikastöðvar þar sem fólk getur prófað tilteknar aðgerðir nokkurra starfa á flugvelli með þrívíddargleraugum. Verkefninu lýkur í febrúar 2024.

EFNISYFIRLIT

**Inngangur**

3 Inngangsorð forstjóra
4 Ávarp stjórnarformanns
5 Árið 2022
6 Lykiltölur
8 Helstu fréttir ársins 2022

**Stefna og stjórnun**

11 Stjórn og stjórnarhættir
13 Áhættustýring
14 Starfsemi
17 Stefna og framtíðarþróun
22 Virðissköpun
24 Mikilvægir þættir

**Sjálfbærir flugvellir og flugvallasamfélag**

28 Loftslagsmál
32 Auðlindanýting
34 Lífsgæði
36 Mannauður
41 Viðskiptavinir
43 Innkaup
44 Öryggi og vernd
46 Uppbygging og þróun

**Viðaukar**

50 GRI tilvísunartafla
61 Ársreikningur

# Viðskiptavinir





## Samvinna og uppbygging

Forsenda fyrir góðum árangri Keflavíkurflugvallar er markviss samvinna við öfluga viðskiptafélaga. Árið 2022 var unnið að endurheimt rekstraraðila í flugstöðinni eftir tvö ár af lokunum og/eða takmörkuðum viðskiptum vegna COVID-19 heimsfaraldursins. Allir rekstraraðilar sem starfandi voru í flugstöðinni fyrir faraldur voru reiðubúnir til að hefja rekstur aftur. Árið fór rólega af stað og voru kröfur til rekstraraðila í takt við það. Fjöldi farþega tók að aukast í apríl og í júlí var flugvöllurinn kominn í fulla endurheimt í fjölda komu- og brottfarafarþega miðað við árið 2019. Mikill og góður vilji var hjá rekstraraðilum til að ná fullum afköstum, sem þó reyndist áskorun með tilliti til mönnunar og aðfanga.

## Undirbúningur fyrir stóraukin ferðamannastraum

Í byrjun desember 2022 héldum við morgunfund sem bar heitið Ábyrg uppbygging í takt við fjöldann. Á fundinum fórum við yfir farþegaspá Keflavíkurflugvallar fyrir árið 2023 og þá uppbyggingu og framkvæmdir sem framundan eru á flugvellinum undir heitinu KEF+.

Fjölmenni fylgdist með fundinum í Hörpu, og í gegnum streymi, og var hann vel sóttur af fulltrúum frá ferðaþjónustunni og stjórnsýslunni . Á fundinum kom meðal annars fram hversu mikilvægt það er að styrkja innviði og umgjörð ferðaþjónustunnar í góðri samvinnu allra, enda gert ráð fyrir að á árinu 2023 muni þriðji mesti fjöldi farþega fara um Keflavíkurvöll frá upphafi. Það er því mikilvægt að ferðaþjónustan í heild sinni sé tilbúin að taka á móti þeim fjölda.

Ný heildarstefna Isavia tekur á mikilvægi flugvallarsamfélagsins og mikilvægi þess að setja viðskiptvininn í forgrunn. Í því samhengi hófst árið 2022 vinna að Stefnu um heildarupplifun farþega. Með henni sköpum við samræmda og heildræna upplifun í gegnum alla snertifleti ferðalagsins, í stærri og endurbættri flugstöðvarbyggingu og í samvinnu við flugvallarsamfélagið. Samhliða því var hafinn undirbúningur á endurmörkun Keflavíkurflugvallar til að skapa vörumerkinu og ásýnd þess frekari aðgreiningu í alþjóðlegu samkeppnisumhverfi sem og á heimamarkaði.

## Góðar flugsamgöngur

Keflavíkurflugvöllur spilar mikilvægt hlutverk í því að ná til landsins fjölbreyttum flugfélögum með fjölbreytta áfangastaði. Unnið er markvisst að þróun viðskipta á nýjum flugleiðum og aukinni flugumferð um Keflavíkurflugvöll með núverandi og nýjum viðskiptavinum. Mikil áhersla var lögð á að fá flugfélög sem voru hér fyrir heimsfaraldur til að hefja flug aftur. Megnið af þeim kom til baka árið 2021 en tvö flugfélög sneru aftur í fyrra og eitt nýtt flugfélag bættist við hópinn árið 2022.

## Ánægja farþega í forgangi

Keflavíkurflugvöllur hlaut á árinu viðurkenningu Airport Council International (ACI), fimmta árið í röð, fyrir að vera á meðal bestu flugvalla í sínum stærðarflokki (5–15 milljónir farþega árlega) í Evrópu hvað varðar þjónustugæði. Viðurkenning ACI er sú stærsta sem stendur rekstraraðilum flugvalla heimsins til boða og eru veitt fyrir framúrskarandi þjónustu og upplifun viðskiptavina.

Markaðs- og þjónusturannsóknir fara reglulega fram á Keflavíkurflugvelli og við höfum framkvæmt samræmdar þjónustukannanir á vellinum frá árinu 2004. Um er að ræða alþjóðlega þjónustukönnun á vegum ACI sem mælir ánægju farþega á tæplega 300 flugvöllum um allan heim. Könnunin gefur því góðan samanburð um hvar við stöndum í samanburði við aðra flugvelli.

Árið 2022 var uppfærður spurningalisti tekinn í notkun og í honum lögð áhersla á bæði ánægju með þjónustu og upplifun farþega af flugstöðinni. Nú er því mæld ánægja farþega með 31 þjónustuþátt á flugvellinum auk þess sem spurt er líðan farþega og um heildaránægju og heildarupplifun þeirra af vellinum. Niðurstöður eru birtar ársfjórðungslega og nýttar við úrbætur í takt við þarfir farþega og flugfélaga.

Keflavíkurflugvöllur hefur alla tíð verið ofarlega á meðal þeirra 104 flugvalla í Evrópu sem nota könnun ACI. Stök tímabil finnast þó þar sem heildaránægja minnkar, sem má yfirleitt rekja til framkvæmda í flugstöðinni eða vegna mikils álags sökum aukins farþegafjölda.

EFNISYFIRLIT

**Inngangur**

3 Inngangsorð forstjóra
4 Ávarp stjórnarformanns
5 Árið 2022
6 Lykiltölur
8 Helstu fréttir ársins 2022

**Stefna og stjórnun**

11 Stjórn og stjórnarhættir
13 Áhættustýring
14 Starfsemi
17 Stefna og framtíðarþróun
22 Virðissköpun
24 Mikilvægir þættir

**Sjálfbærir flugvellir og flugvallasamfélag**

28 Loftslagsmál
32 Auðlindanýting
34 Lífsgæði
36 Mannauður
41 Viðskiptavinir
43 Innkaup
44 Öryggi og vernd
46 Uppbygging og þróun

**Viðaukar**

50 GRI tilvísunartafla
61 Ársreikningur

## Viðskiptavinir Fríhafnarinnar

Allir farþegar sem fara um Keflavíkurflugvöll eru mögulegir viðskiptavinir Fríhafnarinnar. Við viljum að farþegar finni sig þar velkomna og tökum á móti þeim með fjölbreyttu vöruúrvali og framúrskarandi þjónustu sem veitt er af alúð og þekkingu. Einnig er mikið lagt upp úr að verslanir séu skilvirkar til að tryggja að enginn missi af fluginu sínu. Við mætum viðskiptavinum okkar þar sem þeir eru og vinnum stöðugt að því að bæta upplifun þeirra af verslunum Fríhafnarinnar, bæði á vellinum og á netinu. Reglulega er lagt mat á gæði þjónustunnar, m.a. með þjónustukönnunum.

## Airport Operations Center

Stjórnstöðinni Airport Operations Center (APOC), er ætlað að efla enn frekar samstarf Isavia og þeirra notenda sem hafa starfsstöð á Keflavíkurflugvelli. Með samræmdri stjórnstöð allra notenda næst fram aukin hagræðing, betri yfirsýn, styttri ákvörðunarferli og betra upplýsingaflæði sem mun skila sér í skilvirkari rekstri hjá bæði Isavia og notendum Keflavíkurflugvallar. Með APOC bætum við gæði Keflavíkurflugvallar og styðjum þannig enn frekar við þá sýn að völlurinn verði tengimiðstöð flugs í Norður-Atlantshafi.

Sem dæmi um þýðingarmikið hlutverk APOC er vinna við samræmd viðbrögð notenda flugvallarins við óveðrum svo að lágmarka megi truflanir og röskun sem gætu orðið hverju sinni. Haldnir eru sérstakir veðuraðgerðafundir þegar tilefni er til þar sem upplýsingum er miðlað og aðgerðaáætlun sett saman í samræmi við þá spá sem unnið er eftir.



## Uppbygging Keflavíkurflugvallar

Framundan er mesta uppbyggingarskeið í sögu Keflavíkurflugvallar. Ný herferð var kynnt á árinu til að vekja sérstaka athygli á umfangi og umsvifum stækkunaráforma flugvallarins og nefnist KEF+. Plúsinn táknar meira og vísar til meira rýmis, aukinnar getu og þar með enn betri þjónustu í takt við þarfir flugvallasamfélagsins og farþeganna. Núna er unnið að svokallaðri Austurálmu og mun hún opna í áföngum frá seinni hluta 2023 og út árið 2024. Með nýrri álmu verður þjónustuupplifun á vellinum bætt, með rúmbetri farangursmótttökusal og nýju verslunar- og veitingarými.

Isavia býður út þjónustu á Keflavíkurflugvelli sem er liður í að gera rekstrarumhverfið samkeppnishæft. Félagið fylgir lögum og reglum um opinber innkaup og allir aðilar þurfa að uppfylla hæfniskröfur útboðanna til að fá að skila inn tilboðum og taka þátt í matsferlinu. Ferlið felur í sér að meta gæði tilboðanna og er m.a. horft til vöruframboðs, verðlagningar, þjónustu við viðskiptavini, hönnunar og útlits staðanna og sjálfbærni.

Árið 2022 leituðum við að öflugum viðskiptafélögum til að taka þátt í þremur útboðum. Áhuginn var mikill áhugi og fjöldi aðila sem sóttu útboðsgögnin. Að auki auglýstum við laus svokölluð pop-up rekstrarrými á verslunar- og veitingasvæði Keflavíkurflugvallar og opnuðu fjögur íslensk fyrirtæki tímabundin útibú á vellinum sumarið 2022.

KEF+
www.kefplus.is

EFNISYFIRLIT

Inngangur

3 Inngangsorð forstjóra
4 Ávarp stjórnarformanns
5 Árið 2022
6 Lykiltölur
8 Helstu fréttir ársins 2022

Stefna og stjórnun

11 Stjórn og stjórnarhættir
13 Áhættustýring
14 Starfsemi
17 Stefna og framtíðarþróun
22 Virðissköpun
24 Mikilvægir þættir

Sjálfbærir flugvellir og flugvallasamfélag

28 Loftslagsmál
32 Auðlindanýting
34 Lífsgæði
36 Mannauður
41 Viðskiptavinir
43 Innkaup
44 Öryggi og vernd
46 Uppbygging og þróun

Viðaukar

50 GRI tilvísunartafla
61 Ársreikningur

# Innkaup

## Ábyrg stýring aðfangakeðju

Rekstur Isavia snertir fjölmarga fleti íslenska hagkerfisins og nær aðfangakeðjan okkar til tæplega 1.900 birgja. Aukin krafa um samfélagsábyrgð hvetur til stöðugra umbóta á keðjunni og ábyrg stýring hennar er mikilvægur þáttur í rekstri félagsins. Stýring og viðhald á sjálfbærri aðfangakeðju eykur líkur á hagkvæmum viðskiptum, draga úr áhættu í rekstri og bæta orðspor Isavia.

Tæplega 1.900 birgjar voru virkir í birgjaskrá félagsins í árslok 2022. Þar af voru 87% innlendir birgjar og 13% erlendir. Að sama skapi var hlutfall heildarviðskipta samstæðunnar við innlenda birgja 89% og 11% við erlenda birgja. Tíu veltuhæstu birgjar hjá Isavia ohf. voru alls með 66% af heildarveltu 2022. Hjá dótturfélögum okkar skiptist var hlutfall tíu veltuhæstu birgjanna með eftirfarandi hætti: 51% hjá Isavia ANS ehf., 63% hjá Isavia Innanlandsflugvellir ehf. og 65% hjá Fríhöfninni ehf.

Birgjar okkar, bæði íslenskir og erlendir, þurfa að skrá sig með rafrænum hætti og fylla út birgjaskráningarform á vefsíðu Isavia áður en viðskipti eiga sér stað. Þar eru m.a. settar inn stofnupplýsingar fyrir fjárhagskerfi félagsins til að tryggja skilvirkt ferli reikninga, sem eykur líkur á hagkvæmum viðskiptum.

## Siðareglur birgja

Isavia er með siðareglur birgja sem vænst er að allir birgjar sem eiga í viðskiptum við samstæðuna staðfesti að þeir fylgi. Í reglunum er gerð sú krafa að birgjar sem félagið skiptir við uppfylli siðareglurnar og sjái til þess að þeirra birgjar geri slíkt hið sama. Með því að fá birgja til að samþykkja siðareglurnar sýna þeir í verki samfélagslega ábyrgð í samræmi við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um mannréttindi, vinnumál, umhverfismál og aðgerðir gegn spillingu.

Siðareglur birgja eru ávallt hluti af útboðsgögnum, m.a. til þess að takmarka líkur á að nauðungar-, skyldu- eða barnavinna sé nýtt við framleiðslu á aðföngum og búnaði sem keypt eru á innlendum og alþjóðlegum markaði. Siðareglur birgja eru einnig fylgiskjal með öllum okkar samningum.

Persónuverndarákvæði eru í samningum félagsins og eru þau í samræmi við gildandi persónuverndarlöggjöf EU eins og hún hefur verið innleidd í íslenskan rétt.

Í árslok 2022 höfðu 54% af birgjum félagsins samþykkt siðareglurnar, af þeim eru 93% innlendir birgjar og 7% erlendir birgjar.

## Kröfur við innkaup

Innkaup Isavia eru bundin lagalegum kröfum um opinber innkaup nr. 120/2016 og reglugerð nr. 340/2017 um innkaup aðila sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og póstþjónustu.

Í öllum útboðum, og stærri verðfyrirspurnum, er farið fram á grunnhæfi fyrirtækja, m.a. að þau séu í skilum með vörsluskatta, opinber gjöld og lögboðin iðgjöld í lífeyrissjóðum. Bjóðendum í vanskilum er vísað frá.

Í samningum okkar er ákvæði um bann við gerviverktöku og að ráðningarsamband skuli vera meginregla í samskiptum starfsmanna og verksala. Þetta er gert til þess að tryggja að öll launþegagjöld, hverju nafni sem þau nefnast, séu greidd og farið sé eftir ákvæðum kjarasamninga.

Til að tryggja rekjanleika kostnaðar og samræmda greiðsluskilmála eru viðskiptaskilmálar félagsins ávallt nýttir við innkaup. Í árslok 2022 höfðu 47% af birgjum félagsins samþykkt viðskiptaskilmála Isavia, af þeim eru 92% innlendir birgjar og 8% erlendir birgjar.

Samþykki birgjar viðskiptaskilmálana tryggir það 30 daga greiðslufrest hjá íslenskum birgjum og 45 daga hjá erlendum birgjum, sem lækkar fjármögnunarkostnað félagsins og eykur heilbrigt sjóðstreymi.

Á árinu 2022 voru gerðar 15 formlegar markaðskannanir þar sem rætt var við alls 64 birgja. Tilgangurinn var að ná fram sem bestum markaðsupplýsingum við undirbúning innkaupa.

Á árinu voru deildirnar innkaup, lögfræði og upplýsinga- og skjalastjórnun sameinaðar í eina sem er nú staðsett á fjármála- og mannauðssviði. Hlutverk deildarinnar er að þjónusta Isavia ohf. og dótturfélög við kaup á hvers kyns aðföngum fyrir rekstur og uppbyggingu félagsins á faglegan, hagkvæman og lögmætan hátt. Við kaupin er haft að leiðarljósi að stuðla að hringrásarhagkerfi innan Isavia með sjálfbærum innkaupum, ábyrgri nýtingu auðlinda, endurnýtingu og endurvinnslu.

## Umbætur á tollaferil

Stór hluti innkaupa Isavia kemur erlendis frá. Þá notar starfsfólk okkar innkaupapöntunarkerfið Skýlið til að tryggja rekjanleika sendinga, hvort sem um ræðir almenn innkaup, netinnkaup eða viðgerðir á vörum. Þannig getum við rakið uppruna sendinga, séð hvað er væntanlegt til landsins og rakið sendinguna á viðkomandi félag, starfsmann og deildir. Þetta lágmarkar sóun í ferlinu, samræmir vinnubrögð og eykur skilvirkni. Einnig var komið upp sameiginlegu pósthólfi fyrir allar farmtilkynningar þar sem starfsfólk getur rakið samskipti við farmflytjendur. Í kjölfarið var gerð uppfærsla á innkaupabeiðnaformi með viðbættum móttökumöguleika.

## Gagnvirkt innkaupakerfi fyrir ökutæki og vinnuvélar

Á árinu var tekið í notkun gagnvirkt innkaupakerfi (e. Dynamic purchasing system, DPS) fyrir ný ökutæki og vinnuvélar. Kerfið hjálpar okkur að uppfylla markmið okkar um kolefnislausan rekstur fyrir árið 2030 og styður við þá vinnu að skipta út ökutækjum sem ganga fyrir jarðefnaeldsneyti fyrir ökutæki sem nota umhverfisvænni orkugjafa.

Gagnvirka innkaupakerfið nær hvorki til kaupa á notuðum ökutækjum né breytinga á ökutækjum sem eru nú þegar í eigu Isavia.

## Endurvinnsla og sorphirða

Til að styðja við sjálfbærnisstefnuna okkar hefur Isavia ohf. ásamt dótturfélögum samið við Íslenska gámafélagið ehf. um endurvinnslu og sorphirðu. Samningurinn felur m.a. í sér leigu á ílátum til flokkunar og söfnunar úrgangs, losun íláta og flutning og afhendingu á flokkuðum og óflokkuðum úrgangi til endurvinnslu eða förgunar hjá viðurkenndum móttökustöðvum. Lögð er sérstök áhersla á ábyrga nýtingu auðlinda, lágmörkun úrgangs og aukna endurvinnslu.

EFNISYFIRLIT

Inngangur

3 Inngangsorð forstjóra
4 Ávarp stjórnarformanns
5 Árið 2022
6 Lykiltölur
8 Helstu fréttir ársins 2022

Stefna og stjórnun

11 Stjórn og stjórnarhættir
13 Áhættustýring
14 Starfsemi
17 Stefna og framtíðarþróun
22 Virðissköpun
24 Mikilvægir þættir

Sjálfbærir flugvellir og flugvallasamfélag

28 Loftslagsmál
32 Auðlindanýting
34 Lífsgæði
36 Mannauður
41 Viðskiptavinir
43 Innkaup
44 Öryggi og vernd
46 Uppbygging og þróun

Viðaukar

50 GRI tilvísunartafla
61 Ársreikningur

# Öryggi og vernd

## Öryggi og vinnuvernd

Vinnuverndarstefna Isavia tekur til allrar starfsemi félagsins og byggir á heildarstefnu þess. Með stefnunni skuldbindum við okkur til að vera til fyrirmyndar í öryggis-, heilsu- og vinnuverndarmálum, til að fyrirbyggja slys, vinna að góðum aðbúnaði starfsfólks og tryggja heilsusamlegt vinnuumhverfi fyrir þau sem starfa á og heimsækja starfstöðvar félagsins.

Á árinu 2022 var haldið áfram á þeirri braut sem mörkuð var árið 2021 með vottun, ISO 45001, á vinnuvernd hjá Isavia. Vottunin hefur styrkt starf vinnuverndar innan félagsins og skilað sér í aukinni öryggisvitund starfsmanna. Við greinum markvisst hættur er varða öryggis- og vinnuvernd og grípum til mótvægisaðgerða þar sem þörf er á, m.a. með því að virkja starfsfólkið til þess að gera umhverfið og starfsemina öruggari. Isavia er með vöktunaráætlun heilsufarsþátta á stöðum sem eru taldir hafa verið sérstaklega viðkvæmir eftir áhættumat, og þeir skoðaðir út frá hávaða, loftgæðum og titringi.

Á árinu 2022 var öryggiseftirlit með verklegum framkvæmdum aukið með því að samræma öryggismál reksturs annars vegar og verktaka og framkvæmda hins vegar. Það hefur aukið heildarsýn yfir alla starfsemi fyrirtækisins á úrvinnslu, öryggismarkmið, vinnuvernd og umhverfis- og rekstrarfrávik.

Öryggisstjórnun, vinnuvernd og öryggismál tilheyra kjarnasviðinu Þjónustu og rekstri og eru því beintengd rekstri flugvallarins sem og gæðamálum. Einnig er unnið að öryggi og vernd í samvinnu við viðeigandi hagaðila á Keflavíkurflugvelli þar sem sértækir starfshópar vinna að sameiginlegum áhersluþáttum til þess að auka öryggi á hlaði.

Við framkvæmum reglulega innri úttektir tengdar öryggismálum og vinnuvernd og árlega fer fram viðhaldsúttekt frá utanaðkomandi aðila vegna ISO 45001 vottunarinnar. Stjórnkerfi vinnuverndar er hluti af gæðakerfi Isavia.

### Skráningar og tilkynningar

Sérfræðingur Öryggisstjórnunar í vinnuvernd ber ábyrgð á skráningu slysa, atvika og rýni þeirra. Umfang tilkynninga bendir til að aukin áhersla á tilkynningar slysa og næstum því slysa hafi skilað sér. Aukinn fjöldi tilkynninga gerir okkur betur kleift að vinna að forvörnum og úrbótum með markvissum hætti, fækka slysum og auka öryggi. Á árinu var unnið að samræmingu á tilkynningum slysa og að notendavænni skráningu, sem einfaldar úrvinnslu og eftirfylgni í öryggisstjórnunarkerfi Isavia, Opscom.

Skráningar á atvikum þ.m.t. slysum og næstum því slysum fer fram í gegnum innri vef okkar og fyrir utanaðkomandi aðila á heimasíðu Isavia. Öryggisstjórnun ber ábyrgð á að halda utan um atvikin og vinna sameiginlega með öðrum að úrbótum. Starfsfólki er skylt að tilkynna atvik og við rannsókn þeirra er viðhöfð málsmeðferð sem kallast sanngirnismenning (e. Just Culture).

### Öryggisnefnd

Öryggisnefnd vinnuverndar er starfrækt með aðilum þvert á samstæðuna. Í henni eru bæði öryggisverðir, sem eru skipaðir í nefndina af Isavia, og öryggistrúnaðarmenn, sem eru fulltrúar starfsfólks. Formaður öryggisnefndar er sérfræðingur í vinnuvernd. Nefndin ber ábyrgð á yfirferð á skýrslum vinnueftirlitsins, stöðu frávika og úrbóta og rýningu slysa og tilkynninga. Henni er einnig ætlað að ýta undir öryggisvitund starfsfólks með þjálfun og fræðslu og tryggja að farið sé eftir lögum og reglugerðum í starfseminni. Lögð hefur verið áhersla á að fulltrúar nefndarinnar komi í auknu mæli að formlegu vinnuverndarstarfi félagsins, meðal annars vegna áhættumata starfa.

| **Vinnutengd slys hjá starfsfólki Isavia** | 2020 | 2021 | 2022 |
|---|---|---|---|
| Öll slys | 39 | 37 | 58 |
| Fyrstuhjálparslys | 16 | 18 | 31 |
| Umönnunarslys | 19 | 13 | 10 |
| Fjarveruslys | 4 | 6 | 17 |
| ***Hlutfalll skráðra atvinnutengdra slysa per 200.000 vinnustundir*** | ***4,06*** | ***4,04*** | ***5,36*** |

| **Orsök áverka** | **2022** |
|---|---|
| Fall á jafnsléttu | 26 |
| Högg | 9 |
| Fall úr hæð | 6 |
| Skarpur hlutur | 5 |
| Samstuð | 4 |
| Klemmdist | 2 |
| Líkamlegt álag | 2 |
| Efnaúði | 1 |
| Lóðrétt hreyfing | 1 |
| Missir stjórn á lyftibúnaði | 1 |
| Ofálag | 1 |
| Stunga | 1 |
| ***samtals*** | ***59*** |

EFNISYFIRLIT

**Inngangur**

3 Inngangsorð forstjóra
4 Ávarp stjórnarformanns
5 Árið 2022
6 Lykiltölur
8 Helstu fréttir ársins 2022

**Stefna og stjórnun**

11 Stjórn og stjórnarhættir
13 Áhættustýring
14 Starfsemi
17 Stefna og framtíðarþróun
22 Virðissköpun
24 Mikilvægir þættir

**Sjálfbærir flugvellir og flugvallasamfélag**

28 Loftslagsmál
32 Auðlindanýting
34 Lífsgæði
36 Mannauður
41 Viðskiptavinir
43 Innkaup
44 Öryggi og vernd
46 Uppbygging og þróun

**Viðaukar**

50 GRI tilvísunartafla
61 Ársreikningur

**Fræðsla og þjálfun**

Mikil áhersla var á fræðslu um öryggi og vinnuvernd á árinu. Við innleiddum fjölmörg námskeið því til stuðnings, m.a. um almenna vinnuverndarvitund, öryggi fyrir verktaka og iðnaðarmenn, tilkynningu atvika og sértæka fræðslu fyrir skilgreinda hópa eins og ökumenn. Rétt viðbrögð í kjölfar slysa geta bjargað mannslífum og þess vegna fær starfsfólk í framlínu á Keflavíkurflugvelli viðeigandi þjálfun í skyndihjálp, sem er einnig í boði fyrir allt okkar starfsfólk sem svo kýs. Um 150 manns luku skyndihjálparþjálfun á árinu. Sérstakir rýmingarfulltrúar eru á öllum svæðum flugstöðvarinnar, bæði starfsfólk frá Isavia og öðrum rekstraraðilum, og luku 64 námskeiði fyrir rýmingarfulltrúa. Á árinu var innleidd sú regla að starfsfólk sem fær aðgangsskírteini að Keflavíkurflugvelli þarf að ljúka námskeiði um vinnuvernd áður en það hefur störf. Allir verktakar og iðnaðarmenn sem starfa á Keflavíkurflugvelli þurfa að ljúka sérstöku öryggisnámskeiði og þá luku iðnaðarmenn Isavia ohf. við sértæk vinnuverndarnámskeið með áherslu á vinnu í hæð, vinnu í lokuðum rýmum og áhættumat.

**Öryggisvika Isavia**

Árleg öryggisvika Isavia var haldin í október 2022. Vikan hófst með skemmtilegu innslagi ólíkra starfsmanna sem bar heitið Hvað er öryggi? Þar var farið yfir hvernig hugtakið öryggi snertir okkur ólíkt dags daglega og hvernig allt sem við gerum tengist með einum eða öðrum hætti okkar eigin ábyrgð á umhverfi okkar. Einnig var lögð var áhersla á þátttöku starfsmanna t.d. með gerð gátlistans Öryggi á þínum vinnustað sem bæði stjórnendur og starfsfólk tók þátt við að fylla út.

Starfsfólk Isaviaskólans tók virkan þátt í undirbúningi og framkvæmd öryggisvikunnar með framleiðslu á myndskeiðum m.a. um akstur fyrir aftan ýtingu flugfara, vinnuverndarvitund, netöryggi og tilkynningar atvika. Streymt var frá erindum svo að sem flest gætu tekið þátt.




*Frá æfingu á Keflavíkurflugvelli*

## Upplýsingaöryggi og persónuvernd

Vernd net- og upplýsingakerfa sem eru nauðsynleg rekstri félagsins eru forgangsmál hjá Isavia. Við störfum innan strangs ramma, fylgjum viðmiðum öryggisstaðalsins ÍST EN ISO/IEC 27001 og notum formfast verklag sem bæði styður við samfelldan rekstur og lágmarkar rekstraráhættu. Stefna félagsins um upplýsingaöryggi var sett árið 2018 og er reglulega endurskoðuð og uppfærð.

Ábyrg meðhöndlun upplýsinga nær einnig til þriðja aðila. Á það við hvort sem Isavia hefur upplýsingar þriðja aðila í vörslu og/eða félagið hefur falið öðrum upplýsingar í sínu nafni. Árið 2022 bárust hvorki tilkynningar um brot né kvartanir er varða persónuvernd viðskiptavina Isavia. Á það jafnt við bæði viðskiptavini og eftirlitsstofnanir.

Við leggjum mikla áherslu á öruggt upplýsingatækniumhverfi og þar spilar þekking, hæfni og fagmennska starfsfólks lykilhlutverk. Hjá okkur starfa sérfræðingar í upplýsingaöryggi sem hafa fengið sértæka þjálfun, bæði hvað varðar rekstur net- og upplýsingakerfa og rekstur ferla upplýsingaöryggis og persónuverndar. Ár hvert er framkvæmdur fjöldi prófana sem snúa að öryggis- net- og upplýsingainnviðum félagsins. Við notum viðurkenndar og vottaðar aðferðir til að lágmarka ógnir og áhættur sem kunna að steðja að net- og upplýsingakerfum okkar. Við vinnum einnig markvisst að því að takmarka vinnslu persónuupplýsinga og tryggja örugga meðhöndlun þvert á félagið. Komi til öryggisbrests er unnið eftir ströngu ferli hvað varðar rannsókn, vinnslu og úrbætur.

**Samstarf um upplýsingaöryggi**

Sérfræðingar okkar vinna náið með utanaðkomandi samstarfsaðilum á sviði net- og upplýsingaöryggis. Markmiðið er þróa öryggismál félagsins áfram og samkvæmt bestu aðferðum.

Árið 2022 unnum við með helstu sérfræðingum landsins að því að auka enn frekar vöktun Isavia með net- og upplýsingakerfum félagsins. Á árinu jókst einnig innlent samstarf með stofnun sviðshópa netöryggissveitar CERT-IS, en hóparnir eru sérstaklega miðaðir að starfsemi rekstraraðila á sviði mikilvægra innviða. Þar sem reikna má með atvikum sem hafa bein áhrif á net- og upplýsingakerfi mikilvægra innviða fari fjölgandi á næstu árum, munu samræmd viðbrögð öryggisaðila skipta sköpum. Samstarf á vegum CERT-IS er, og verður, veigamikill hlekkur í því viðbragði.

Einnig er Isavia orðið aðili að Aviation ISAC, samtökum sem einbeita sér að upplýsingaöryggi í flugiðnaði.

EFNISYFIRLIT

**Inngangur**

3 Inngangsorð forstjóra
4 Ávarp stjórnarformanns
5 Árið 2022
6 Lykiltölur
8 Helstu fréttir ársins 2022

**Stefna og stjórnun**

11 Stjórn og stjórnarhættir
13 Áhættustýring
14 Starfsemi
17 Stefna og framtíðarþróun
22 Virðissköpun
24 Mikilvægir þættir

**Sjálfbærir flugvellir og flugvallasamfélag**

28 Loftslagsmál
32 Auðlindanýting
34 Lífsgæði
36 Mannauður
41 Viðskiptavinir
43 Innkaup
44 Öryggi og vernd
46 Uppbygging og þróun

**Viðaukar**

50 GRI tilvísunartafla
61 Ársreikningur

# Uppbygging og þróun

## Uppbygging á Keflavíkurflugvelli

Flugstöð Leifs Eiríkssonar á Keflavíkurflugvelli var vígð og tekin í notkun í apríl 1987. Hún var þá ríflega 20 þúsund fermetrar að stærð. Nú er hún 73 þúsund fermetrar, eða 3,5 sinnum stærri en við opnun. Á fyrsta ári flugstöðvarinnar fóru 750 þúsund farþegar um flugstöðina. Árið 2022 fóru um 6,1 milljón farþega um flugvöllinn, sem er töluvert meira en spár gerðu ráð fyrir í upphafi árs. Farþegaspá fyrir árið 2023 gerir ráð fyrir 7,8 milljónum farþega.

Ljóst er að fjárfesta þarf verulega í innviðum á Keflavíkurflugvelli ef mæta á þessum aukna farþegafjölda á máta sem uppfyllir alþjóðlega þjónustustaðla og metnað Isavia fyrir jákvæðri farþegaupplifun.

Uppbyggingaráætlun Keflavíkurflugvallar er gerð til að meta fjárfestingarþörfina og byggist á umfangsmikilli farþegagreiningu, tíma- og kostnaðaráætlun einstakra verkefna og innbyrðis fösun verkefna.

Árið 2022 var umfangsmesta árið í fjárfestingum á Keflavíkurflugvelli til þessa. Fjárfest var fyrir samtals samtals 14,4 ma.kr. en til samanburðar var heildaruppbygging sl. 10 ára 70 ma.kr. að raunvirði. Fjárfestingaráætlun fyrir árið 2023 gerir ráð fyrir að fjárfestingar á árinu verði enn umfangsmeiri en á árinu 2022.

Breska byggingar- og ráðgjafafyrirtækið Mace hefur frá byrjun árs 2020 unnið sem samstarfsaðili Isavia í uppbyggingu á Keflavíkurflugvelli. Fyrirtækið mun annast verkefnaumsjón og verkeftirlit vegna komandi fram. Þá mun félagið einnig veita ráðgjöf við aðrar framkvæmdir okkar á Keflavíkurflugvelli, þar á meðal við tengibyggingu vegna breikkunar á landgangi milli norður- og suðurbyggingar flugstöðvarinnar.

Vinna Mace á árinu hefur m.a. snúið að skipulagi verkefnastjórnunar, stjórnarháttum verkefna, áhættumati, samskiptum við hagaðila og sjálfbærni.

Öll verkefni er lúta að stækkun flugstöðvarinnar eru hönnuð með það að markmið að vera vottuð samkvæmt umhverfisvottunarkerfinu BREEAM.



EFNISYFIRLIT

**Inngangur**

3 Inngangsorð forstjóra
4 Ávarp stjórnarformanns
5 Árið 2022
6 Lykiltölur
8 Helstu fréttir ársins 2022

**Stefna og stjórnun**

11 Stjórn og stjórnarhættir
13 Áhættustýring
14 Starfsemi
17 Stefna og framtíðarþróun
22 Virðissköpun
24 Mikilvægir þættir

**Sjálfbærir flugvellir og flugvallasamfélag**

28 Loftslagsmál
32 Auðlindanýting
34 Lífsgæði
36 Mannauður
41 Viðskiptavinir
43 Innkaup
44 Öryggi og vernd
46 Uppbygging og þróun

**Viðaukar**

50 GRI tilvísunartafla
61 Ársreikningur

**Flugstöðvakerfi**

Framkvæmdir hófust í sumarbyrjun 2021 við undirbúning á stækkun norðurbyggingar flugstöðvarinnar til austurs. Um er að ræða nýja 20 þúsund fermetra viðbyggingu, sem felur í sér nærri 30% stækkun. Árið 2022 var jarðvinna kláruð og burðarvirki reist að mestu leyti. Ný bygging verður á þremur hæðum, auk kjallara, og verður að fullu tekin í notkun árið 2024.

Austurbyggingin er mikilvægur liður í uppbyggingaráætlun Keflavíkurflugvallar. Fyrsti áfangi felur í sér uppsetningu nýs og afkastamikils farangursmóttökukerfis á jarðhæð sem verður tilbúið árið 2023. Komusalur farþega verður mun rýmri og fríhöfnin stækkar. Á annarri hæð verður til nýtt verslunar- og þjónusturými og biðsvæði farþega stækkar umtalsvert. Hluti verkefnisins er einnig framkvæmd við alls fjögur ný flugvélastæði sem tengd verða við flugstöðina með landgöngubrúm.

Við suðurbyggingu flugstöðvarinnar (Stæði 10) hefjast framkvæmdir á tveggja hæða viðbyggingu í apríl 2023. Með henni verður bætt aðstaða farþega við brottfararhlið í austurenda byggingarinnar. Hluti af verkefninu er gerð nýrrar landgöngubrúar og breyta þarf akstursleiðum flugvéla með aðgerðum á vellinum.

Vegna innleiðingar nýrrar Evrópureglugerðar um landamæri á árinu 2023 þarf að gera breytingar á komu- og brottfararkerfi í flugstöðinni. Einnar hæðar viðbygging var reist við suðurenda flugstöðvarinnar til að uppfylla þessar kröfur (Stæði 6). Um er að ræða tímabundna staðsetningu en byggingin verður tekin niður og reist aftur á nýjum stað.

Næsti fyrirhugaði stóráfangi í uppbyggingu flugstöðvarinnar verður stækkun tengingar á milli norður- og suðurbyggingar. Núverandi landgangur verður breikkaður og með nýju og björtu miðjurými skapast betri tenging á milli álma flugstöðvarinnar. Þá mun aðstaða komufarþega batna með vegabréfaskoðun, nýrri fríhöfn og stærra þjónusturými. Hönnunarvinna stendur yfir en fyrirhugað er að hefja framkvæmdir 2025.

**Flugbrautarkerfi**

Verkefni sem snúa að flugbrautarkerfi er ætlað að auka afköst og öryggi flugbrauta og greiða úr flöskuhálsum sem þar gætu myndast. Mike er ný akbraut fyrir flugvélar og er um 1.200m löng og 35m breið. Framkvæmdir eru hafnar en eftir er að bjóða út malbikun auk annarra minni pakka. Leggja þarf þrjú lög af malbiki, sem í heildina nema um 160.000 m², og gætu þakið 23 Laugardalsvelli. Framkvæmdin var að miklu leyti unninn á árinu 2022 og mun ljúka sumarið 2023.

Hönnun er einnig hafin á bættri aðstöðu til afísingar flugvéla. Aðstaðan verður á sérsvæði og með tilkomu hennar verður hægt að safna umframvökva sem fellur til við afísingu flugvéla. Auk þess fæst hagræði í því að færa afísingu frá flugstöð þar sem það styttir biðtíma flugvéla við hlið.




**Aðkoma, bílastæði og vegakerfi**

Sérstök uppbyggingaráætlun fyrir forgarð flugstöðvarinnar var samþykkt af stjórn Isavia haustið 2022. Uppbyggingaráætlunin tekur mið af þörfum og bættri upplifun farþega og tekjumöguleikum er varða mögulegt hótel, samgöngur og verslun og þjónustu utan haftasvæðis.

Til að mæta aukinni umferð ferðamanna um flugvöllinn verður langtíma- og skammtíma bílastæðum fyrir flugfarþega fjölgað ásamt stæðum fyrir starfsmenn. Áætlað er að reisa tvö bílastæðahús á fjórum hæðum með kjallara. Það fyrra verður reist vestan megin við flugstöðina (á núverandi P1) og mun fullbyggt geta geymt um 1.800 bíla. Bílastæðahús norður af flugstöðinni er fyrirhugað í samræmi við langtímauppbygginu flugvallarins.

## Framkvæmdir á innanlandsflugvöllum

Á hverju ári vinnum við að viðhaldsverkefnum á innanlandsflugvöllum Isavia. Þar má nefna á flugbrautum, flughlöðum og flugstöðvum ásamt öðrum byggingum og þjónustuvegum sem félagið er með í rekstri og fjármunum er veitt til skv. gildandi Samgönguáætlun. Á öllum flugvöllum var sinnt reglubundnu viðhaldi og málningu flugbrauta, endurnýjun á veðurbúnaði sem og skyldubundnu eftirliti og uppfærslum á aðflugsferlum.

Stærsta verkefni ársins var malbikun og yfirsprautun flugbrauta á Reykjavíkurflugvelli sem hófst vorið 2022. Um er að ræða stærstu einstöku framkvæmd á Reykjavíkurflugvelli í 20 ár en malbikaðir voru rúmlega 110 þúsund fermetrar af flugbrautum, flughlöðum og þjónustuvegum. Malbiksfræsið sem féll til við framkvæmdina var nýtt sem yfirlag á stærsta bílastæðið við flugvöllinn, í stað þess að senda það í förgun. Malbikunin gekk vonum framar og ber að þakka góðu skipulagi, samvinnu og upplýsingaflæði milli allra hluteigandi aðila á flugvellinum.

Nokkrum nauðsynlegum viðhaldsverkefnum var einnig sinnt á Reykjavíkurflugvelli, m.a. í aðstöðu flugvallaþjónustu, girðing var endurnýjuð á kafla, gönguhliðum fjölgað, ný aðstaða landamæra- og tollvarða sett upp ásamt fleiru.

EFNISYFIRLIT

**Inngangur**

3 Inngangsorð forstjóra
4 Ávarp stjórnarformanns
5 Árið 2022
6 Lykiltölur
8 Helstu fréttir ársins 2022

**Stefna og stjórnun**

11 Stjórn og stjórnarhættir
13 Áhættustýring
14 Starfsemi
17 Stefna og framtíðarþróun
22 Virðissköpun
24 Mikilvægir þættir

**Sjálfbærir flugvellir og flugvallasamfélag**

28 Loftslagsmál
32 Auðlindanýting
34 Lífsgæði
36 Mannauður
41 Viðskiptavinir
43 Innkaup
44 Öryggi og vernd
46 Uppbygging og þróun

**Viðaukar**

50 GRI tilvísunartafla
61 Ársreikningur



Önnur stór verkefni sem má nefna voru yfirsprautun og málun á Vestmannaeyjaflugvelli og á flugvellinum á Bakka. Á Stykkishólmi var nýtt malarlag lagt yfir flugbrautina og á Rifi var unnið að staðbundnum malbiksviðgerðum á flughlaði. Á Bíldudalsflugvelli var lokið við byggingu á nýrri vélaskemmu og því verður framvegis hægt að geyma öll þjónustutæki flugvallarins innanhúss. Unnið var að endurnýjun flugbrautaljósa á vellinum og því verkefni lýkur árið 2023.

Framkvæmdum við nýja flugstöð og flughlað var haldið áfram á Akureyrarflugvelli. Aðstæður á heimsmarkaði höfðu í för með sér að seinkun varð á afhendingu á stálvirki flugstöðvarinnar. Gert er ráð fyrir að flugstöðin verði tilbúin vorið 2024. Á nýju flughlaði var lokið við neðra burðarlag og byrjað á framkvæmdum við efra burðarlag.

Á Húsavíkurflugvelli er unnið að undirbúningi á umfangsmiklum viðgerðum á flugturni. Á meðan þeim framkvæmdum stendur munu flugradíómenn veita upplýsingar úr nýrri aðstöðu úr þjónustuhúsi þar sem fylgst verður með öllum flughreyfingum á vellinum með myndavélum. Má segja að þarna sem kominn vísir að fyrsta Remote tower flugturni á Íslandi.

Yfirsprautun og málun fóru fram á Þórshafnarflugvelli og á Norðfjarðarflugvelli voru endurnýjaðar rafmagnslagnir fyrir ný flugbrautarljós en þar verða sett upp ný LED flugbrautarljós á næsta ári. Á Egilsstaðaflugvelli var unnið að undirbúningi fyrir hönnun á stækkun á flughlaði sem og nýrri akbraut meðfram flugbraut flugvallarins. Byrjað var á upphækkun á þjónustuvegi á milli Eyvindarár og flugvallar sem mun verjast vorflóðum frá klakastíflum í ánni.

Lokið var við hönnun aðflugsljósa á Egilsstaðaflugvelli og á Akureyrarflugvelli. Á Reykjavíkurflugvelli eru aðflugsljós á braut 13 á deiliskipulagi en unnið er að endanlegri hönnun. Frávik frá Samgöngustofu er á þessa þrjá alþjóðaflugvelli vegna þessa.

## Isavia ANS

Áfram var unnið að verkefni sem snýr að endurnýjun Polaris fluggagnakerfis flugstjórnarmiðstöðvarinnar. Kerfið er hannað af Tern Systems, dótturfélagi Isavia ANS, og í samvinnu við Isavia ANS. Fyrsti hluti kerfisins var tekinn í notkun hjá Keflavíkurturni og hjá Faxa aðflugsþjónustu á seinni hluta ársins.

## Stafræn þróun

Við vinnum markvisst að því að skapa stafrænan vettvang fyrir starfsfólk, viðskiptavini og flugvallarsamfélagið í heild sinni. Deildin Stafræn þróun hefur frumkvæði að tæknilegri nýsköpun með það að markmiði að innleiða stafrænar lausnir sem hámarka arðsemi Isavia og bæta upplifun farþega.

### Innritunarlausnir

Á árinu hófst innleiðing á nýrri innritunarlausn frá Amadeus sem leysir eldri lausn frá Sita af hólmi. Innleiðingin fór fram í þremur áföngum. Í byrjun árs 2022 var lausnin sett upp á 135 tölvum á afgreiðsluborðum í brottfararsal og við brottfararhlið. Um mitt sumar voru 50 nýjar sjálfsafgreiðsluvélar settar upp í stað 70 eldri véla frá Sita. Í lok árs voru átta flugfélög, sem ferja um 75% þeirra farþega sem fara um völlinn, byrjuð að nýta möguleikann á innritun með sjálfsafgreiðsluvélum. Þriðji áfanginn er útskipti á sjálfsafgreiðslubúnaði við móttöku á töskum. Áætlað er að innleiðingin klárist á árinu 2023. Með nýrri innritunarlausn verður hægt að auka þjónustu við bæði notendur og farþega vallarins enn frekar.

### Fjölbreytt umbótaverkefni

Við héldum áfram að þróa beiðnakerfið Jira sem innleitt var í lok árs 2021. Búið er að setja upp þjónustuborð og bæta ferla hjá sjö deildum innan fyrirtækisins.

Pöntunarvefur fyrir námskeið Isaviaskólans var opnaður á árinu. Vefurinn auðveldar þeim mikla fjölda starfsfólks sem sækir skólann að halda utan skráningu og yfirferð eigin námskeiða, bætir þjónustu og verklag við almenna umsýslu og skapar tekjur fyrir félagið í þeim tilfellum sem námskeið eru seld til þriðja aðila fyrir þjálfun og fræðslu.

Nýr vefur og verkefnaskrá fyrir Isavia ANS fóru í loftið á árinu. Innleidd var lausn til að halda utan um undirskriftir starfsmanna í tölvupósti ásamt nýrri lausn sem heldur utan um mötuneytiskostnað starfsmanna.

Stafrænt vinnuafl, eða RPA (e. Robotic process automation), var innleitt hjá aðgangsskrifstofu Flugverndar fyrir umsýslu aðgangspassa. RPA mun hraða útgáfu með færri handtökum og þar með auka skilvirkni. Framundan er frekari greining á ferlum innan Isavia sem má betrumbæta með RPA.

Við erum enn fremur með fjölmörg önnur spennandi verkefni í vinnslu. Má þar nefna innleiðingu á snjallboxum þar sem má taka á móti og skila vörum á sjálfvirkan máta, uppsetningu stafrænna skjáa með leiðarvísi (e. Dynamic Wayfinding) og greiningu á stafrænum lausnum sem nýtast farþegum, eins og gagnvirk kort fyrir flugstöðina.

# Viðaukar

# GRI tilvísunartafla

EFNISYFIRLIT

Inngangur

3 Inngangsorð forstjóra
4 Ávarp stjórnarformanns
5 Árið 2022
6 Lykiltölur
8 Helstu fréttir ársins 2022

Stefna og stjórnun

11 Stjórn og stjórnarhættir
13 Áhættustýring
14 Starfsemi
17 Stefna og framtíðarþróun
22 Virðissköpun
24 Mikilvægir þættir

Sjálfbærir flugvellir og flugvallasamfélag

28 Loftslagsmál
32 Auðlindanýting
34 Lífsgæði
36 Mannauður
41 Viðskiptavinir
43 Innkaup
44 Öryggi og vernd
46 Uppbygging og þróun

Viðaukar

50 GRI tilvísunartafla
61 Ársreikningur

| | |
|---|---|
| **Yfirlýsing um notkun** | Upplýsingagjöf Isavia er í samræmi við GRI Standards fyrir tímabilið 1. janúar til 31.desember 2022 |
| **GRI 1 upplýsingar um notkun** | GRI 1: Foundation 2021 |
| **Viðeigandi GRI atvinnugreina staðlar** | GRI G4 Sérákvæði um flugvelli |

| GRI STANDARD | LÝSING | TILVÍSUN | MEGINATRIÐI UPPFYLLT OG ÁSTÆÐUR ÞESS EF SVO ER EKKI | ÚTSKÝRINGAR | UNGC | HM |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Almenn upplýsingagjöf** | | | | | | |
| GRI 2: Almenn upplýsingagjöf 2021 | 2-1 Um fyrirtækið | Stjórn og stjórnarhættir<br>Starfsemi | | | | |
| | 2-2 Rekstrareiningar sem falla undir upplýsingagjöf fyrirtækisins um sjálfbærni | | | Isavia ohf.og dótturfélög | | |
| | 2-3 Tímabil skýrslugjafar, tíðni og samskipaupplýsingar | | | Ársskýrsla og ársreikningur Isavia nær yfir almanaksárið 2022. Útgáfudagur ársskýrslunnare er 22. mars 2023 og er skýrslan gefin út árlega. Frekari upplýsingar um efni skýrslunnar sustainability@isavia.is | | |
| | 2-4 Endurframsettar upplýsingar | | | -Kolefnisspor félagsins hefur verið reiknað upp ánýtt m.t.t. nýrra losunarstaðla sem gefa betir yfirsýn yfir öll þrjú umföng sporsins.<br>-Upplýsingar um heita vatns og rafmagns notkun fyrir árið 2021 hafa verið uppfærðar m.t.t. raunnotkunar vs. áætlunar.<br>-Upplýsingar um fjölda vinnutengdra slysa fyrir árið 2021 hafa verið uppfærðar eftir uppfærslu gagna. Fjöldinn var sagður 31 2021 en var í raun 37 slys.<br>-Í töflu um fæðingarorlof voru rangar tölur. Réttar tölur fyrir árið 2021 voru að 105 tóku fæðingarorlof þ.a. 46 konur og 59 karlar<br>-Í töflu um mikilvæga þætti misritaðist mikilvægi þátturinn Stafræn tækni sem stafræn tæki | | |
| | 2-5 Utanaðkomandi úttekt og áritun | Mikilvægir þættir | | Ríkisendurskoðun og óháður GRI ráðgjafi | | |
| | 2-6 Starfsemi, virðiskeðja og önnur viðskiptasambönd<br>Auk þess fyrir flugvelli: Farþegatölur, vöruflutningar, áfangastaðir, áætlaður fjöldi starfsmanna á flugvallasvæðinu, stærð flugvallar, lengd flugbrauta, lágmarkstengitími á flugvelli, fjöldi fyrirtækja á svæðinu, fjöldi flugfélaga og fjöldi áfangastaða | Starfsemi<br>Virðissköpun<br>Innkaup<br>Viðskiptavinir<br>Lykiltölur<br>Ársreikningur | | | | |

EFNISYFIRLIT

**Inngangur**

3 Inngangsorð forstjóra
4 Ávarp stjórnarformanns
5 Árið 2022
6 Lykiltölur
8 Helstu fréttir ársins 2022

**Stefna og stjórnun**

11 Stjórn og stjórnarhættir
13 Áhættustýring
14 Starfsemi
17 Stefna og framtíðarþróun
22 Virðissköpun
24 Mikilvægir þættir

**Sjálfbærir flugvellir og flugvallasamfélag**

28 Loftslagsmál
32 Auðlindanýting
34 Lífsgæði
36 Mannauður
41 Viðskiptavinir
43 Innkaup
44 Öryggi og vernd
46 Uppbygging og þróun

**Viðaukar**

50 GRI tilvísunartafla
61 Ársreikningur

| GRI STANDARD | LÝSING | TILVÍSUN | MEGINATRIÐI UPPFYLLT OG ÁSTÆÐUR ÞESS EF SVO ER EKKI | ÚTSKÝRINGAR | UNGC | HM |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Bókfært verð í árslok 2022 | 36.968.879 | 21.479.996 | 1.264.543 | 11.590.898 | 71.304.316 |

Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna er eftirfarandi:

| | |
|---|---|
| Fasteignir og listaverk | 0-100 ár |
| Flughlöð og bílastæði | 5-50 ár |
| Stjórnkerfi og aðflugsbúnaður | 3-20 ár |
| Aðrar eignir | 3-70 ár |

# Skýringar

## 9. Rekstrarfjármunir (framhald)

Framkvæmdir eru í Flugstöð Leifs Eiríkssonar vegna stækkana á flugstöðinni og breytinga á rýmum auk framkvæmda á flugvallarsvæðinu. Á árinu 2022 var eignfært vegna framkvæmda og annarra fjárfestinga fyrir um 14.637 milljónir króna hjá móðurfélaginu. Fjárfestingar aðrar hjá dótturfélögum Isavia ohf. námu um 450,5 milljónum króna á árinu. Framundan eru áframhaldandi framkvæmdir vegna stækkunar flugstöðvarinnar og breytinga á rýmum auk áframhaldandi framkvæmda á flugvallarsvæðinu. Þann 31. desember 2022 voru til staðar skuldbindingar utan efnahags vegna samninga sem tilheyra þeim framkvæmdum sem framundan eru og nemur skuldbindingin um 10.011 milljónum króna hjá móðurfélaginu.

| Afskriftir greining: | 2022 | 2021 |
|---|---|---|
| Afskriftir rekstrarfjármuna sbr hér að framan | 3.409.189 | 3.448.494 |
| Afskriftir óefnislegra eigna sbr skýring 10 | 419.538 | 365.500 |
| Afskriftir nýtingarrétts sbr skýring 11 | 102.844 | 96.860 |
| | 3.931.571 | 3.910.854 |

Upplýsingar um endurmetnar fasteignir í lok ársins:

| | 31.12.2022 | 31.12.2021 |
|---|---|---|
| Endurmetið bókfært verð | 97.723 | 100.719 |
| Þar af áhrif sérstaks endurmats | (46.812) | (48.426) |
| Bókfært verð án áhrifa endurmats | 50.912 | 52.293 |

Fasteignamat og vátryggingamat eigna í árslok greinist þannig:

| | 2022 | | 2021 | |
|---|---|---|---|---|
| | Fasteignamat | Vátrygginga-mat | Fasteignamat | Vátrygginga-mat |
| Fasteignir og lóðir | 35.168.677 | 65.210.880 | 31.147.441 | 55.813.003 |
| Vélar og tæki, eignatryggingar | | 28.595.986 | | 28.475.631 |
| Aðrar lausafjártryggingar | | 3.698.592 | | 1.121.503 |
| Rekstrarstöðvunartrygging | | 8.005.102 | | 11.623.430 |

Isavia ohf. og dótturfélög eru með sameiginlegar tryggingar.

## 10. Óefnislegar eignir

| | Afnotasamn. um mannvirki | Afnotasamn. um flugbrautir | Hugbúnaður og þróunarkostnaður | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| **Kostnaðarverð** | | | | |
| Staða í ársbyrjun 2021 | 477.035 | 5.706.000 | 1.342.739 | 7.525.774 |
| Leiðrétt á milli flokka | 0 | 0 | 8.039 | 8.039 |
| Eignfært á árinu | 0 | 0 | 101.475 | 101.475 |
| Staða í ársbyrjun 2022 | 477.035 | 5.706.000 | 1.452.253 | 7.635.288 |
| Eignfært á árinu | 0 | 0 | 98.351 | 98.351 |
| Aflagt á árinu | 0 | 0 | (285.015) | (285.015) |
| Staða í árslok 2022 | 477.035 | 5.706.000 | 1.265.589 | 7.448.624 |
| **Afskriftir** | | | | |
| Staða í ársbyrjun 2021 | 190.853 | 2.282.862 | 440.475 | 2.914.189 |
| Afskrift ársins | 15.899 | 190.174 | 159.427 | 365.500 |
| Staða í ársbyrjun 2022 | 206.752 | 2.473.036 | 599.901 | 3.279.689 |
| Afskrift ársins | 15.899 | 190.174 | 213.464 | 419.538 |
| Aflagt á árinu | 0 | 0 | (285.015) | (285.015) |
| Staða í árslok 2022 | 222.651 | 2.663.211 | 528.350 | 3.414.212 |
| **Bókfært verð** | | | | |
| Bókfært verð í ársbyrjun 2022 | 270.283 | 3.232.964 | 852.352 | 4.355.599 |
| Bókfært verð í árslok 2022 | 254.384 | 3.042.789 | 737.238 | 4.034.412 |
| Afskriftarhlutföll | 3,3% | 3,3% | 5-33% | |

Mat á þróunarkostnaði í árslok sýndi fram á að afskrifa þyrfti hluta þróunarkostnaðar vegna virðisrýrnunar.

# Skýringar

## 10. Óefnislegar eignir (framhald)

Samkvæmt samningi milli Keflavíkurflugvallar ohf., nú Isavia ohf. og Varnarmálastofnunar, nú Landhelgisgæslu Íslands, sem undirritaður var 22. apríl 2009 tók félagið yfir afnot til næstu 30 ára frá ársbyrjun 2009 að telja, á tilgreindum flugvallarmannvirkjum og búnaði á mannvirkjaskrá NATO á Keflavíkurflugvelli. Ekki er innheimt sérstakt endurgjald fyrir afnot mannvirkjanna en Isavia ohf. skal standa straum af öllum kostnaði við daglegan rekstur og viðhald þeirra, þannig að tryggt sé að ástand þeirra sé í samræmi við samþykkt Alþjóðaflugmálastofnunarinnar. Landshelgisgæslan f.h. NATO hefur rétt til afnota á mannvirkjunum. Afnotarétturinn er gjaldfærður hlutfallslega yfir leigutímann.

## 11. Leigusamningar

Samstæðan leigir fasteignir og lóðir fyrir starfsemi sína sem falla undir reikningsskilastaðal IFRS 16 leigusamningar. Samningsbundinn leigutími fasteigna er 5 til 6 ár auk eins ótímabundins samnings. Stærsti leigusamningur samstæðunnar, að undanskildum ótímabundnum samningi, er vegna skrifstofuhúsnæðis sem rennur út eftir 3 ár frá reikningsskiladegi. Félagið hefur forleigurétt til 5 ára að samningstíma loknum. Ótímabundni samningurinn um fasteign er með 6 mánaða uppsagnartíma að beggja hálfu. Samningsbundinn leigutími lóða er á bilinu 44 til 48 ár.

Töflur hér á eftir sýna meðal annars greiningu á flokkum undirliggjandi eigna á samningsbundnum leigugreiðslum þar sem félagið er leigutaki.

| **Nýtingarréttur** | Fasteignir og lóðir |
|---|---|
| Staða í ársbyrjun 2021 | 353.874 |
| Verðbætur af leiguskuldbindingu | 17.510 |
| Breytingar vegna nýrra samninga og uppgjör eldri samninga | 86.689 |
| Afskriftir | (96.860) |
| Staða í ársbyrjun 2022 | 361.213 |
| Verðbætur af leiguskuldbindingu | 30.672 |
| Afskriftir | (102.844) |
| Staða í árslok 2022 | 289.041 |

| **Upphæðir færðar í rekstrarreikning** | 2022 | 2021 |
|---|---|---|
| Afskriftir af nýtingarrétti | 102.844 | 96.860 |
| Vaxtagjöld af leiguskuldbindingu | 15.644 | 16.344 |
| Samtals gjaldfært á árinu | 118.488 | 113.204 |
| | | |
| Heildargreiðsla af leigusamningum á árinu | 114.767 | 107.987 |
| | | |
| **Leiguskuldbinding** | | |
| Leiguskuldir, langtímahluti | 194.284 | 276.036 |
| Leiguskuldir, afborgun næstu 12 mánaða meðal skammtímaskulda | 108.594 | 94.606 |
| | 302.878 | 370.642 |

**Leiguskuldbinding**

| Gjalddagagreining, ónúvirtar leigugreiðslur | 31.12.2022 | 31.12.2021 |
|---|---|---|
| Innan árs | 120.004 | 110.168 |
| Eftir ár en innan 5 ára | 164.203 | 258.512 |
| 5 ár og síðar | 85.270 | 79.763 |
| | 369.476 | 448.443 |

# Skýringar

## 12. Samstæða

Samstæða Isavia ohf. samanstendur af eftirfarandi dótturfélögum:

| | Hlutdeild | Nafnverð | Meginstarfsemi |
|---|---|---|---|
| **Eignarhlutar í dótturfélögum eru eftirfarandi:** | | | |
| **Dótturfélög Isavia ohf.** | | | |
| Fríhöfnin ehf., Keflavíkurflugvelli .............................. | 100,00% | 50.000 | Verslunarstarfsemi |
| Isavia ANS ehf., Reykjavíkurflugvelli............................ | 100,00% | 310.500 | Flugleiðsöguþjónusta |
| Isavia Innanlandsflugvellir ehf., Reykjavíkurflugvelli... | 100,00% | 52.350 | Rekstur innanlandsflugvalla |
| **Dótturfélög Isavia ANS ehf.** | | | |
| Suluk ApS - Grænlandi................................................ | 100,00% | 1.999 | Þjónusta flugumferðarstjóra |
| Tern Systems ehf., Kópavogi .................................... | 100,00% | 80.000 | Hugbúnaðargerð og ráðgjöf |
| **Dótturfélag Tern Systems ehf.** | | | |
| Tern Branch Hungary, Ungverjaland ......................... | 100,00% | 16.877 | Hugbúnaðargerð og ráðgjöf |

## 13. Skuldabréfaeign og aðrar langtímakröfur

| **Skuldabréfaeign** | 31.12.2022 | 31.12.2021 |
|---|---|---|
| Skuldabréfaeign ....................................................... | 46.693 | 82.257 |
| Næsta árs afborgun .................................................... | (10.914) | (39.552) |
| | 35.779 | 42.705 |

| **Langtímakrafa** | 31.12.2022 | 31.12.2021 |
|---|---|---|
| Langtímakrafa vegna Joint Finance samnings ......................... | 1.951.802 | 2.439.752 |
| Næsta árs afborgun .................................................... | (487.950) | (487.950) |
| | 1.463.851 | 1.951.802 |
| | | |
| Skuldabréfaeign og langtímakrafa samtals ................................ | 1.499.630 | 1.994.507 |

Afborganir skuldabréfaeignar og langtímakrafna greinast þannig á næstu ár:

| | 31.12.2022 | 31.12.2021 |
|---|---|---|
| Árið 2022 ........................................................ | 0 | 527.503 |
| Árið 2023 ........................................................ | 498.865 | 497.932 |
| Árið 2024 ........................................................ | 499.356 | 498.382 |
| Árið 2025 ........................................................ | 499.869 | 498.851 |
| Árið 2026 ........................................................ | 500.405 | 499.342 |
| | 1.998.494 | 2.522.009 |

Að mati stjórnenda er óverulegur mismunur er á milli gangverðs og bókfærðs verðs fjáreigna.

## 14. Vörubirgðir

| | 31.12.2022 | 31.12.2021 |
|---|---|---|
| Vörur til endursölu ................................................ | 555.181 | 384.991 |
| Vörur í flutningi .................................................... | 30.499 | 27.489 |
| Rekstrarvörur ........................................................ | 0 | 10.152 |
| Niðurfærsla vörubirgða ............................................ | (3.863) | (6.126) |
| | 581.817 | 416.507 |

Breytingar á niðurfærslu vörubirgða greinist þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Staða í ársbyrjun .................................................... | (6.126) | (58.835) |
| Breyting niðurfærslu birgða....................................... | (18.945) | 36.759 |
| Rýrnun birgða á árinu.............................................. | 21.208 | 15.950 |
| Staða í árslok ........................................................ | (3.863) | (6.126) |
| | | |
| Tryggingaverðmæti birgða ......................................... | 783.883 | 750.301 |

Engar birgðir eru veðsettar hjá samstæðunni í lok ársins.

Samstæðan áætlar að selja allar sínar birgðir á næstu 12 mánuðum.

# Skýringar

## 15. Aðrar peningalegar eignir

**Viðskiptakröfur**

| | 31.12.2022 | 31.12.2021 |
|---|---|---|
| Innlendar viðskiptakröfur | 4.278.486 | 3.263.762 |
| Erlendar viðskiptakröfur | 607.138 | 400.766 |
| Niðurfærsla viðskiptakrafna | (2.276.014) | (2.254.744) |
| Viðskiptakrafa vegna Joint Finance samningsins | 803.469 | 1.762.726 |
| | 3.413.079 | 3.172.511 |

**Virðisrýrnun viðskiptakrafna**

Breytingar á niðurfærslu viðskiptakrafna greinist þannig:

| | 31.12.2022 | 31.12.2021 |
|---|---|---|
| Staða í ársbyrjun | (2.254.744) | (2.355.974) |
| Breyting á niðurfærslu viðskiptakrafna | (23.821) | 76.301 |
| Tapaðar viðskiptakröfur á árinu | 2.551 | 24.929 |
| Staða í árslok | (2.276.014) | (2.254.744) |

Niðurfærsla hefur verið reiknuð vegna krafna sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda, reynslu fyrri ára og efnahagshorfum á reikningsskiladegi.

Mat á niðurfærslu viðskiptakrafna í árslok 2022 í samræmi við kröfur IFRS 9 var eftirfarandi:

Samstæðan metur niðurfærslu viðskiptakrafna út frá líkum á því að vanefndir verði einhvern tímann á líftíma viðskiptakrafnanna. Viðskiptakröfum er skipt í aldursflokka og niðurfærsla áætluð fyrir hvern aldursflokk sem byggir á reynslu fyrri ára, mati stjórnenda og framtíðarhorfum í efnahagsumhverfi viðskiptavina. Það er álit stjórnenda samstæðunnar að bókfært verð viðskiptakrafna og annarra skammtímakrafna endurspegli gangvirði þeirra.

Samstæðan álítur að hlutlægar vísbendingar um virðisrýrnun krafna séu til staðar ef upplýsingar samstæðunnar sér eða frá utanaðkomandi aðilum benda til þess að skuldari sé í greiðsluerfiðleikum eða ef krafa er komin meira en 90 daga fram yfir gjalddaga.

Þann 28. mars 2019 beitti Isavia stöðvunarheimild á loftfar sem hafði verið í rekstri Wow air á grundvelli ógreiddra notendagjalda vegna starfsemi flugfélagsins á Keflavíkurflugvelli. Eigandi flugvélarinnar höfðaði innsetningarmál fyrir héraðsdómi Reykjaness sem hnekkti stöðvuninni þrátt fyrir skýr ákvæði laga sem heimiluðu stöðvunina að mati félagsins. Vegna þessa úrskurðar héraðsdóms Reykjaness þótti rétt að færa gjaldakröfu að fjárhæð 2.134,8 milljónir króna niður í bókum samstæðunnar þrátt fyrir þá skoðun samstæðunnar að um rangan úrskurð hafi verið að ræða.
Isavia höfðaði skaðabótamál gegn eiganda loftfarsins og Ríkissjóði vegna tjóns sem af innsetningargerðinni hlaust. Með dómi héraðsdóms frá 22. desember 2021 (Mál E-1085/2020) var fallist á allar kröfur Isavia auk greiðslu málskostnaðar. Málinu hefur verið áfrýjað af hálfu stefndu.

Taflan hér á eftir sýnir framlag í niðurfærslureikning eftir aldursflokkum viðskiptakrafna.

| | 31.12.2022 | | | |
|---|---|---|---|---|
| Dagar fram yfir gjalddaga | Vænt útlánatap | Brúttó virði | Niðurfærsla | Bókfært verð |
| Ógjaldfallnar kröfur | 0,2% | 2.154.555 | 5.045 | 2.149.510 |
| 1-90 daga | 9,5% | 327.208 | 31.062 | 296.145 |
| 91-180 daga | 10,0% | 88.954 | 8.901 | 80.053 |
| 181-270 daga | 30,0% | 28.455 | 8.537 | 19.919 |
| >271 daga | 97,2% | 2.286.452 | 2.222.469 | 63.983 |
| Samtals | | 4.885.624 | 2.276.014 | 2.609.610 |

| | 31.12.2021 | | | |
|---|---|---|---|---|
| Dagar fram yfir gjalddaga | Vænt útlánatap | Brúttó virði | Niðurfærsla | Bókfært verð |
| Ógjaldfallnar kröfur | 0,7% | 1.048.828 | 7.360 | 1.041.469 |
| 1-90 daga | 9,4% | 236.512 | 22.338 | 214.174 |
| 91-180 daga | 9,6% | 35.794 | 3.429 | 32.365 |
| 181-270 daga | 15,6% | 9.516 | 1.489 | 8.027 |
| >271 daga | 95,1% | 2.333.878 | 2.220.128 | 113.750 |
| Samtals | | 3.664.528 | 2.254.744 | 1.409.784 |

# Skýringar

## 15. Aðrar peningalegar eignir (framhald)

**Aðrar skammtímakröfur**

| | 31.12.2022 | 31.12.2021 |
|---|---|---|
| Virðisaukaskattur | 879.485 | 451.418 |
| Fyrirframgreiddur kostnaður | 143.183 | 126.632 |
| Fjármagnstekjuskattur | 69.717 | 616.933 |
| Fyrirframgreidd laun | 34.442 | 38.409 |
| Aðrar kröfur | 658.904 | 547.660 |
| | 1.785.732 | 1.781.052 |

**Handbært fé**

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

| | 31.12.2022 | 31.12.2021 |
|---|---|---|
| Bankainnstæður í íslenskum krónum | 8.172.569 | 13.189.186 |
| Bankainnstæður í erlendri mynt | 1.318.940 | 1.486.621 |
| Sjóður í íslenskum krónum | 3.355 | 6.959 |
| | 9.494.864 | 14.682.766 |

## 16. Eigið fé

Hlutafé greinist þannig:

| | Hlutir | Hlutfall | Fjárhæð |
|---|---|---|---|
| Heildarhlutafé í árslok | 24.559.063 | 100,0% | 24.559.063 |
| | 24.559.063 | 100,0% | 24.559.063 |

Eitt atkvæði fylgir hlut ríkisins. Fjármálaráðherra fer með hlut íslenska ríkisins í félaginu. Hutafjáraukning ársins nam 6.000 milljónum króna. Allt hlutaféð er að fullu greitt.

**Lögbundinn varasjóður**

Fært er í lögbundinn varasjóð samkvæmt íslenskum hlutafélagalögum. Ekki er heimilt að greiða lögbundinn varasjóð til hluthafa í formi arðs. Samkvæmt hlutafélagalögum skal leggja í varasjóðinn þar til hann hefur náð 25% af hlutafé.

**Sérstakur endurmatsreikningur**

Við samruna Flugfjarskipta ehf. og Isavia ohf. árið 2010, var fasteign fyrrnefnda félagsins endurmetin þar sem markaðsverð fasteignar þess félags var talið verulega hærra en bókfært verð. Hið endurmetna verð byggði á áætluðu söluverði sem staðfest var af matsmönnum. Matsbreytingin er færð á sérstakan endurmatsreikning meðal eigin fjár og á tekjuskattsskuldbindingu.

## 17. Langtímaskuldir

| | Skuldir við lánastofnanir | |
|---|---|---|
| | 31.12.2022 | 31.12.2021 |
| Skuldir í EUR | 38.743.295 | 38.810.565 |
| Skuldir í ISK | 5.387.370 | 5.636.469 |
| | 44.130.665 | 44.447.034 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | (1.758.655) | (1.829.083) |
| Langtímaskuldir í árslok | 42.372.010 | 42.617.951 |

Breyting langtímaskulda á árinu greinist þannig:

| | 31.12.2022 | 31.12.2021 |
|---|---|---|
| Staða í ársbyrjun | 44.447.034 | 47.746.412 |
| Ný lán á árinu | 14.136.409 | 6.494.424 |
| Uppgreiðsla lána með nýjum lánum | (14.136.409) | (6.311.400) |
| Vaxtaviðbót á höfuðstól á árinu | 0 | 712.503 |
| Afborganir ársins | (1.365.184) | (2.004.869) |
| Gengismunur og verðbætur | 1.048.814 | (2.190.035) |
| Staða í lok ársins | 44.130.665 | 44.447.034 |

# Skýringar

## 17. Langtímaskuldir (framhald)

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig á næstu ár:

| | Skuldir við lánastofnanir | |
|---|---|---|
| | 31.12.2022 | 31.12.2021 |
| Afborganir árið 2023 / 2022 | 1.758.655 | 1.829.083 |
| Afborganir árið 2024 / 2023 | 2.054.502 | 2.118.586 |
| Afborganir árið 2025/ 2024 | 2.448.224 | 2.406.661 |
| Afborganir árið 2026 / 2025 | 7.464.648 | 2.790.083 |
| Afborganir árið 2027 / 2026 | 2.203.482 | 14.174.447 |
| Afborganir síðar | 28.201.154 | 21.128.175 |
| | 44.130.665 | 44.447.034 |

Lán að fjárhæð 43.257 milljónum króna eru háð fjárhagsskilyrðum varðandi hlutfall eigin fjár. Lánveitendur félagsins voru í lok árs allir búnir að staðfesta formlega að þeir muni ekki virkja fjárhagsskilyrðið tímabundið.

## 18. Tekjuskattsskuldbinding (reiknuð skattinneign)

| | 31.12.2022 | 31.12.2021 |
|---|---|---|
| Staða í ársbyrjun | (1.178.092) | 299.665 |
| Reiknaður tekjuskattur vegna ársins | (191.477) | (1.476.997) |
| Tekjuskattur til greiðslu á næsta ári | (749) | (740) |
| Þýðingarmunur | (463) | (20) |
| Staða í árslok | (1.370.781) | (1.178.092) |

**Frestaður skattur skiptist þannig á einstaka liði efnahagsreikningsins**

| | 31.12.2022 | 31.12.2021 |
|---|---|---|
| Rekstrarfjármunir | 2.112.270 | 2.345.065 |
| Veltufjáreignir | (444.607) | (430.559) |
| Aðrir liðir | 13.126 | 932 |
| Frestaður gengismunur | 14.895 | 7.296 |
| Áhrif af yfirfæranlegu skattalegu tapi | (3.066.466) | (3.100.825) |
| | (1.370.781) | (1.178.092) |

Yfirfæranlegt skattalegt tap samstæðunnar myndar ásamt öðrum liðum reiknaða skattinneign í árslok og hefur reiknuð skattinneign verið færð hjá samstæðunni.

Yfirfæranlegt skattalegt tap nýtist til frádráttar skattalegum hagnaði sem hér segir:

| | 31.12.2022 | 31.12.2021 |
|---|---|---|
| Nýtanlegt til ársins 2030 | 10.596.095 | 11.165.417 |
| Nýtanlegt til ársins 2031 | 4.338.709 | 4.338.709 |
| Nýtanlegt til ársins 2032 | 397.524 | 0 |
| | 15.332.328 | 15.504.126 |

## 19. Aðrar peningalegar skuldir

**Viðskiptaskuldir**

| | 31.12.2022 | 31.12.2021 |
|---|---|---|
| Innlendar viðskiptaskuldir | 2.313.296 | 1.623.488 |
| Innlendar viðskiptaskuldir vegna framkvæmdaáætlunar | 1.662.307 | 1.931.502 |
| Erlendar viðskiptaskuldir | 729.437 | 245.979 |
| | 4.705.041 | 3.800.969 |

Innlendar viðskiptaskuldir vegna framkvæmdaáætlunar tilheyra Isavia Innanlandsflugvöllum ehf. og eru tilkomnar vegna framkvæmdahluta þjónustusamnings þess við Innviðaráðuneytið. Greiðslur vegna framkvæmdahluta ársins hafa þegar borist og mynda því þessa skuld þar sem greiðslum þessum hefur ekki verið ráðstafað að fullu. Meðal handbærs fjár er inneign sem er tilkomin vegna þessara greiðslna.

**Næsta árs afborganir langtímaskulda**

| | 31.12.2022 | 31.12.2021 |
|---|---|---|
| Skuldir við lánastofnanir | 1.758.655 | 1.829.083 |

# Skýringar

## 19. Aðrar peningalegar skuldir (framhald)

**Aðrar skammtímaskuldir**

| | 31.12.2022 | 31.12.2021 |
|---|---|---|
| Virðisaukaskattur | 30.081 | 38.369 |
| Viðbótarframlag í lífeyrissjóð | 16.858 | 158.951 |
| Laun og launatengd gjöld | 808.496 | 689.498 |
| Orlofsskuldbinding | 1.905.800 | 1.485.646 |
| Áfallnir vextir | 169.444 | 307.136 |
| Aðrar skuldir | 72.116 | 52.701 |
| Fyrirframinnheimtar tekjur | 173.254 | 172.749 |
| Ólokinn verksamningur | 0 | 3.363 |
| | 3.176.049 | 2.908.413 |

## 20. Fjármálagerningar

### Flokkar fjármálagerninga

Fjáreignir og fjárskuldir samstæðunnar eru eftirfarandi og eru allar skráðar á afskrifuðu kostnaðarverði:

| **Fjáreignir** | 31.12.2022 | 31.12.2021 |
|---|---|---|
| Handbært fé | 9.494.864 | 14.682.766 |
| Fjáreignir sem ætlað er að halda til gjalddaga | 1.998.494 | 2.522.009 |
| Lán og kröfur | 4.951.468 | 4.171.589 |

| **Fjárskuldir** | 31.12.2022 | 31.12.2021 |
|---|---|---|
| Fjárskuldir | 51.402.147 | 50.583.704 |

Lán og kröfur og aðrar fjárskuldir eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði með aðferð virkra vaxta að frádreginni virðisrýrnun.

**Áhættustýring**

Isavia er að vinna að því að samræma áhættustýringu félagsins með innleiðingu á heildstæðri áhættustýringu. Áhættustefna, skilgreining lykiláhættuþátta og áhættuvilji hefur verið samþykktur af stjórn samhliða samþykkt á ársreikningi félagsins. Fjárhaglegri áhættu hefur verið skipt upp í lykiláhættuþætti sem eru fjármögnunaráhætta/lausafjáráhætta, markaðsáhætta og mótaðilaáhætta og er þeim stýrt á skipulegan og virkan hátt. Aukt þess er stefnumótunaráhættu, rekstraráhættu og hlítingaráhættu stýrt, eftir því hversu miklar líkur eru á því að áhætta verði að veruleika og því hvaða áhrif áhættan kemur til með að hafa á stefnu og markmið félagsins. Áhættunefnd félagsins fundar reglulega um málefni er tengjast áhættustýringu þess.

### Vaxtaáhætta

Vaxtaáhætta er áhættan af því að gangvirði eða framtíðar sjóðsflæði fjármálagerninga muni sveiflast vegna breytinga á markaðsvöxtum.

Vaxtabreytingar hafa áhrif á vænt sjóðstreymi af eignum og skuldum sem bera breytilega vexti.

**Næmnigreining**

Í töflunni hér að neðan er sýnt hver áhrif af 50 og 100 punkta hækkun vaxta á hreinar vaxtaberandi eignir og skuldir hefði á afkomu og eigið fé á reikningsskiladegi. Næmnigreiningin tekur til þeirra vaxtaberandi eigna og skulda sem bera breytilega vexti og miðast hún við að allar aðrar breytur en þær sem eru hér til skoðunar séu fastar. Næmnigreiningin tekur tillit til skattaáhrifa og endurspeglar því þau áhrif sem fram koma í rekstrarreikning og á eigið fé.

Áhrif á afkomu og eigið fé eru þau sömu þar sem matsbreyting undirliggjandi fjármálagerninga er ekki í neinum tilvikum færð beint á eigið fé. Jákvæð fjárhæð merkir hækkun á hagnaði og eigin fé. Lækkun vaxta hefði haft sömu áhrif en í gagnstæða átt.

| | 31.12.2022 | | 31.12.2021 | |
|---|---|---|---|---|
| | 50 pkt | 100 pkt | 50 pkt | 100 pkt |
| Áhrif á afkomu og eigið fé | (63.202) | (126.405) | (44.603) | (89.206) |

# Skýringar

## 20. Fjármálagerningar (framhald)

### Gjaldmiðlaáhætta

Gjaldmiðlaáhætta er áhættan af því að gangvirði eða framtíðar sjóðsflæði fjármálagerninga muni sveiflast vegna breytinga á gengi gjaldmiðla. Gjaldmiðlaáhætta myndast þegar mismunur er á stöðu eigna og skulda í erlendum gjaldmiðli.

Meirihluti eigna samstæðunnar er í íslenskum krónum en þó á samstæðan nokkuð af erlendum fjáreignum. Meirihluti langtímaskulda samstæðunnar er í erlendum gjaldmiðlum. Hér að neðan eru tilgreindir þeir gjaldmiðlar samstæðunnar sem mest áhrif hafa á rekstur samstæðunnar. Upplýsingar um gengi og útreikning á flökti taka tillit til miðgengis.

| | Árslokagengi | |
|---|---|---|
| **Mynt** | 2022 | 2021 |
| EUR | 151,50 | 147,60 |
| GBP | 170,81 | 175,73 |
| JPY | 1,077 | 1,133 |
| CHF | 153,85 | 142,83 |
| DKK | 20,37 | 19,85 |
| NOK | 14,41 | 14,77 |
| SEK | 13,62 | 14,39 |
| USD | 142,04 | 130,38 |
| CAD | 104,92 | 102,42 |
| HUF | 0,38 | 0,40 |

**Gjaldmiðlaáhætta 31.12.2022**

| | Eignir | Skuldir | Hrein staða |
|---|---|---|---|
| EUR | 1.635.984 | 39.355.680 | (37.719.696) |
| GBP | 72.537 | 15.270 | 57.267 |
| JPY | 592 | 0 | 592 |
| CHF | 5.579 | 14.203 | (8.624) |
| DKK | 78.571 | 24.216 | 54.356 |
| NOK | 459 | 634 | (175) |
| SEK | 2.863 | 948 | 1.915 |
| USD | 118.662 | 74.645 | 44.017 |
| CAD | 260 | 0 | 260 |
| HUF | 13.701 | 3.952 | 9.749 |

**Gjaldmiðlaáhætta 31.12.2021**

| | Eignir | Skuldir | Hrein staða |
|---|---|---|---|
| EUR | 1.493.122 | 38.969.126 | (37.476.004) |
| GBP | 204.410 | 1.096 | 203.314 |
| JPY | 568 | 0 | 568 |
| CHF | 3.317 | 16.580 | (13.263) |
| DKK | 81.819 | 20.098 | 61.721 |
| NOK | 2.429 | 568 | 1.861 |
| SEK | 6.479 | 21.960 | (15.481) |
| USD | 111.361 | 40.651 | 70.710 |
| CAD | 751 | 0 | 751 |
| HUF | 8.591 | 2.559 | 6.032 |

**Næmnigreining**

Í töflunni hér að neðan er sýnt hver áhrif af 5% og 10% veikingu krónunnar gagnvart viðkomandi gjaldmiðlum hefði á afkomu og eigið fé miðað við stöðu eigna og skulda í viðkomandi gjaldmiðli á reikningsskiladegi. Í töflu hér að framan má sjá þær erlendu eignir og skuldir sem næmnigreiningin tekur til, en þær eru að verulegum hluta erlendar lántökur og erlendar bankainnstæður og viðskiptakröfur. Næmnigreiningin miðast við að allar aðrar breytur en þær sem eru hér til skoðunar séu fastar. Næmnigreiningin tekur til þeirra gjaldmiðla sem innifela mesta gengisáhættu. Næmnigreiningin tekur tillit til skattaáhrifa og endurspeglar því þau áhrif sem koma í rekstrarreikning og á eigið fé. Áhrif á afkomu og eigið fé eru þau sömu þar sem matsbreyting undirliggjandi fjármálagerninga í erlendum gjaldmiðli er ekki í neinum tilvikum færð beint á eigið fé. Styrking krónunnar um 5% og 10% gagnvart neðangreindum gjaldmiðlum hefði haft sömu áhrif en í gagnstæða átt.

# Skýringar

## 20. Fjármálagerningar (framhald)

| Áhrif á afkomu og eigið fé | 31.12.2022 | | 31.12.2021 | |
|---|---|---|---|---|
| | 5% | 10% | 5% | 10% |
| EUR | (1.508.788) | (3.017.576) | (1.499.040) | (2.998.080) |
| GBP | 2.291 | 4.581 | 8.133 | 16.265 |
| JPY | 24 | 47 | 23 | 45 |
| CHF | (345) | (690) | (531) | (1.061) |
| DKK | 2.174 | 4.348 | 2.469 | 4.938 |
| NOK | (7) | (14) | 74 | 149 |
| SEK | 77 | 153 | (619) | (1.239) |
| USD | 1.761 | 3.521 | 2.828 | 5.657 |
| CAD | 10 | 21 | 30 | 60 |
| HUF | 390 | 780 | 241 | 483 |

### Útlánaáhætta

Í útlánaáhættu felst áhættan á því að mótaðilar samstæðunnar geti ekki staðið við skuldbindingar sínar, sem leiðir til þess að samstæðan tapar á fjármálagerningum sínum. Samstæðan fylgist reglulega með þróun þeirra eigna sem tengjast útlánaáhættu. Nánari lýsingu á mati samstæðunnar á væntu útlánatapi vegna fjáreigna má finna í skýringum 28 (reikningsskilaaðferðir vegna virðisrýrnunar fjáreigna) og 15 (mat á niðurfærslu viðskiptakrafna). Samstæðan færir ekki niðurfærslu skuldabréfaeignar sem nema lágum upphæðum og niðurfærsla yrði að mati stjórnenda óveruleg.

| | 31.12.2022 | 31.12.2021 |
|---|---|---|
| Skuldabréfaeign og aðrar langtímakröfur | 1.998.494 | 2.522.009 |
| Viðskiptakröfur | 3.412.977 | 3.310.396 |
| Aðrar kröfur | 1.538.491 | 861.192 |
| Handbært fé | 9.494.864 | 14.682.766 |
| | 16.444.827 | 21.376.364 |

Hámarksútlánaáhætta samstæðunnar er sú bókfærða staða sem sundurliðuð er hér að ofan.

### Eiginfjáráhætta

Fjárstýring samstæðunnar fylgist með áhættustýringu eigin fjár í samráði við eigendur, stjórn og stjórnendur. Samstæðan stýrir fjármögnun sinni í samræmi við eigendastefnu. Þar er lögð mikil áhersla á langtímasjónarmið um uppbyggingu og rekstur samstæðunnar. Jafnframt er lögð áhersla á að félög samstæðunnar í eigu þess, sérstaklega þegar þau sinna samkeppnisrekstri, skili ásættanlegri afkomu og tryggi viðhald tekjumyndandi eigna. Í því felst m.a. að ríkissjóður fái eðlilegan arð af eigin fé í samræmi við áhættu rekstrar.

### Lausafjáráhætta

Lausafjáráhætta er áhættan á því að samstæðan lendi í erfiðleikum við að mæta fjárhagslegum skuldbindingum sínum í náinni framtíð. Reglulega er fylgst með stöðu lausafjár, þróun sem orðið hefur og hvaða áhrif staða markaða og framtíðarhorfur hafa.

| | Til greiðslu innan eins árs | Til greiðslu eftir 1- 4 ár | Til greiðslu eftir 4 ár | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| **Skuldir 31.12.2022** | | | | |
| Óvaxtaberandi | 7.271.482 | 0 | 0 | 7.271.482 |
| Með breytilegum vöxtum | 3.793.315 | 9.479.118 | 12.019.798 | 25.292.230 |
| Með föstum vöxtum | 579.589 | 4.691.738 | 13.567.107 | 18.838.434 |
| | 11.644.386 | 14.170.856 | 25.586.905 | 51.402.147 |
| **Eignir 31.12.2022** | | | | |
| Óvaxtaberandi | 5.489.317 | 1.463.851 | 0 | 6.953.169 |
| Með breytilegum vöxtum | 9.455.880 | 35.779 | 0 | 9.491.658 |
| | 14.945.197 | 1.499.630 | 0 | 16.444.827 |
| **Hrein staða 31.12.2022** | 3.300.811 | (12.671.226) | (25.586.905) | (34.957.320) |

# Skýringar

## 20. Fjármálagerningar (framhald)

| | Til greiðslu innan eins árs | Til greiðslu eftir 1- 4 ár | Til greiðslu eftir 4 ár | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| **Skuldir 31.12.2021** | | | | |
| Óvaxtaberandi | 6.136.670 | 0 | 0 | 6.136.670 |
| Með breytilegum vöxtum | 1.555.463 | 17.609.742 | 6.706.833 | 25.872.037 |
| Með föstum vöxtum | 273.620 | 3.880.035 | 14.421.342 | 18.574.997 |
| | 7.965.753 | 21.489.776 | 21.128.175 | 50.583.704 |
| **Eignir 31.12.2021** | | | | |
| Óvaxtaberandi | 4.703.218 | 1.951.802 | 0 | 6.655.020 |
| Með breytilegum vöxtum | 14.678.639 | 42.705 | 0 | 14.721.344 |
| | 19.381.857 | 1.994.507 | 0 | 21.376.364 |
| **Hrein staða 31.12.2021** | 11.416.104 | (19.495.269) | (21.128.175) | (29.207.340) |

## 21. Önnur mál

### Tekjur vegna alþjóðaflugþjónustu

Á grundvelli þjónustusamnings við Innviðaráðuneytið og sem tilnefndur veitandi flugumferðarþjónustu, veitir samstæðan þjónustu á sviði rekstrarstjórnunar flugumferðar og flugleiðsöguþjónustu innan íslenska flugupplýsingasvæðisins og hluta flugupplýsingasvæðis Grænlands og Færeyja í samræmi við skuldbindingar íslenska ríkisins gagnvart alþjóðasamningum. Um skuldbindingu þessa er í gildi svonefndur Joint Finance samningur sem gerður var árið 1956 á milli þrettán aðildarríkja ICAO en nú eru ríkin tuttugu og fimm talsins.

### Dómsmál

Á árinu 2015 höfðaði Drífa ehf. dómsmál á hendur Isavia ohf. þar sem krafist er skaðabóta vegna meints tjóns í tengslum við framkvæmd forvals vegna leigu verslunarrýmis á fríhafnarsvæði Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Stefnufjárhæð í málinu var um 1,5 milljarðar króna. Með dómi Héraðsdóms 13. október 2021 var Isavia sýknað af kröfum Drífu. Drífa hefur áfrýjað málinu til Landsréttar. Isavia hefur gagnstefnt vegna málskostnaðar í héraði.

Þrotabú Air Berlin hefur stefnt félaginu vegna stöðvunar loftfars þess árið 2017. Stefnufjárhæðin er €795 þúsund (ISK 120 milljónir króna). Fallist var á kröfu þrotabúsins í undirrétti í Berlín í desember 2021. Málinu var áfrýjað til yfirréttar í Berlín sem staðfesti niðurstöðu undirréttar í 22. febrúar 2023, frekari áfrýjun er til skoðunar. Þrotabúið kyrrsetti greiðslur tveggja flugfélaga í Þýskalandi til Isavia fyrir þessari fjárhæð. Í framhaldinu kyrrsetti Isavia loftfar til tryggingar greiðslu þessara gjalda hér á landi og er nú mál rekið fyrir héraðsdómi Reykjavíkur til staðfestingar á tryggingargreiðslunni.
Í skýringu númer 15 er að finna upplýsingar um skaðabótamál sem félagið er í gegn eiganda loftsfars Wow air og Ríkissjóði.

Ágreiningur vegna starfsaldurs flugumferðarstjóra er rekinn fyrir héraðsdómi og auk þess eru nokkur dómsmál í gangi sem félagið telur að ólíklegt sé að nái fram að ganga eða varði óverulega hagsmuni.

## 22. Aðrar skuldbindingar

### Starfsleyfi

Isavia ohf. og dótturfélög þess hafa ótímabundin starfsleyfi vegna reksturs flugleiðsögu, flugvalla og lendingastaða og eru háð skilyrðum sem af þeim leiðir eins og þau eru á hverjum tíma.
Félaginu er skylt að virða alþjóðlegar skuldbindingar sem stjórnvöld hér á landi hafa undirgengist á grundvelli alþjóðasamninga sem lúta að starfsemi samstæðunnar.

Isavia ANS ehf. hefur ótímabundið starfsleyfi vegna rekstrarstjórnunar flugumferðar og flugleiðsöguþjónustu samkvæmt reglugerð nr. 720/2019 og heldur starfsleyfið gildi sínu svo lengi sem skilyrði þess eru uppfyllt. Félagið er einnig handhafi vottorðs sem fyrirtæki sem sér um þjálfun flugumferðarstjóra og er yfirlýstur flugrekandi fyrir starfsemi sem ekki er í ábataskyni (NCC) og sérstakrar starfrækslu (SPO) í samræmi við reglugerð nr. 237/2014 og síðari breytingar.

# Skýringar

## 22. Aðrar skuldbindingar (framhald)

### Þjónustusamningar

Isavia ohf. er með þjónustusamninga við Innviðaráðuneytið til fimm ára, frá árinu 2019, um rekstur flugleiðsögu- og flugvallarþjónustu og renna samningarnir út í árslok 2023. Um er að ræða fjóra samninga, þ.e. um rekstur flugleiðsögu, um rekstur innanlandsflugvalla og uppbyggingu á innanlandsflugvöllum og um rekstur Keflavíkurflugvallar. Jafnframt ber félaginu að virða alþjóðlegar skuldbindingar sem stjórnvöld hér á landi hafa undirgengist á grundvelli alþjóðasamninga, ásamt því að sinna viðhaldi og uppbyggingu á innanlandsflugvöllum í samræmi við ákvarðanir stjórnvalda á hverjum tíma.

Með uppskiptingu Isavia ohf. árið 2020 var framkvæmd samnings um flugleiðsöguþjónustu framseldur með samningi til Isavia ANS ehf. Framkvæmd samninga um rekstur og uppbyggingu innanlandsflugvalla var framseldur með samningi til Isavia Innanlandsflugvalla ehf. Rekstur Keflavíkurflugvallar var óbreyttur hjá móðurfélaginu. Við framsal ofangreindra samninga ábyrgðist móðurfélagið, í samningi við þau, fjármögnun á starfsemi Isavia ANS ehf. og Isavia Innanlandsflugvalla ehf., þar með talið aðgang að lausafé, til að raska ekki starfsleyfum félaganna við breytinguna. Félögin eru nú með ótímabundin starfsleyfi frá Samgöngustofu vegna þessa reksturs en eru háð skilyrðum þeirra eins og þau eru á hverjum tíma.

Greiðslur vegna þjónustu og framkvæmda á innanlandsflugvöllum eru ákveðnar samkvæmt áðurnefndum þjónustusamningum til eins árs í senn. Í þeim er kveðið á um að greiðslur skuli taka verðlagsbreytingum en síðustu ár hefur það ákvæði ekki verið virt og greiðslur ákveðnar í fjárlögum hvers árs.

Þjónustusamningur vegna innanlandsflugvalla er tvískiptur. Annars vegar greiðslur til félagsins vegna daglegs rekstrar innanlandsflugvalla sbr. skýring númer 4. Hins vegar eru greiðslur til félagsins vegna verkefna tengdum viðhaldi og nýframkvæmdum á innanlandsflugvöllum sbr. skýring númer 19. Engar eignfærslur eru hjá félaginu vegna verkefna tengt viðhaldi né nýframkvæmdum þar sem slíkar framkvæmdir eru ekki eign félagsins heldur ríkisins en félaginu aðeins falið að annast umsýslu þessara framkvæmda.

Verkefni vegna viðhalds og nýframkvæmda á innanlands flugvöllum eru samkvæmt gildandi samgönguáætlun hverju sinni. Stærsta verkefnið er á Akureyrarflugvelli en gert er ráð fyrir að framkvæmt verði fyrir um 1 milljarð króna. Aðrar framkvæmdir á áætlunarflugvöllum nema um 500 milljónum króna. Nú stendur yfir endurskoðun 15 ára samgönguáætlunar fyrir árin 2024 til 2038 og þar verða sett inn bæði viðhaldsverkefni og nýframkvæmdir. Á alþjóðaflugvöllunum þremur eru frávik vegna aðflugsljósa og munu þau verða fjármögnuð í næstu samgönguáætlun.

### Tryggingar

Félagið er með sameiginlegar tryggingar með dótturfélögum sínum.

Auk lögbundinna trygginga og sérstakra ábyrgðartrygginga vegna fasteigna og ökutækja ábyrgðartryggir félagið starfsemi flugleiðsögu og flugvalla (í samræmi við skilmála tryggingarinnar) fyrir allt að USD 1,5 milljarða.

Ábyrgðartrygging stjórnar og stjórnenda Isavia samstæðunnar er 300 milljónir króna.

Félagið kaupir tryggingar vegna starfsmanna í samræmi við ákvæði kjarasamninga nema skírteini flugumferðarstjóra sem félagið rekur í eigin áhættu.

## 23. Framtíðarhorfur

Viðsnúningur samstæðunnar í kjölfar heimsfaraldurs var umfram áætlanir félagsins fyrir árið 2022 og má líta svo á að fullri endurheimt hafi verið náð á Keflavíkurflugvelli um mitt ár 2022. Áætlanir félagsins fyrir árið 2023 gera ráð fyrir áframhaldandi vexti á tekjum og afkomu samstæðunnar samhliða auknum umsvifum í flugumferð. Það er því mat stjórnar og forstjóra að rekstrarhæfi samstæðunnar sé sterkt og félagið sé vel í stakk búið til að takast á við komandi flugumferð og farþegaaukningu á flugvöllum samstæðunnar ásamt þeirri uppbyggingu innviða sem fyrirhuguð er á Keflavíkurflugvelli á komandi árum.

## 24. Atburðir eftir lok reikningsskiladags

Engir atburðir hafa orðið eftir lok reikningsskiladags sem krefjast lagfæringa eða breytinga á samstæðuársreikningnum.

# Skýringar

## 25. Tengdir aðilar

Aðilar teljast vera tengdir aðilar ef þeir fara með bein eða óbein yfirráð í félaginu eða hafa vald til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu þess. Meðal tengdra aðila samstæðunnar eru: Lykilstjórnendur, nánir fjölskyldumeðlimir lykilstjórnenda og félög þar sem lykilstjórnendur eða nánir fjölskyldumeðlimir þeirra fara með yfirráð eða veruleg áhrif. Móðurfélag og félög þar sem móðursamstæðan fer með yfirráð eða hefur veruleg áhrif teljast einnig tengdir aðilar. Samstæðan er opinbert hlutafélag en opinberum aðilum eru veittar undanþágur að hluta til frá kröfum um upplýsingagjöf vegna tengdra aðila í endurbættri útgáfu af IAS 24. En helstu viðskipti samstæðunnar við opinbera aðila er samningur við ríkið um rekstur innanlandsflugvalla sem tilheyrir dótturfélaginu Isavia Innanlandsflugvellir ehf. Í starfsþáttayfirliti eru veittar upplýsingar um rekstur Isavia Innanlandsflugvalla ehf.

Upplýsingar um laun stjórnar og forstjóra koma fram í skýringu nr. 5. Sala á vöru og þjónustu til lykilstjórnenda og aðila tengdra þeim voru óveruleg.

## 26. Samþykki ársreiknings

Samstæðuársreikningurinn var samþykktur á stjórnarfundi þann 8. mars 2023.

## 27. Kennitölur

| Úr rekstrarreikningi: | 2022 | 2021 |
|---|---|---|
| **Arðsemi** | | |
| Hagnaður (tap) fyrir afskriftir, vexti og skatta (EBITDA) | 5.164.929 | (810.400) |
| a) Framlegðarhlutfall rekstrar | 14,15% | (3,89%) |
| b) Hagnaðar (tap) hlutfall | (1,69%) | 1,54% |
| c) Afkoma á hverja krónu nafnverðs hlutafjár (EPS) | (0,03) | 0,02 |
| d) Arðsemi eigin fjár | (1,57%) | 1,01% |

a) EBITDA/rekstrartekjur
b) Afkoma ársins/rekstrartekjur
c) Afkoma á hverja krónu nafnverðs hlutafjár (EPS)
d) Hagnaður/meðalstaða eigin fjár

| Úr efnahagsreikningi: | 31.12.2022 | 31.12.2021 |
|---|---|---|
| **Nýting fjármagns** | | |
| e) Fjárbinding í birgðum | 0,02 | 0,02 |
| f) Veltuhraði eigna | 0,40 | 0,25 |
| g) Veltuhraði birgða | 11,92 | 7,08 |
| h) Veltuhraði viðskiptakrafna | 11,09 | 7,21 |

e) Birgðir/rekstrartekjur
f) Rekstrartekjur/meðalstaða heildareigna
g) KSV/meðalstaða birgða
h) Rekstrartekjur/meðalstaða viðskiptakrafna

| | | |
|---|---|---|
| **Greiðsluhæfi** | | |
| i) Lausafjárhlutfall | 1,56 | 2,34 |
| j) Veltufjárhlutfall | 1,62 | 2,38 |
| k) Nettó vaxtaberandi skuldir/EBITDA | 6,76 | (37,19) |

i) Veltufjármunir án birgða/skammtímaskuldir
j) Veltufjármunir/skammtímaskuldir

| | | |
|---|---|---|
| **Fjárhagslegur styrkur** | | |
| l) Eiginfjárhlutfall | 44,51% | 41,52% |
| m) Innra virði hlutafjár | 1,71 | 1,97 |

l) Eigið fé/heildarfjármagn
m) Eigið fé/hlutafé

# Skýringar

## 28. Reikningsskilaaðferðir

### Samstæða

Ársreikningur samstæðunnar tekur til ársreiknings móðurfélagsins og ársreikninga félaga sem eru undir stjórn þess (dótturfélög) á reikningsskiladegi. Yfirráð eru til staðar þegar móðurfélagið hefur ákvörðunarvald yfir fjárfestingunni, ber áhættu eða hefur réttinn til að njóta breytilegs ávinnings vegna þátttöku í fjárfestingunni og getur með ákvörðunarvaldi haft áhrif á ávinning sinn af fjárfestingunni.

Samstæðan er samin í samræmi við kaupverðsreglu. Við kaup á dótturfélögum eru eignir og skuldir þeirra metnar til gangverðs á kaupdegi. Sé kaupverð hærra en hrein eign eftir slíkt mat er mismunurinn færður sem viðskiptavild. Rekstrarniðurstaða keyptra eða seldra dótturfélaga á árinu er meðtalin í samstæðurekstrarreikningi frá og með kaupdegi eða fram að söludegi eftir því sem við á.

Meðal markmiða samstæðureikningsskilanna er að birta einungis tekjur, gjöld, eignir og skuldir samstæðunnar út á við og er því viðskiptum innan hennar eytt út við gerð reikningsskilanna. Ef við á eru gerðar leiðréttingar á reikningsskilum dótturfélaga til að samræma þau við reikningsskilaaðferðir samstæðunnar.

### Áhættustjórnun

Almenn stefna félagsins er að stýra markaðsáhættu. Engir framvirkir gjaldmiðlasamningar né valréttir eru hjá félaginu. Sérstök áhættunefnd er starfandi og hefur hún umboð stjórnar til ákvarða m.a. umfang og eðli mats á áhættu og arðsemisgreiningu fyrir framkvæmdum og verkefnum sem geta haft marktæk áhrif á rekstur og efnahag.

### Skráning tekna

*Rekstrartekjur*

Tekjuskráning samstæðunnar endurspeglar það gagngjald sem samstæðan væntir að fá vegna sölu á vöru og þjónustu til viðskiptavinar. Samstæðan skráir tekjur þegar yfirráð yfir seldri vöru eða þjónustu flytjast yfir til viðskiptavinar. Almennt eru reikningar félagsins gerðir mánaðarlega þar sem veitt þjónusta fyrir viðkomandi mánuð er tekjufærð að því undanskildu að vörusala Fríhafnarinnar er færð þegar sala á sér stað.

*Flugleiðsaga - Isavia ANS ehf.*

Isavia ANS ehf. hefur með höndum flugleiðsöguþjónustu í innanlands- og alþjóðaflugi yfir stóru svæði á Norður-Atlantshafi. Tekjur félagsins eru tilkomnar m.a. af flugleiðsöguþjónustu við flugrekendur á Norður-Atlantshafi á grundvelli Joint Finance samnings (milliríkjasamningur), flugleiðsöguþjónustu í innanlandsloftrými og flugleiðsöguþjónustu á flugvöllum á Íslandi.

*Innanlandsflugvellir - Isavia Innanlandsflugvellir ehf.*

Isavia Innanlandsflugvellir ehf. annast rekstur og viðhald allra flugvalla landsins fyrir utan Keflavíkurflugvallar. Stærsti hluti tekna félagsins kemur úr þjónustusamningi við Innviðaráðuneytið en aðrar tekjur samanstanda af notendagjöldum og útleigu mannvirkja. Öll mannvirki á flugvöllum á Íslandi fyrir utan Keflavíkurflugvöll eru undir yfirráðum íslenska ríkisins.

# Skýringar

## 28. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Skráning tekna (framhald)

*Keflavíkurflugvöllur - Isavia ohf.*

Skipulag Keflavíkurflugvallar skiptist annars vegar í viðskipti og þróun og hins vegar þjónustu og rekstur. Viðskipti og þróun annast samskipti við flugfélög og leiðarþróun, viðskipti og markaðsmál, rekstur og uppbyggingu innviða og mannvirkja ásamt flugvallarþróun og uppbyggingu flugvallarins. Þjónusta og rekstur annast öryggisstjórnun, flugvernd, þjónustu við farþega, flugvallarþjónustu og sér um rekstur flugturnsins.

*Fríhöfnin*

Tekjur Fríhafnarinnar ehf. eru að lang mestu leyti af vörusölu en aðrar tekjur félagsins eru meðal annars auglýsingatekjur.

*Önnur dótturfélög*

Tekjur annarra dótturfélaga Isavia ohf. eru aðallega tekjur af sölu á þjónustu og vörum og verksamninga auk ýmissa tilfallandi tekjuliða.

*Leigutekjur*

Samstæðan er leigusali og leigir út hinar ýmsu eignir samstæðunnar. Öll leiga flokkast sem rekstrarleiga og er samstæðan ekki aðili að fjármögnunarleigusamningum sem leigusali. Leiga getur verið á milli félaga innan samstæðu eða út fyrir samstæðu til þriðja aðila.

Leigutekjur af rekstrarleigusamningum eru færðar línulega yfir samningstímann. Kostnaði sem tengist beint samningum og umsýslu vegna rekstrarleigu er gjaldfærður eða bætt við bókfært verð hinnar leigðu eignar og hann er svo gjaldfærður línulega á leigutímanum.

Leiga fasteigna er fyrst og fremst leiga móðurfélagsins á rýmum í Flugstöð Leifs Eiríkssonar og lóðum og fasteignum beint tengt flugstöðinni. Þar sem Flugstöð Leifs Eiríkssonar er eitt fasteignanúmer er ekki hægt að aðgreina á milli fjárfestingareignar í útleigu og fasteignar til eigin nota.

*Greiðsluskilmálar*

Almennir greiðsluskilmálar samstæðunnar eru 30 daga greiðslufrestur. Ekki eru til staðar neinir óvenjulegir greiðsluskilmálar hjá samstæðunni.

### Skráning gjalda

Gjöld sem stofnað er til við öflun tekna á tímabilinu eru færð sem rekstrarkostnaður. Gjöld sem stofnað er til á reikningsárinu en varða síðari reikningsár eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddur kostnaður. Gjöld sem varða reikningsárið en koma til greiðslu síðar, eru færð til skuldar sem áfallinn kostnaður í efnahagsreikningi.

### Verksamningar

Þegar unnt er að meta stöðu verksamnings með áreiðanlegum hætti eru tekjur og gjöld færð miðað við hlutfall áfallins kostnaðar samkvæmt ákvæðum samningsins á reikningsskiladegi. Breytingar á verkþáttum samkvæmt verksamningi, kröfur um bætur og bónusgreiðslur eru færðar að því marki sem unnt er að meta fjárhæðina með áreiðanlegum hætti og líklegt er að til þeirra komi.

Þegar ekki er unnt að meta stöðu verksamnings með áreiðanlegum hætti eru tekjur færðar í hlutfalli við áfallinn kostnað sem líklegt er að verði endurheimtur. Kostnaður vegna verksamnings er gjaldfærður á því tímabili sem hann fellur til.

Þegar líkur eru á tapi af verksamningi er vænt tap fært strax til gjalda.

### Erlendir gjaldmiðlar

Við gerð reikningsskila hvers félags innan samstæðunnar eru viðskipti í öðrum gjaldmiðlum en starfsrækslugjaldmiðli færð á gengi hvers viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir eru færðar miðað við skráð gengi á reikningsskiladegi. Gengismunur er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

# Skýringar

## 28. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Fjármagnskostnaður

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaprósentu.

Fjármagnskostnaður sem stafar beint af kaupum, byggingu eða framleiðslu eigna sem uppfylla skilyrði um eignfærslu, er eignfærður sem hluti af eigninni fram að þeim tíma þegar eign er tilbúin til notkunar eða sölu.

Fjárfestingatekjur af skammtímafjárfestingum sem tengjast fjármögnun á eignfærsluhæfri eign eru færðar til lækkunar á eignfærðum fjármagnskostnaði.

Allur annar fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikningi á því tímabili sem hann fellur til.

### Tekjuskattur

Tekjuskattur er reiknaður og færður í samstæðuársreikninginn. Útreikningur hans byggir á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattshlutfall er 20%. Gjaldfærður tekjuskattur samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára. Skattskyldur hagnaður getur verið annar en reikningshaldslegur hagnaður. Reiknaður tekjuskattur miðast við gildandi skatthlutfall á reikningsskiladegi.

Frestaður tekjuskattur stafar af tímabundnum mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar þar sem tekjuskattsstofn er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil félagsins. Jafnframt er frestaður tekjuskattur ekki færður vegna fjárfestinga í dótturfélögum ef talið er að móðursamstæðan geti haft stjórn á því hvenær tímabundni mismunurinn snýst við og ekki er talið að viðsnúningurinn muni eiga sér stað í fyrirsjáanlegri framtíð. Frestaður tekjuskattur miðast við gildandi skatthlutfall á reikningsskiladegi.

Tekjuskattsinneign er metin á reikningsskiladegi og er einungis færð að því marki sem líklegt er að hún nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

Frestaður skattur er gjaldfærður í rekstrarreikningi nema þegar hann tengist liðum meðal eigin fjár en þá er hann einnig færður meðal eigin fjár.

### Rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Rekstrarfjármunir eru færðir samkvæmt kostnaðarverðsaðferð. Samkvæmt kostnaðarverðsaðferðinni eru rekstrarfjármunir færðir á upphaflegu kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Kostnaðarverð rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Við samruna Flugfjarskipta ehf. og Isavia ohf. voru fasteignir fyrrnefnda félagsins endurmetnar þar sem markaðsverð fasteigna þess félags var talið verulega hærra en bókfært verð. Hið endurmetna verð byggir á áætluðu söluverði sem staðfest var af matsmönnum. Matsbreytingin er færð á sérstakan endurmatsreikning meðal eigin fjár og á tekjuskattsskuldbindingu.

Afskriftir eru færðar á kerfisbundinn hátt á áætluðum nýtingartíma eignarinnar að teknu tilliti til vænts hrakvirðis. Áætlaður nýtingartími og afskriftaraðferðir eru endurmetnar í lok hvers reikningstímabils.

Eignir þar sem eignarréttur er bundinn öðrum samkvæmt samningi um fjármögnunarleigu eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma á sama grunni og eignir með fullum eignarrétti.

Hagnaður eða tap vegna sölu rekstrarfjármuna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi og er fært í rekstrarreikning, söluhagnaður meðal annarra tekna og sölutap meðal annarra gjalda. Við sölu endurmetinna rekstrarfjármuna er endurmatið fært á óráðstafað eigið fé.

Almennur og sértækur lántökukostnaður sem rakinn er beint til öflunar, smíði eða framleiðslu eignar er eignfærður á þeim tíma sem þarf til að koma eign í tekjuhæft ástand. Hæfar eignir eru eignir sem taka umtalsverðan tíma að koma í tekjuhæft ástand. Annar lántökukostnaður er gjaldfærður á því tímabili sem hann fellur til.

# Skýringar

## 28. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru einungis eignfærðar þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnaðarverð eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Meðal óefnislegra eigna er hugbúnaður. Eignir þessar eru færðar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Afskriftir eru færðar á kerfisbundinn hátt á áætluðum nýtingartíma eignarinnar. Áætlaður nýtingartími og afskriftaaðferðir eru endurmetnar í lok hvers reikningsskilatímabils.

Rannsóknarkostnaður er gjaldfærður á því tímabili sem hann fellur til. Þróunarkostnaður er aðeins eignfærður ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

- samstæðan hefur tæknilega getu til að ljúka þróun afurðar i söluhæft ástand
- áætlanir ganga út á að ljúka við þróunina
- samstæðan sýni fram á möguleika sína til að selja afurðina
- samstæðan sýnir fram á hvernig afurðin kemur til með að skila framtíðartekjum
- samstæðan hefur nægjanlega tækni og fjármagn til að ljúka við þróun og sölu
- hægt er að mæla útgjöld vegna þróunar með áreiðanlegum hætti

Aðeins er heimilt að hefja eignfærslu þróunarkostnaðar þegar öll ofangreind skilyrði eru uppfyllt. Þróunarkostnaður sem ekki uppfyllir skilyrðin er gjaldfærður á því tímabili sem hann fellur til. Eftir upphaflega skráningu er þróunarkostnaður metinn á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun.

Óefnislegar eignir sem myndast í reikningsskilum við sameiningu félaga eru aðeins færðar ef þær eru aðgreinanlegar frá viðskiptavild. Við upphaflega skráningu eru þær færðar á kostnaðarverði á kaupdegi en við síðara mat eru þær færðar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun.

### Leigusamningar

Við upphaflega skráningu metur samstæðan hvort samningur teljist vera leigusamningur eða innihaldi leigusamning. Samstæðan skráir nýtingarrétt til eignar og samsvarandi leiguskuldbindingu vegna allra leigusamninga, nema skammtímaleigu (til skemmri tíma en 12 mánaða) og fyrir leigueignir með lágt virði þar sem leigugreiðslur eru færðar línulega á meðal rekstrargjalda yfir leigutímann.

Leiguskuldbinding er upphaflega metin á núvirði framtíðarleigugreiðslna. Leigugreiðslur eru núvirtar með innbyggðum vöxtum í samningi, eða ef þeir eru ekki aðgengilegir, með vöxtum af viðbótarlánsfé. Leiguskuldbinding samanstendur af föstum greiðslum að frádregnum leiguhvötum, breytilegum greiðslum vegna vísitölu, væntu hrakvirði og kaupréttum á leigueignum ef líklegt er talið að þeir verði nýttir.

Leigugreiðslur skiptast í vaxtagjöld og greiðslur af höfuðstól sem koma til lækkunar á leiguskuldbindingu. Samstæðan endurmetur leiguskuldbindingu ef leigutímabil breytist, ef leigugreiðslur breytast vegna vísitölutengingar eða þegar breytingar eru gerðar á leigusamningi sem ekki leiða til þess að nýr leigusamningur er skráður.

Nýtingarréttur er afskrifaður á því sem styttra reynist af líftíma leigusamnings eða leigueignar. Ef leigusamningur leiðir til eigendaskipta eða ef bókfært verð nýtingarréttar felur í sér kauprétt á leigueign, þá er nýtingaréttur afskrifaður á líftíma leigueignar. Nýtingarréttur er afskrifaður frá upphafsdegi leigusamnings.

Breytilegar leigugreiðslur sem eru ekki vísitölutengdar eru ekki hluti af leiguskuldbindingu eða nýtingarrétti eignar, heldur gjaldfærðar á því tímabili sem þær falla til.

Samstæðan nýtir sér heimild IFRS 16 til þess að skilja ekki samningsbundnar greiðslur vegna þjónustuþáttar (eða aðrar greiðslur sem ekki teljast til leigu) frá leigugreiðslum við mat á leiguskuldbindingu og nýtingarrétti.

### Virðisrýrnun annarra eigna en fjáreigna

Á hverjum reikningsskiladegi er bókfært verð eigna metið með tilliti til virðisrýrnunar. Komi fram vísbending um virðisrýrnun er endurheimtanlegt virði eignarinnar metið í því skyni að hægt sé að ákvarða hversu víðtæk virðisrýrnun er sé um slíkt að ræða.

Endurheimtanlegt virði er annað hvort hreint söluvirði eða nýtingarvirði eignar, hvort sem hærra er. Við mat á nýtingarvirði er notað vænt fjárstreymi sem fært hefur verið til núvirðis með vaxtaprósentu sem viðeigandi er við fjármögnun slíkrar eignar að teknu tilliti til skatta. Þegar ekki er hægt að meta endurheimtanlegt virði einstakra eigna þá metur samstæðan endurheimtanlegt virði þeirrar sjóðskapandi einingar sem eignin fellur undir.

Sé endurheimtanlegt virði eignar eða fjárskapandi einingar metið lægra en bókfært verð er bókfært verð eignarinnar lækkað í endurheimtanlegt virði. Virðisrýrnun fjárskapandi eininga er fyrst færð til lækkunar á tengdri viðskiptavild, en síðan til hlutfallslegrar lækkunar á bókfærðu verði annarra eigna einingarinnar. Tap vegna virðisrýrnunar er fært í rekstrarreikning.

Ef áður færð virðisrýrnun á ekki lengur við er bókfært verð eignarinnar hækkað aftur, þó ekki umfram upphaflegt kostnaðarverð. Virðisrýrnun viðskiptavildar er ekki heimilt að bakfæra.

# Skýringar

## 28. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Birgðir

Vörubirgðir og aðrar vörur í vinnslu eru metnar á kostnaðarverði eða hreinu söluverði, hvort sem lægra reynist. Kostnaðarverð birgða samanstendur af kostnaði við öflun þeirra ásamt öðrum kostnaði sem fellur til við að koma birgðunum í söluhæft ástand. Hreint söluvirði er áætlað söluverð í venjulegum viðskiptum að frádregnum áætluðum sölukostnaði.

### Handbært fé og ígildi þess

Handbært fé innifelur reiðufé, inneignir í bönkum og aðrar skammtímafjárfestingar sem auðvelt er að skipta í reiðufé og eru með binditíma allt að þrem mánuðum. Yfirdráttur í banka er sýndur í lántöku meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að samstæðan verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð þeirra með áreiðanlegum hætti.

### Fjáreignir

Fjáreignir eru færðar á gangvirði við upphaflega skráningu í bókhald. Þegar fjáreignir eru ekki metnar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning er allur beinn viðskiptakostnaður færður til hækkunar á virði þeirra við upphaflega skráningu í bókhald. IFRS 9 skiptir fjáreignum í tvo flokka, annars vegar fjáreignir skráðar á afskrifuðu kostnaðarverði og hins vegar fjáreignir á gangvirði. Samstæðan skráir allar sínar fjáreignir á afskrifuðu kostnaðarverði.

*Fjáreignir á afskrifuðu kostnaðarverði*

Fjáreign sem áætlað er að eiga til gjalddaga og samningsbundnar greiðslur á settum gjalddögum samanstanda einungis af afborgunum af höfuðstól og vöxtum, skal skrá á afskrifuðu kostnaðarverði nema gerningurinn sé skilgreindur á gangvirði í gegnum rekstrarreikning í samræmi við gangvirðisheimildina. Slíkar eignir eru upphaflega færðar á gangvirði að viðbættum öllum tengdum viðskiptakostnaði. Eftir upphaflega skráningu eru slíkar fjáreignir metnar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti, að frádreginni virðisrýrnun. Fjáreignir samstæðunnar sem metnar eru á afskrifuðu kostnaðarverði eru skuldabréfaeign, viðskiptakröfur, aðrar skammtímakröfur og handbært fé.

*Virkir vextir*

Aðferð virkra vaxta felst í því að reiknað er endurgreiðsluvirði fjáreignar eða fjárskuldar og vaxtatekjum og vaxtagjöldum jafnað á líftímanum. Virkir vextir er sú ávöxtunarkrafa sem núvirðir áætlað sjóðstreymi eða tekjur yfir áætlaðan líftíma fjármálagernings, eða yfir styttra tímabil ef við á, þannig að það jafngildi bókfærðri fjárhæð fjáreignarinnar eða fjárskuldarinnar í efnahagsreikningi.

Vaxtatekjur eru færðar miðað við virka vexti fyrir alla fjármálagerninga aðra en þá sem skilgreindir eru sem fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.

*Fjáreignir sem ætlað er að eiga til gjalddaga*

Fjáreignir eru flokkaðar sem fjáreignir sem ætlað er að eiga til gjalddaga þegar samstæðan á fjárfestingar, t.d. víxla eða skuldabréf, og hefur fyrirætlanir og getu til að eiga til gjalddaga. Fjárfestingar til gjalddaga eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti að frádreginni virðisrýrnun þegar við á.

*Lán og kröfur*

Viðskiptakröfur, lán og aðrar kröfur sem hafa fastar greiðslur og eru ekki skráðar á virkum markaði eru flokkuð sem lán og kröfur. Lán og kröfur eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði með aðferð virkra vaxta að frádreginni virðisrýrnun. Vaxtatekjur af lánum og kröfum eru færðar miðað við virka vexti nema þegar vaxtatekjur eru óverulegar.

# Skýringar

## 28. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Fjáreignir (framhald)

*Virðisrýrnun fjáreigna*

Virðisrýrnunarlíkan IFRS 9 byggir á væntu útlánatapi sem er breyting frá fyrri staðli IAS 39 sem aðeins gerði kröfu um að útlánatap yrði fært vegna liðinna atburða. Fjáreignir samstæðunnar sem falla undir gildissvið virðisrýrnunarlíkansins eru skuldabréfaeign, viðskiptakröfur, aðrar skammtímakröfur (að undanskildum afdregnum fjármagnstekjuskatti, inneign vegna virðisaukaskatts og fyrirframgreiðslum) og handbært fé.

Við mat á væntu útlánatapi fyrir viðskiptakröfur beitir samstæðan einfaldaðri nálgun. Sú nálgun krefst þess að samstæðan meti niðurfærslu sem er jöfn væntu útlánatapi á líftíma viðskiptakrafnanna. Viðskiptakröfum samstæðunnar er skipt niður í flokka eftir þeim fjölda daga sem þær eru komnar fram yfir gjalddaga. Við mat á föstu niðurfærsluhlutfalli fyrir hvern flokk er horft til sögulegrar tapssögu samstæðunnar, leiðrétttri fyrir framtíðarvæntingum um efnahagslega þróun ef þörf er á. Samstæðan framkvæmir framangreint mat niður á einstaka viðskiptavini eða hópa viðskiptavina ef reynsla sýnir verulega frábrugðið tapmynstur fyrir ákveðna viðskiptavini eða hópa viðskiptavina. Í einhverjum tilfellum getur það leitt til fráviks frá metnu hlutfalli niður á hópa fyrir einstaka viðskiptamenn. Sjá nánari umfjöllun um mat á væntu útlánatapi fyrir viðskiptakröfur í skýringu 15.

Á hverjum uppgjörsdegi er kannað hvort til staðar sé hlutlæg vísbending um virðisrýrnun fjáreigna. Fjáreign hefur rýrnað í virði ef hlutlægar vísbendingar eru um að einn eða fleiri atburðir, sem hafa orðið, hafa áhrif á vænt framtíðarsjóðstreymi eignarinnar og hægt er að meta virðisrýrnun með áreiðanlegum hætti. Samstæðan færir sértæka niðurfærslu fyrir fjáreignir þar sem hlutlæg vísbending er um virðisrýrnun.

Breytingar á virðisrýrnunarframlagi fjáreigna í afskriftareikning eru færðar í rekstrarreikning á því tímabili sem matið fer fram. Virðisrýrnun er bakfærð ef unnt er að tengja bakfærsluna með hlutlægum hætti við atburð sem átt hefur sér stað eftir að virðisrýrnun var færð.

*Afskráning fjáreigna*

Samstæðan afskráir fjáreignir aðeins þegar samningsbundinn réttur til framtíðarsjóðstreymis af fjáreigninni er ekki lengur til staðar eða þegar áhættan eða ávinningurinn af fjáreigninni flyst yfir á annað félag.

### Fjárskuldir og eiginfjárgerningar

*Fjárskuldir*

Fjárskuldir, þar á meðal skuldir við fjármálastofnanir, eru upphaflega metnar á gangvirði að frádregnum viðskiptakostnaði. Við síðara mat eru þær færðar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti.

*Afskráning fjárskulda*

Samstæðan afskráir fjárskuldir eingöngu þegar skuldbinding vegna þeirra er ekki lengur til staðar.

# Skýringar

## 29. Starfsþáttayfirlit

Starfsþáttaupplýsingar eru birtar eftir skipulagi samstæðunnar og innri upplýsingagjöf stjórnenda. Meginhluti af rekstri Isavia ANS ehf. samanstendur af þjónustu við flugrekendur á grundvelli millirikjasamnings (Joint Finance). Isavia Innanlandsflugvellir ehf. er rekstur flugvalla og flugturna innanlands. Keflavíkurflugvöllur er rekstur flugvallar og flugturns í Keflavík auk Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar og rekstur stoðsviða. Í skýringu 28 er nánar fjallað um tekjur hvers félags innan starfsþáttar.

Innan tekna í starfsþáttunum eru leigutekjur að fjárhæð um 7.037 milljónir króna (2021: um 2.862 milljónir króna) sem falla undir gildissvið IFRS 16 Leigusamningar. Aðrar tekjur sem tilgreindar eru hér að ofan eru innan gildissviðs IFRS 15 Tekjur af samningum við viðskiptavini. Nánari lýsing á eðli tekna og tímasetningu tekjuskráningar félagsins er að finna í skýringu 28.

### Starfsþáttagreining 2022

| | Isavia ANS ehf. Flugleiðsaga | Isavia Innanlands-flugvellir ehf. Innanlandskerfi | Isavia ohf. Keflavíkur-flugvöllur | Fríhöfnin ehf. | Önnur dóttur-félög | Jöfnun | Samstæða |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Tekjur** | | | | | | | |
| Tekjur frá þriðja aðila | 7.268.260 | 2.745.088 | 13.521.042 | 12.418.890 | 552.217 | | 36.505.496 |
| Innanfélagstekjur | 842.577 | 40.251 | 4.616.913 | 0 | 831.167 | (6.330.908) | 0 |
| Heildartekjur | 8.110.836 | 2.785.340 | 18.137.955 | 12.418.890 | 1.383.383 | (6.330.908) | 36.505.496 |
| **Afkoma** | | | | | | | |
| Rekstrarhagnaður | 466.545 | (290.364) | 127.460 | 911.514 | 33.635 | (15.432) | 1.233.358 |
| Fjármagnsliðir | (366.954) | 17.397 | (1.645.670) | (55.399) | 4.266 | 4.153 | (2.042.208) |
| Afkoma fyrir skatta | 99.591 | (272.967) | (1.518.210) | 856.114 | 37.900 | (11.279) | (808.850) |
| Afkoma ársins | 79.669 | (218.378) | (1.221.464) | 684.888 | 66.935 | (9.023) | (617.373) |
| **Efnahagsreikningur** | | | | | | | |
| Fastafjármunir | 6.116.029 | 1.351.035 | 77.668.255 | 268.868 | 108.086 | (7.009.092) | 78.503.180 |
| Aðrar eignir óskiptar á starfsþætti | 2.586.485 | 1.736.788 | 12.275.502 | 2.537.094 | 547.033 | (3.908.544) | 15.774.357 |
| Heildareignir | 8.702.514 | 3.087.822 | 89.943.757 | 2.805.962 | 655.118 | (10.917.637) | 94.277.537 |
| Heildarskuldir | 7.892.862 | 3.236.574 | 49.572.546 | 1.328.034 | 259.015 | (9.973.650) | 52.315.381 |
| Eigið fé | 805.169 | (148.751) | 40.375.469 | 1.477.928 | 396.103 | (943.763) | 41.962.156 |
| **Aðrar upplýsingar** | | | | | | | |
| Fjárfestingar ársins | 310.724 | 149.927 | 14.701.960 | 20.456 | 2.795 | 0 | 15.185.862 |
| Afskriftir ársins | 345.572 | 131.472 | 3.297.195 | 226.644 | 102.814 | (172.126) | 3.931.571 |

# Skýringar

## 29. Starfsþáttayfirlit (framhald)

### Starfsþáttagreining 2021

| | Isavia ANS ehf. Flugleiðsaga | Isavia Innanlands-flugvellir ehf. Innanlandskerfi | Isavia ohf. Keflavíkur-flugvöllur | Fríhöfnin ehf. | Önnur dóttur-félög | Jöfnun | Samstæða |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Tekjur** | | | | | | | |
| Tekjur frá þriðja aðila | 6.344.405 | 2.601.227 | 6.148.083 | 5.235.919 | 513.253 | | 20.842.888 |
| Innanfélagstekjur | 719.059 | 36.440 | 2.263.177 | 0 | 774.612 | (3.793.288) | 0 |
| Heildartekjur | 7.063.463 | 2.637.667 | 8.411.260 | 5.235.919 | 1.287.865 | (3.793.288) | 20.842.888 |
| **Afkoma** | | | | | | | |
| Rekstrarhagnaður | 273.557 | (10.305) | (5.196.308) | 108.782 | 118.269 | (15.248) | (4.721.254) |
| Fjármagnsliðir | (158.346) | (19.712) | 3.748.790 | (37.050) | 19.553 | 11.912 | 3.565.147 |
| Afkoma fyrir skatta | 115.210 | (30.017) | (1.447.518) | 71.732 | 137.822 | (3.336) | (1.156.107) |
| Afkoma ársins | 92.187 | (23.995) | (30.617) | 149.425 | 136.558 | (2.669) | 320.890 |
| **Efnahagsreikningur** | | | | | | | |
| Fastafjármunir | 6.652.296 | 1.325.825 | 69.175.671 | 367.536 | 174.236 | (10.169.277) | 67.526.288 |
| Aðrar eignir óskiptar á starfsþætti | 3.482.728 | 2.276.017 | 15.735.968 | 1.384.083 | 436.549 | (2.735.008) | 20.580.337 |
| Heildareignir | 10.135.024 | 3.601.843 | 84.911.639 | 1.751.620 | 610.785 | (12.904.285) | 88.106.625 |
| Heildarskuldir | 9.409.524 | 3.532.217 | 49.314.705 | 958.579 | 282.323 | (11.969.550) | 51.527.798 |
| Eigið fé | 725.500 | 69.626 | 35.596.934 | 793.041 | 328.462 | (934.735) | 36.578.827 |
| **Aðrar upplýsingar** | | | | | | | |
| Fjárfestingar ársins | 344.410 | 90.576 | 5.629.724 | 8.578 | 2.346 | 0 | 6.075.633 |
| Afskriftir ársins | 347.735 | 125.942 | 3.319.139 | 238.023 | 38.479 | (158.464) | 3.910.854 |

# Viðauki I Stjórnarháttayfirlýsing

Stjórnarháttayfirlýsing er uppgjör stjórnar fyrir liðið starfsár stjórnar 2022 – 2023 og er hún birt samhliða ársreikningi fyrir almanaksárið 2022. Stjórnarháttayfirlýsing er sett til samræmis við 66. gr. c laga um ársreikninga nr. 2006 með síðari breytingum.

Með þessari yfirlýsingu um stjórnarhætti fylgir Isavia Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Nasdaq Iceland, sem gefnar voru út 1. júlí 2021 og er 6. útgáfa. Félagið fylgir einnig almennri eigandastefnu ríkisins og tilheyrandi viðauka fyrir öll félög í eigu ríkisins, útgefinni í september 2021.

## Lög og reglur

Isavia ohf. er opinbert hlutafélag í eigu íslenska ríkisins. Um starfsemi félagsins gilda lög nr. 153/2009 um samruna opinberu hlutafélaganna Flugstoða og Keflavíkurflugvallar, lög nr. 76/2008 um stofnun opinbers hlutafélags um rekstur Keflavíkurflugvallar, lög nr. 102/2006 um stofnun hlutafélags um flugleiðsöguþjónustu, flugvallarrekstur Flugmálastjórnar og lög um loftferðir nr. 80/2022.

Stjórnarhættir félagsins taka mið af lögum nr. 2/1995 um hlutafélög, samþykktum félagsins og starfsreglum stjórnar.

Stjórn félagsins hefur í störfum sínum Leiðbeiningar um stjórnarhætti til hliðsjónar og uppfyllir þær í öllum meginatriðum. Helsta frávik er að ekki er starfandi tilnefningarnefnd hjá félaginu þar sem tilnefning í stjórn félagsins er hjá fjármála- og efnahagsráðherra sem fer með hlut ríkisins í félaginu.
Ekki hafa fallið dómar þar sem starfsemi félagsins er talin hafa brotið í bága við lög eða reglur.

Lög um félagið má nálgast á vef Alþingis, www.althingi.is, og samþykktir og starfsreglur á heimasíðu félagsins www.isavia.is. Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja er hægt að nálgast á heimasíðu Viðskiptaráðs Íslands. Leiðbeiningarnar eru m.a. birtar á slóðinni https://leidbeiningar.is/. Frekari upplýsingar um laga- og reglugerðarramma, sem Isavia ber að fylgja, eftir því sem við á um rekstur Isavia er að finna hér: Lög & reglur | Samgöngustofa (samgongustofa.is).

## Áhættustýring og innra eftirlit

Stjórn hefur samþykkt heildstæða áhættustefnu fyrir félagið þar sem helstu áhættuþættir í rekstri hafa verið skilgreindir.

Áhættustýring Isavia byggir á hugmyndafræði heildstæðrar áhættustjórnunar (e. enterprise risk management).

Áhættustefnan byggir á heildarstefnu Isavia og er til þess ætluð að styðja við stefnu og sett markmið. Tilgangurinn með áhættustefnu Isavia er að tryggja virka áhættustjórnun og góða áhættumenningu. Notast er við viðurkenndar aðferðir við áhættugreiningar og áhættumat og unnið er að samræmdu ferli fyrir móður- og dótturfélög.

Áhættunefnd er starfandi og hefur umboð stjórnar til að ákvarða m.a. umfang og eðli mats á áhættu og arðsemisgreininga sem geta haft marktæk áhrif á rekstur og efnahag. Í áhættunefnd sitja forstjóri, framkvæmdastjóri fjármála og mannauðs og áhættustjóri.

PricewaterhouseCoopers ehf. sér um innri endurskoðun félagsins, samkvæmt samningi, sem m.a. leggur mat á áhættustýringu, eftirlitsaðferðir og stjórnarhætti hjá öllum félögum innan samstæðunnar með kerfisbundnum aðferðum og styður þannig félagið við að ná markmiðum sínum.

Framkvæmdastjórar bera ábyrgð á að draga fram, skilgreina og meta áhættu innan síns sviðs sem og að koma á viðeigandi stýringu til að lágmarka áhættu.

## Stjórn

Fimm sitja í stjórn Isavia og fimm til vara, kjörin á aðalfundi til eins árs í senn. Stjórnin er tilnefnd af fjármála- og efnahagsráðherra. Kynjahlutfall í stjórn er 40% konur og 60% karlar. Öll stjórnin er óháð í skilningi Leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja.

# Viðauki I  Stjórnarháttayfirlýsing

## Störf og starfsreglur stjórnar

Stjórnin hefur sett sér starfsreglur þar sem helstu verkefni og valdsvið stjórnar og forstjóra eru afmörkuð. Gildandi starfsreglur voru samþykktar á stjórnarfundi 27. apríl 2022. Þar er m.a. að finna ákvæði varðandi skiptingu starfa innan stjórnar, reglur um hæfi til þátttöku í afgreiðslu mála, um fundarsköp og fundargerðir, reglur um þagnarskyldu, upplýsingagjöf gagnvart stjórn og ákvörðunarvald stjórnar. Starfsreglur stjórnar eru birtar á heimasíðu félagsins.

Meginhlutverk stjórnar er að fara með málefni félagsins milli hluthafafunda, tryggja að nægilegt eftirlit sé með reikningshaldi og meðferð fjármuna félagsins, að staðfesta rekstrar- og fjárfestingaáætlanir og sjá til þess að þeim sé fylgt. Stjórnin tekur meiriháttar ákvarðanir í rekstri félagsins og sér um að félagið sé rekið í samræmi við lög og reglur.

Þá ber stjórninni að stuðla að viðgangi félagsins og tryggja árangur þess til langs tíma litið, með því að setja félaginu stefnu í samstarfi við stjórnendur þess.

Á starfsárinu 2022 - 2023 voru haldnir 13 stjórnarfundir. Allir fundir stjórnarinnar voru ákvörðunarbærir þar sem fullskipað var á alla fundi stjórnar en varamaður var kallaður inn á einn fund. Starfsáætlun stjórnar fyrir næsta starfsár liggur fyrir að aðalfundi loknum. Stjórnarformaður stýrir fundum. Stjórnarfundi sitja einnig forstjóri og framkvæmdastjóri fjármála og mannauðs sem jafnframt ritar fundargerðir. Fundargerðir eru undirritaðar af stjórn, forstjóra og fundarritara.

## Árangursmat stjórnar

Stjórn metur störf sín með reglubundnum hætti, verklag og starfshætti, framgang félagsins, frammistöðu forstjóra svo og skilvirkni undirnefnda séu þær starfandi. Slíkt árangursmat felur m.a. í sér að stjórnin leggi mat á styrkleika og veikleika í störfum sínum og verklagi og hugar að þeim hlutum sem hún telur að betur megi fara.

## Skipan stjórnar Isavia 2022-2023

Kristján Þór Júlíusson, fæddur 1957, er stjórnarformaður frá 2022, með kennsluréttindi frá Háskóla Íslands og skipstjórnarréttindi frá Stýrimannaskólanum í Reykjavík. Kristján Þór var alþingismaður Norðausturkjördæmis 2007-2021. Hann var heilbrigðisráðherra 2013-2017, mennta- og menningarmálaráðherra og ráðherra norrænna samstarfsmála 2017 og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra 2017-2021. Hann sat í fjárlaganefnd Alþingis 2007-2013, iðnaðarnefnd 2007-2009 og umhverfisnefnd 2009-2011.
Kristján Þór var bæjarstjóri Dalvíkur 1986-1994 og bæjarstjóri Ísafjarðar 1994-1997. Sat í bæjarstjórn Akureyrar 1998–2009 og bæjarstjóri Akureyrar 1998-2006. Formaður stjórnar Iðnþróunarfélags Eyjafjarðar hf. 1987–1992. Í stjórn Útgerðarfélags Dalvíkinga hf. 1987–1990. Í stjórn Söltunarfélags Dalvíkur hf. 1987–1993. Í stjórn Sæplasts hf. 1988–1994. Kristján Þór var formaður stjórnar Hafnarsambands sveitarfélaga 1994-1997 og formaður stjórnar Eyþings 1998-2002. Í stjórn Togaraútgerðar Ísafjarðar hf. 1996–1997 og formaður stjórnar Samherja hf. 1996–1998.
Í stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga 1998–2007. Formaður stjórnar Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar 1998–2007. Í stjórn Fjárfestingarbanka atvinnulífsins 1999–2000. Í stjórn Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélags Íslands 1999–2008. Í Ferðamálaráði Íslands 1999–2003. Árin 1999-2007 sat Kristján Þór í stjórn Landsvirkjunar. Hann var formaður stjórnar Lífeyrissjóðs Norðurlands 2000-2007 og í stjórn Fasteignamats ríkisins á sama tímabili. Kristján sat í stjórn Íslenskra verðbréfa 2002–2009. Kristján Þór var kosinn í stjórn Isavia á aðalfundi 2022 og situr í starfskjaranefnd Isavia.

Hólmfríður Árnadóttir, fædd 1973, er stjórnarmaður frá 2022, með B. Ed. og M. Ed. gráður frá Háskólanum á Akureyri og Dipl. Ed. gráðu frá Háskóla Íslands. Hólmfríður starfar sem deildarstýra Kennslumiðstöðvar Háskóla Íslands og verkefnisstýra fjarnáms við sama skóla. Hún hefur yfir 20 ára reynslu af stjórnun, ráðgjöf og kennslu. Hún starfaði sem skólastjóri frá 2016-2022 og sem sérfræðingur við Háskólann á Akureyri 2012-2016. Hún hefur setið í fjölmörgum stjórnum, ráðum og nefndum. Hólmfríður var kosin í stjórn Isavia á aðalfundi 2022 og situr í starfskjaranefnd Isavia.

Matthías Imsland, fæddur 1974, stjórnarmaður frá 2014. Hann er stjórnmálafræðingur frá Háskóla Íslands og með MS próf frá Háskólanum í Lundi í Svíþjóð, hefur stundað nám í viðskiptafræði við Háskóla Íslands og stjórnunarnám við North Park University í Chicago í Bandaríkjunum. Matthías er framkvæmdastjóri ýmissa fjárfestingafélaga. Hann var aðstoðarmaður félags- og húsnæðismálaráðherra frá 2013-2015, aðstoðarmaður forsætisráðherra frá janúar-apríl 2016 og var síðan aftur aðstoðarmaður félags- og húsnæðismálaráðherra frá apríl 2016 - janúar 2017, var um tíma framkvæmdastjóri rekstrarsviðs flugfélagsins WOW -air og fyrir stofnun þess var hann forstjóri Iceland Express. Matthías var kosinn í stjórn Isavia á aðalfundi 2014, varaformaður 2014-2017 og frá 2018. Matthías er óháður Isavia, daglegum stjórnendum fyrirtækisins og eiganda þess.
Önnur stjórnarstörf:
Situr m.a. í stjórn Isavia Innanlandsflugvellir ehf., stjórnarformaður

# Viðauki I  Stjórnarháttayfirlýsing

### Skipan stjórnar Isavia 2022-2023 (framhald)

Nanna Margrét Gunnlaugsdóttir, fædd 1978, stjórnarmaður frá 2018, viðskiptafræðingur með MBA frá Háskólanum í Reykjavík. Frá árinu 2008 hefur Nanna rekið eigið fyrirtæki m.a. í verslun og síðar í ýmsum fjárfestingaverkefnum ásamt því að sitja í stjórnum nokkurra fyrirtækja, starfaði hjá Eimskipafélagi Íslands frá 1998-2008, m.a. í fjárstýringadeild og sem sölustjóri í sjó- og flugfraktdeild. Nanna Margrét var kosin í stjórn á aðalfundi 2018 og situr í endurskoðunarnefnd Isavia.
Önnur stjórnarstörf:
Situr m.a. í stjórn Fríhafnarinnar ehf.

Jón Steindór Valdimarsson, fæddur 1958, stjórnarmaður frá árinu 2022, MPM (Master of Project Management) frá Háskólanum í Reykjavík og með embættispróf í lögum frá Háskóla Íslands. Jón Steindór var alþingismaður árin 2016-2021. Hann var framkvæmdastjóri fyrirtækjanna TravAble ehf. og Nordberg Innovation ehf. árin 2015-2016. Þá var hann aðstoðarframkvæmdastjóri og síðar framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins árin 1988-2010. Jón Steindór sat í stjórn Regins hf. 2014-2015; stjórn Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands 2002-2013; stjórnarformaður Landsbréfa hf. 2011-2013; varaformaður stjórnar Framtakssjóðs Íslands 2011-2012 og í stjórn Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins 2000-2010, þar af stjórnarformaður árin 2004-2010. Jón Steindór var kosinn í stjórn Isavia á aðalfundi 2022 og situr í endurskoðunarnefnd Isavia.

## Varastjórn Isavia

Dóra Sif Tynes, fædd 1972, lögfræðingur, Advel lögmenn eigandi.
Ingveldur Sæmundsdóttir, fædd 1970, viðskiptafræðingur MBA, aðstoðarmaður innviðaráðherra.
Sigrún Traustadóttir, fædd 1962, viðskiptafræðingur MBA, ráðgjafi. Var aðalmaður í stjórn 2014-2017, varamaður frá 2017.
Tómas Ellert Tómasson, fæddur 1970, byggingarverkfræðingur, starfar nú fyrir SG-hús ehf. á Selfossi.
Valdimar Halldórsson, fæddur 1973, BA í hagfræði og MSc í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands. Var aðalmaður í stjórn 2018 – 2022.

## Forstjóri Isavia

Forstjóri hefur með höndum daglegan rekstur félagsins samkvæmt stefnu og fyrirmælum stjórnar. Daglegur rekstur nær ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar. Hann hefur ákvörðunarvald um öll rekstrar- og fjárhagsleg málefni félagsins og hefur umsjón með eignum þess. Forstjóri gerir stjórn grein fyrir starfsemi félagsins og afkomu á stjórnarfundum, ber ábyrgð gagnvart stjórn og að fylgt sé samþykktum félagsins, lögum og reglum. Forstjóri er ekki með nein hagsmunatengsl við viðskiptaaðila og/eða

Forstjóri er Sveinbjörn Indriðason, fæddur 1972, hagfræðingur frá Háskóla Íslands 1998. Hann starfaði hjá Fjárfestingarbanka atvinnulífsins og vann við áhættustýringu hjá Icelandair frá 1999 - 2005. Sveinbjörn var framkvæmdastjóri fjármálasviðs FL Group frá 2005 - 2008 og rekstrar- og fjármálastjóri nýsköpunarfyrirtækisins CLARA frá árinu 2011. Sveinbjörn var framkvæmdastjóri fjármálasviðs Isavia frá árinu 2013 þar til í júní 2019 þegar hann var ráðinn forstjóri Isavia.

Forstjóri hefur að auki umsjón og eftirlit með dótturfélögum Isavia ohf. Sett hefur verið eigandastefna dótturfélaga Isavia ohf., þar sem leitast er við að skýra ábyrgð og hlutverk eiganda, félagsins, stjórnar og stjórnenda til að stuðla að góðum stjórnháttum og skýrri stefnumörkun. Þannig á eigandastefnan að tryggja gagnsæja, faglega og skilvirka stjórnun dótturfélaga. Einnig hafa verið gerðir viðaukar þar sem fram koma stefnur, reglur og leiðbeiningar sem unnið er eftir á samstæðugrunni. Má þar nefna mannauðsstefnu, sjálfbærnistefnu, stefnu um heildastæða áhættustýringu, siðareglur og meðferð persónuupplýsinga svo eitthvað sé nefnt. Eigandastefnan ásamt viðauka er aðgengileg á heimasíðu félagsins www.isavia.is.

## Ársreikningar félagsins

Reikningsár Isavia er almanaksárið. Ársreikninga félagsins er hægt að nálgast hjá Ársreikningaskrá sem og á heimasíðu félagsins www.isavia.is.

## Undirnefndir

Á vegum stjórnar starfar tvær undirnefndir, nefndarmenn eru skipaðar af stjórn Isavia ohf.

### Starfskjaranefnd

Stjórn Isavia skipar tvo einstaklinga í starfskjaranefnd sem eiga einnig sæti í stjórn félagsins. Helstu verkefni starfskjaranefndar er að undirbúa árlega drög að starfskjarastefnu sem lögð er fyrir aðalfund félagsins, undirbúa tillögu til aðalfundar um starfskjör stjórnar, undirbúa tillögu til stjórnar um viðmið fyrir laun og önnur starfskjör forstjóra og framkvæmdastjóra dótturfélaga. Starfskjaranefnd hefur eftirlit með því að starfskjarastefnu sé framfylgt og að laun og starfskjör séu í samræmi við lög, reglur og góðar starfsvenjur. Starfsreglur starfskjaranefndar ásamt starfskjarastefnu félagsins er að finna á heimasíðu félagsins.

# Viðauki I Stjórnarháttayfirlýsing

### Endurskoðunarnefnd

Um endurskoðunarnefnd Isavia gildir IX kafli laga nr. 3/2006 um ársreikninga, samanber lög nr. 80/2008. Stjórn félagsins setur starfsreglur nefndarinnar, til frekari fyllingar lögunum. Stjórn Isavia skipar á fyrsta fundi sínum að loknum aðalfundi ár hvert þrjá einstaklinga í endurskoðunarnefnd Isavia. Í henni sitja þrír aðilar, einn óháður félaginu og tveir fulltrúar stjórnar. Aðalhlutverk endurskoðunarnefndar er mat á eftirlitsumhverfi félagsins, greining á virkni innri endurskoðunar, eftirlit með framkvæmd endurskoðunar, gerð tillögu um val á ytri endurskoðanda í samráði við Ríkisendurskoðun skv. 7. gr. laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreiknings, ásamt mati á óhæði endurskoðanda, mat á virkni áhættustefnu, áhættuvilja og áhættustýringu og tryggja fylgni við gildandi lög og reglur. Meðal annarra verkefna nefndarinnar er að yfirfara fjárhagsupplýsingar og fyrirkomulag upplýsingagjafar frá stjórnendum, innri endurskoðun og ytri endurskoðendum og að staðreyna að upplýsingar sem stjórnin fær um rekstur, stöðu og framtíðarhorfur félagsins séu áreiðanlegar og gefi sem gleggsta mynd af stöðu félagsins á hverjum tíma. Hlutverk og starfsreglur er að finna á heimasíðu félagsins.

### Fyrirkomulag samskipta hluthafa og stjórnar

Einn hluthafi, íslenska ríkið, á alla hluti félagsins og fer fjármála- og efnahagsráðherra með hlutinn. Boðun á hluthafafundi er send til tengiliðs í fjármála- og efnahagsráðuneytinu. Hluthafafundir eru meginvettvangur fyrir upplýsingagjöf til hluthafans. Önnur samskipti við hluthafa um málefni félagsins eru í flestum tilfellum að frumkvæði félagsins. Stjórnarformaður og forstjóri hafa átt fundi með ráðherra eða starfsmönnum fjármála- og efnahagsráðuneytisins.
Stjórn og forstjóri félagsins fylgja Almennri eigandastefnu ríkisins fyrir öll félög í eigu ríkisins í störfum sínum. Félagið sendir út fréttatilkynningar sem upplýsa um afkomu félagsins og um önnur atriði í rekstrinum eftir því sem við á.

Stjórnarháttaryfirlýsing var samþykkt á stjórnarfundi Isavia ohf. þann 8. mars 2023.

# Viðauki II Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

## Viðskiptalíkan

Isavia ohf. er opinbert hlutafélag sem annast rekstur, viðhald og uppbyggingu Keflavíkurflugvallar. Dótturfélög þess eru þrjú: Isavia Innanlandsflugvellir ehf. sem annast rekstur áætlunarflugvalla í innanlandsflugi og lendingarstaða á Íslandi, Fríhöfnin ehf. sem annast rekstur fjögurra fríhafnarverslana í Flugstöð Leifs Eiríkssonar og Isavia ANS ehf. sem annast flugleiðsöguþjónustu innanlands og alþjóðaflugs yfir norðanverðu Norður-Atlantshafi. Dótturfélagið Isavia ANS ehf. á tvö dótturfélög sem eru Tern Systems ehf. sem er hugbúnaðarfyrirtæki og Suluk ApS sem er þjónusta flugumferðarstjóra á Grænlandi. Tern Systems ehf. á svo eitt dótturfélag sem er einnig hugbúnaðarfyrirtæki sem er Tern Branch Unverjalandi.

Isavia er þjónustufyrirtæki sem hefur með höndum rekstur og viðhald á innviðum sem leggja grunn að flugsamgöngum Íslands, tengingum við umheiminn og flugi á milli heimsálfa. Starfsemin skiptir þar af leiðandi miklu máli fyrir þjóðarhag. Lögð er áhersla á víðtækt samráð við þá hagaðila sem treysta á þjónustu fyrirtækisins og verða fyrir áhrifum af starfseminni.

Isavia starfar á alþjóðlegum samkeppnismarkaði þar sem samkeppni milli flugvalla er mikil. Markaðsumhverfið hefur tekið miklum breytingum undanfarið og ekki er séð fyrir endann á þeim. Mikil áhersluaukning hefur orðið á sjálfbærni í rekstri flugvalla og Isavia hefur unnið markvisst að því síðustu árin að tryggja sjálfbærni til framtíðar. Samstæðan sér mikil tækifæri í því að samkeppnisforskot Íslands til framtíðar geti snúið að umhverfismálum og sjálfbærni. Stefna samstæðunnar endurspeglar það.

## Stefna

Tilgangur Isavia ohf., móðurfélagsins, er að leiða flugvallarsamfélag sem eykur lífsgæði og velsæld á Íslandi og framtíðarsýnin er að tengja heiminn í gegnum Ísland. Tilgangurinn leggur áherslu á hlutverk Keflavíkurflugvallar sem mikilvægur innviður fyrir íslenskt samfélag og þá ábyrgð sem því fylgir inn í sjálfbæra framtíð. Tilgangurinn og stefnan í heild endurspeglar áherslu félagsins á sjálfbærni og jafnvæginu milli efnahags, umhverfis og samfélags.

Framtíðarsýn Isavia er að tengja heiminn í gegnum Ísland. Hún leggur áherslu á uppbyggingu tengistöðvarinnar og endurspeglar þá þróun sem áætlað er að verði á næstu árum í flugsamgöngum. Til að geta stutt við þróunina þarf að byggja upp innviði flugvallarins. Stefna félagsins miðar að því að skila leiðandi flugvelli sem mun vaxa á sjálfbæran hátt og styðja við velsæld þjóðarinnar. Enda skila þær verulegum efnahagslegum ávinningi fyrir hagkerfið í heild sinni.

## Lykilmælikvarðar

Lykilmælikvarðar Isavia ohf. voru uppfærðir á árinu til að vinna markvisst að árangri stefnunnar. Forstöðufólk félagsins vann tillögur að stefnumælikvörðum sem samþykktar voru af framkvæmdastjórn. Ákveðið var að vinna eftir fimm lykilmælikvörðum árið 2023. Þeir eru:

Markmið 1: Arðsemi eigin fjár verði komin yfir 10% árið 2027. Hún fari úr 1,9% í 3,2% árið 2023.

Markmið 2: Hlutfall ánægðra viðskiptavina verði 85% árið 2027. Hún fari úr 84% í 85% árið 2023 fyrir farþega. Mælingar hefjist á ánægju annarra viðskiptavina.

Markmið 3: Ánægja starfsfólks fari yfir 8 af 10 árið 2027. Hún fari úr að meðaltali 7,5 í 8,0 árið 2023 og haldist þar.

Markmið 4: Kolefnisspor Keflavíkurflugvallar verði komið undir 1.000 tonn CO2 árið 2027. Það fari úr 2.185 tonnum í 1.760 tonn fyrir lok árs 2023.

Markmið 5: Engin alvarleg öryggis-, verndar- eða vinnuverndaratvik verði á Keflavíkurflugvelli árið 2027. Engin alvarleg atvik í öryggis-, verndar- og vinnuverndarmálaflokkum sem rekja má til starfsemi og innviða Isavia á Keflavíkurflugvelli árið 2023.

## Sjálfbærni

Isavia samstæðan er með stefnu í samfélagsábyrgð og hefur stutt UN Global Compact sáttamála Sameinuðu þjóðanna frá árinu 2016. Með því skuldbindur Isavia sig til þess að stefna og starfshættir séu í samræmi við tíu viðmið Sameinuðu þjóðanna um mannréttindi, vinnumál, umhverfismál og aðgerðir gegn spillingu. Isavia styður við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og vinnur markvisst að þeim. Isavia samstæðan er með sjálfbærnistefnu sem segir að félagið hafi sjálfbærni að leiðarljósi í öllu sem það gerir. Stefnan er studd af fimm ára aðgerðaáætlunum sérsniðnum að hverju félagi samstæðunnar sem gilda til loka árs 2026.

Markmið Isavia, mælikvarðar og aðgerðir til að ná árangri í sjálfbærni koma fram í fimm ára aðgerðaáætlun um sjálfbærni sem var skilað inn til Umhverfisstofnunar í lok árs 2021 eins og lög gera ráð fyrir. Við val á markmiðum og úrbótaverkefnum þeim tengdum var horft til eðlis fyrirtækisins og stefnu, ábendinga ytri hagaðila, Heimsmarkmiðanna og áherslna stjórnvalda þeim tengdum og í loftslagsmálum. Um leið var horft til úrbótatækifæra út frá GRI þáttunum, skuldbindingum félagsins við meginreglur UN Global Compact og hvatningaverkefni sem félagið er aðili að. Auk þess sem ACI, alþjóðasamtök flugvalla hafa gefið út leiðbeiningar um sjálfbærnivegferð fyrir flugvelli sem horft var til. Aðgerðaáætlunin var lögð fyrir forstjóra og framkvæmdastjórn til samþykktar og fyrir stjórn til kynningar.

# Viðauki II Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

## Sjálfbærni (framhald)

Unnið var markvisst eftir aðgerðaáætluninni árið 2022 og var aðgerðum fylgt eftir í stefnubókhaldi félagsins. Um 80% árangur náðist í framvindu aðgerða. Rétt tæplega 70% lauk alveg, en aðrar aðgerðir færðust yfir á árið 2023 af eldri aðgerðum enda voru einhverjar aðgerðir settar til meira en eins árs. Alls var lokið við 24 aðgerðir af 36 árið 2022 í þeim fjórum flokkum sem sjálfbærnistefnan nær til. Árið 2023 mun verða unnið að 37 aðgerðum í sjálfbærni. Áherslurnar hafa verið samþykktar af framkvæmdastjórn og kynntar stjórnendum.

## Umhverfismál

Í samræmi við sjálfbærnistefnu félagsins hefur Isavia að leiðarljósi að halda neikvæðum umhverfisáhrifum af starfseminni í lágmarki í sátt og samvinnu við hagaðila með áherslu á loftslagsmál. Keflavíkurflugvöllur er þátttakandi í kolefnisvottunarkerfi á vegum samtaka flugvalla (ACI) sem heitir Airport Carbon Accreditation (ACA) og er með vottað umhverfisstjórnunarkerfi samkvæmt alþjóðastaðlinum ISO14001. Kolefnisspor Isavia hefur verið rýnt og staðfest af ytri aðila, alþjóðlega endurskoðendafyrirtækinu Bureau Veritas. Stuðst var við vottun samkvæmt. ISO 14064-3 og veitt takmörkuð staðfesting (limited assurance).

Eldsneytisnotkun er veigamesti umhverfisþátturinn í starfsemi Isavia. Vel er fylgst með eldsneytisnotkun í starfseminni og unnið að því að draga úr þar sem hægt er. Stærsti hluti notkunarinnar er vegna þjónustu og viðhalds á brautum og athafnasvæðum flugvallanna. Árið 2021 var unnin ítarleg greining á útskiptingu ökutækja á Keflavíkurflugvelli. Í kjölfarið var tekin ákvörðun um að flugvöllurinn yrði kolefnislaus árið 2030 sem þýðir að öll ökutæki í eigu Isavia ohf. verði komin á umhverfisvæna orkugjafa. Isavia kolefnisjafnar starfsemi sína.

## Siðferðisviðmið

Isavia er með siðareglur, sem voru uppfærðar árið 2022. Þær taka til allrar starfsemi félagsins viðburða starfsfólks og ferða vegna vinnu. Þær gilda um starfsfólk, stjórnendur og stjórnir félaganna innan samstæðunnar og eru hluti af ráðningarsamningum þeirra. Siðareglur fyrir birgja Isavia og dótturfélaga eru settar í samræmi við tíu viðmið UN Global Compact. Gerð er krafa til birgja félaganna að þeir uppfylli siðareglurnar sem lágmarks viðmið og að þeir geri sömu kröfu til sinna birgja. Tilkynna ber Isavia ef grunur vaknar um brot á reglunum hjá þeim. Sé þess óskað þurfa birgjar að geta staðfest að þessum siðareglum sé fylgt. Í samningum félagsins er að finna ákvæði um bann við gerviverktöku og ráðningarsamband skal vera meginregla í samskiptum starfsmanna og verksala. Þetta er gert til þess að tryggja að öll launþegagjöld, hverju nafni sem þau nefnast, séu greidd og farið sé eftir ákvæðum kjarasamninga.

## Mannauður

Stefna Isavia í mannauðsmálum er að skapa vinnustað þar sem starfsfólk sýni hvert öðru virðingu og sé heiðarlegt gagnvart sjálfu sér og öðrum. Félagið ætlar að vera í fararbroddi sem vinnustaður þar sem jafnrétti og traust ríkir. Unnið er markvisst að því að tryggja starfsfólki jöfn tækifæri og möguleika á að nýta hæfileika sína í starfi.

Á árinu 2022 voru mannauðs- og jafnréttisstefna félagsins sameinaðar í eina til að sýna að jafnréttismál eru hluti af öllum mannauðstengdum málum hjá félaginu. Samhliða stefnunni var ný aðgerðaráætlun jafnréttismála send til samþykkis Jafnréttisstofu sem vottaði áætlunina til næstu tveggja ára.

Isavia hefur skuldbundið sig til að innleiða, skjalfesta og viðhalda jafnlaunakerfi í samræmi við kröfur jafnlaunastaðalsins ÍST 85 og öðlast jafnlaunavottun í samræmi við lög nr. 150/2000 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. Félagið innleiddi stjórnkerfi jafnlauna árið 2018. Árið 2022 hlaut félagið endurvottun eftir úttekt sem framkvæmd var af BSI á Íslandi. Stjórnkerfi jafnlauna er ætlað að tryggja að allt starfsfólk fái greidd jöfn laun og njóti sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf óháð kyni. Samhliða vottuninni var framkvæmd launagreining sem leiddi í ljós að ekki er til staðar óútskýrður kynbundinn launamunur hjá Isavia.

Isavia er með viðbragðsáætlun vegna eineltis, kynbundinnar- og kynferðislegrar áreitni og ofbeldis (EKKO) í samræmi við lög þar um. Áætlunin nær til allra starfsstöðva Isavia og dótturfélaga og á jafnt við um starfsfólk, stjórnendur og verktaka sem starfa á vegum félagsins eða á vegum annarra þjónustuaðila á starfsstöðvum Isavia. Viðbragðsáætlunin byggir á þeirri stefnu Isavia að einelti, kynferðisleg áreitni, kynbundið áreitni eða annarskonar ofbeldi er ekki undir neinum kringumstæðum liðið. Það er markmið félagsins að uppræta slíka hegðun með fyrirbyggjandi aðgerðum í formi fræðslu og með faglegum verkferlum.

Starfsfólk eða aðrir sem búa yfir upplýsingum um brot á lögum eða aðra ámælisverða háttsemi í starfsemi félagsins ber að tilkynna slíkt. Isavia tryggir ákveðna vernd til handa þeim sem upplýsa um lögbrot eða aðra ámælisverða háttsemi í starfseminni til samræmis við lög nr. 40/2020 um vernd uppljóstrara. Tilkynningar þess efnis er hægt að senda inn í gegnum heimasíðu Isavia.

# Viðauki II  Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

## Áhættustýring

Isavia fylgir formlegu ferli áhættustýringar til að draga fram og stýra fjárhagslegri og ófjárhagslegri áhættu fyrirtækisins. Með ferlinu er leitast við að kortleggja helstu áhættuþætti fyrirtækisins og gera viðeigandi ráðstafanir til að draga úr líkum á óæskilegum atburðum. Unnið er til samræmis við heilstæða áhættustýringu sem byggir á heildarstefnu Isavia. Stjórnendur stýra áhættu félagsins í samræmi við áhættuvilja Isavia sem stjórn setur en áhættuþol, þ.e. mörk ásættanlegra frávika frá markmiðum, eru skilgreind meðal annars í lögum og reglum sem um starfsemina gilda, innlendum og alþjóðlegum skuldbindingum, stefnuskjölum, ferlum, verklagsreglum og handbókum. Nánar er fjallað um áhættustýringu Isavia í stjórnarháttaryfirlýsingu og ársskýrslu félagsins.

## Ársskýrsla

Ársskýrsla Isavia samstæðunnar er gefin út samkvæmt alþjóðlegum staðli Global Reporting Initiative ásamt sérákvæðum þeirra um flugvelli. Í skýrslunni er áherslum, markmiðum, lykilmælikvörðum og árangri Isavia í átt að aukinni sjálfbærni gerð skil. Fjallað er um umhverfis-, samfélagslega- og efnahagslega þætti í ítarlegu máli.  Þá skilar Isavia ársskýrslu félagsins árlega sem framvinduskýrslu til UN Global Compact og Global Reporting Initiative. Skýrslan kemur nú út í sjöunda skipti með þessum hætti.  Skýrslurnar eru vistaðar í skjalakerfi félagsins og birtar á ytri vef undir slóðinni:  https://www.isavia.is/fyrirtaekid/um-isavia/utgefid-efni/arsskyrslur/arsskyrslur.

Isavia — 424 4000 — isavia@isavia.is — isavia.is